

22

Ostrusveppa-ræktun í endurunnum kaffikorgi



28–29

Gómsæt selasteik ásamt Vestfirðingi með selspiki



34

Matreiðslumenn sameinast gegn loftslagsbreytingum

Bændablaðið

21. tölublað 2017 • Fimmtudagur 2. nóvember • Blað nr. 502 • 23. árg. • Upplag 32.000 • Vefur: bbl.is



Arnfríður Friðriksdóttir, bóndi á Hálsi í Dalvíkurbyggð, með Hetju og gimbrinni sem hún ákvað á síðustu stundu að halda. Ærin Hetja bar fjórum lömbum á liðnu vori, einni gimbur og þremur hrútum. Hún annaðist öll lömbin sín fjögur í sumar og vógu þau samanlagt rétt ríflega 200 kíló á fæti í haust.– *Sjá nánar á bls. 26*
Mynd / Margrét Þóra Þórsdóttir

Sauðfjárbændur taka forystu og leggja fram áætlun um mótvægisaðgerðir við losun gróðurhúsalofttegunda:

Stefnt er að fullri kolefnisjöfnun sauðfjárræktar á Íslandi 2022

– Umhverfisráðgjöf Íslands hefur unnið skýrslu og reiknilíkan til að auðvelda bændum að takast á við þetta fjölþætta verkefni

Samkvæmt skýrslu sem Umhverfisráðgjöf Íslands ehf. hefur unnið fyrir Landssamtök sauðfjárbænda er raunhæft að kolefnisjafna íslenska sauðfjárrækt að fullu.

Verkefnið var kynnt á opnum fundi í Bændahöllinni 26. október. Markmiði um fulla kolefnisjöfnun greinarinnar verður náð með samdrætti í losun og mótvægisaðgerðum, s.s. skógrækt, landgræðslu og endurheimt votlendis.

Í samræmi við samþykkt aðalfundar sauðfjárbænda

Svavar Halldórsson, framkvæmdastjóri Icelandic lamb og Markaðsráðs kindakjöts, kynnti verkefnið og sagði að skýrsla Umhverfisráðgjafar Íslands hafi verið unnin fyrir Landssamtök sauðfjárbænda í samræmi við stefnumótun sem samþykkt var á aðalfundi samtakanna 30.–31. mars 2017. Þar segir að stefna skuli að kolefnisjöfnun greinarinnar eins fljótt og kostur er. Hefur nú verið lögð fram aðgerðaráætlun til að ná þessum markmiðum á næstu fimm árum.



Stefán Gíslason, framkvæmdastjóri Umhverfisráðgjafar Íslands ehf., kynnti skýrslu um aðgerðaráætlun sem ætlað er að stuðla að kolefnisjöfnun sauðfjárræktarinnar.
Mynd / HKr.

Undirbúningur á kolefnisjöfnun íslenskrar sauðfjárræktar hófst á vettvangi Landssamtaka sauðfjárbænda árið 2015. Í október 2016 kom út skýrsla sem bar yfirskriftina „Greining á losun gróðurhúsalofttegunda frá íslenskum landbúnaði“ eftir Jón Guðmundsson hjá Landbúnaðarháskóla Íslands. Á stjórnarfundi samtakanna 2. desember 2016 var framkvæmdastjóra falið að vinna að aðgerðaráætlun í samvinnu við utanaðkomandi sérfræðinga og frumtilboð frá Umhverfisráðgjöf Íslands ehf. um kolefnisjöfnun sauðfjárræktarinnar á grundvelli fyrrnefndrar skýrslu.

Stefán Gíslason, framkvæmdastjóri Umhverfisráðgjafar Íslands ehf., kynnti síðan á fundinum í Bændahöllinni skýrslu um þessa vinnu sem ber heitið „Losun gróðurhúsalofttegunda frá sauðfjárbúum á Íslandi og aðgerðir til að draga úr losun.“

Stefnt að fullri kolefnisjöfnun árið 2022

Þar kemur fram að heildarlosun frá íslenskri sauðfjárrækt nemur um 291 þúsund tonni kolefnisígilda (CO_2-ígilda) á ári. Losunin á hvert framleitt kg lambakjöts nemur 28,6 kg kolefnisígilda (CO_2-ígilda). Er nú stefnt að því að fullri kolefnisjöfnun íslenskrar sauðfjárræktar verði náð árið 2022. Einnig er stefnt að því að allt íslenskt lambakjöt og aðrar sauðfjárafurðir verði vottaðar kolefnishlutlausar.

Kolefnisjöfnun íslenskrar sauðfjárræktar er framsækið umhverfisverkefni sem hefur sjálfstætt umhverfis- og loftslagsgildi en getur einnig að hluta eða í heild verið hluti af framlagi Íslands á alþjóðlegum vettvangi. */HKr.*

– *Sjá nánar á bls. 2*

FRÉTTIR

Heildarlosun frá íslenskri sauðfjárrækt er talin vera um 291.400 tonn CO2-ígilda á ári:


Hægt að jafna losunina með margvíslegum mótvægisaðgerðum á fáum árum

– segir m.a. í skýrslu sem Umhverfisráðgjöf Íslands gerði fyrir sauðfjárbændur

Skýrsla sem Umhverfisráðgjöf Íslands ehf. (Environice) hefur unnið fyrir Landssamtök sauðfjárbænda (LS) er í samræmi við stefnumótun samtakanna um að hefja kolefnisjöfnun greinarinnar með skipulegum hætti eins fljótt og auðið er.

Það er mat skýrsluhöfunda að heildarlosun frá íslenskri sauðfjárrækt sé um 291.400 tonn CO2-ígilda á ári. Þetta nemur 28,6 kg CO2-ígilda á hvert framleitt kg lambakjöts. Í lokaorðum skýrslunnar segir m.a.:

„Í því verkefni sem hér um ræðir hefur verið lagt mat á kolefnisspor sauðfjárræktarinnar á Íslandi. Þetta spor hefur farið minnkandi á allra síðustu áratugum, bæði vegna fækkunar sauðfjár og bættra framleiðsluhátta sem stuðlað hafa að auknum afurðum eftir hverja vetrarfóðraða kind. Nú standa því færri vetrarfóðraðar kindur á bak við hvert kg af dilkakjöti en fyrir t.d. 25 árum [...].“




Stefán Gíslason og Birna Sigrún Hallsdóttir hjá Umhverfisráðgjöf Íslands og Unnsteinn Snorri Snorrason, framkvæmdastjóri Landssamtaka sauðfjárbænda, ræða efni skýrslunnar. Mynd / HKr.

Hægt að ná miklum árangri

„Tilteknar breytingar á landnotkun geta skilað gríðarmiklum árangri í að draga úr nettólosun gróðurhúsalofttegunda. Þetta á sérstaklega við um endurheimt votlendis, en samkvæmt varfærnu mati getur hún dregið úr losun sem nemur um 19,5 tonnum CO2-ígilda á hektara á ári. Brýnt er að hefjast þegar handa við þetta aðkallandi verkefni, sem sannarlega er til þess fallið að sporna gegn auknum styrk gróðurhúsalofttegunda í lofthjúpnum, hvað sem opinberu losunarbókhaldi líður.

Mikilvægt er að íslensk stjórnvöld styðji við aðgerðir af þessu tagi, þrátt fyrir þá óvissu sem nú er til staðar um að hvaða marki landnotkunaraðgerðir muni nýtast til að uppfylla alþjóðlegar skuldbindingar Islands [...].“

„Hvernig sem á allt er litið er ljóst að markvissar aðgerðir sauðfjárbænda til kolefnisjöfnunar greinarinnar með því að binda kolefni og draga úr losun gróðurhúsalofttegunda geta skilað miklum árangri, bæði fyrir lofthjúp jarðar og þær kynslóðir sem byggja jörðina, nú og til framtíðar. Þessi viðleitni mun stuðla að því að þjóðir heims nái sameiginlegum heimsmarkmiðum sínum 2030 og er til þess fallin að bæta ímynd greinarinnar og auðvelda sölu afurða til langs tíma litið,“ segir skýrsluhöfundur.

Komið verði á skilvirku kerfi

Lagt er til í skýrslunni að komið verði á skilvirku kerfi þar sem sauðfjárbændur geta tekið að sér kolefnisjöfnun með samdrætti í losun eða bindingu. Landssamtök sauðfjárbænda áætla að kolefnisjöfnun íslenskrar sauðfjárræktar geti hafist 2018 og verið að fullu komin til framkvæmda árið 2022 samkvæmt aðgerðaáætlun. Einnig er stefnt að því að allar afurðir frá íslenskum sauðfjárbændum verði vottaðar sem kolefnishlutlausar.

Íslenskir sauðfjárbændur taka forystu

Með kolefnisjöfnun íslenskrar sauðfjárræktar og aðgerðaráætlun því samfara eru sauðfjárbændur að taka ákveðna forystu og skapa fordæmi í því sem talið er raunhæft að gera til að bregðast við losun gróðurhúsalofttegunda. Þetta er sagt framsækið verkefni sem hafi sjálfstætt umhverfis- og loftslagsgildi. Um leið geti það einnig að hluta eða í heild verið hluti af framlagi Íslands á alþjóðlegum vettvangi. Talið er tillögulega einfalt að yfirfæra sömu aðferðafræði yfir á aðrar búgreinar, eins og nautgriparækt.

Verkefnið um kolefnisjöfnun sauðfjárræktarinnar er unnið í fimm tímasettum þrepum eða áföngum sem sumum er þegar lokið:

1. Undirbúningur hefur þegar farið fram og er lokið.
2. Afmörkun og skilgreiningu verkefnisins er lokið.
3. Nánari útfærsla (2017–2018) sem felst m.a. í skýrslu Umhverfisráðgjafar Íslands.
4. Framkvæmdir eiga að hefjast 2018 og fullri kolefnisjöfnun að vera náð 2022.
5. Sívirk endurskoðun.

Allt veltur þetta þó á að samkomulag náist við stjórnvöld um að fjármagn fáist úr því sem annars yrði veitt á næstu árum í kolefnisgjald til erlendra stofnana. Enda segir í aðgerðaráætluninni að leitað verði eftir sérstökum samningi við stjórnvöld um að kolefnisjöfnun íslenskrar sauðfjárræktar verði hluti af loftslags- og umhverfisstefnu Íslands. Um leið væri verið að minnka losun hér heima og lækka væntanlegt kolefnisgjald Íslands til lengri framtíðar.

Losun gróðurhúsalofttegunda frá landbúnaði

Í skýrslunni segir að landbúnaður sé mikilvæg uppspretta gróðurhúsalofttegunda á heimsvísu og jafnframt hafi loftslagsbreytingar mikil og vaxandi áhrif á greinina. Þegar rætt sé um losun gróðurhúsalofttegunda frá landbúnaði er oftast, nema annað sé tekið fram, miðað við flokkun loftslagssamningsins. Samkvæmt henni fellur losun vegna eftirtalinna þátta undir landbúnað:

- Metangerjun búfjár (metan)
- Meðhöndlun búfjáráburðar (metan og glaðloft)
- Ræktun hrísgrjóna (metan)
- Notkun tilbúins áburðar og búfjáráburðar á ræktarland (glaðloft)
- Sinubrunar á hitabeltissléttum (metan og glaðloft)
- Bruni landbúnaðarleifa á ökrum (metan og glaðloft)
- Notkun annarra áburðarefna (metan og glaðloft)

Losun frá landbúnaði á heimsvísu 10–15% af heildarlosuninni

Losun frá landbúnaði verður einkum vegna búfjár (metan og glaðloft) og vegna dreifingar búfjáráburðar og tilbúins áburðar á tún og akra (glaðloft). Á heimsvísu verður einnig talsverð losun vegna hrísgrjónaframleiðslu (metan). Aðrar uppsprettur eru minni.

Samtals nemur losun vegna þessara þátta landbúnaðar 10–15% af heildarlosuninni á heimsvísu. Þar við bætist losun vegna umhirðu/nýtingar landbúnaðarlands og LULUCF. Þar er um að ræða koldíoxíð, metan og glaðloft vegna röskunar á jarðvegi, svo sem plægingar, en slík röskun stuðlar að losun þess kolefnis sem bundið er í jarðveginum. Auk þess er um að ræða framræslu mýra og eyðingu skóga til að búa til ræktarland. Landbúnaður og LULUCF hafa sérstöðu meðal losunarflokka í losunarútreikningum, þar sem þetta eru ekki einungis uppsprettur heldur einnig „svelgir“, þar sem kolefni getur bundist bæði ofanjarðar í plöntum og neðanjarðar í jarðvegi.

Í landbúnaði á sér enn fremur stað „falin“ losun, sem talin er fram undir öðrum flokkum skv. loftslagssamningnum, m.a. vegna rafmagnsnotkunar, eldsneytisnotkunar (dráttarvélar, flutningar) og framleiðslu aðfanga, s.s. áburðar og plöntuvarnarefna. Mismunandi er eftir framleiðslugreinum og aðstæðum hversu stór hluti heildarlosunar á rætur að rekja til annarra þátta en þeirra sem taldir eru fram undir landbúnaðarflokknum. Í sauðfjárrækt stafar langstærsti hluti losunarinnar frá þeim þáttum sem taldir eru fram undir landbúnaðarflokknum.

Almennt er viðurkennt að erfitt geti verið að draga úr losun á metani og glaðlofti frá landbúnaði. Því gerir tillaga að reglum ESB um skiptingu ábyrgðar ráð fyrir að þau lönd innan ESB þar sem losun frá landbúnaði er hlutfallslega stór hluti af heildarlosun fái aukið svigrúm til að nota aðgerðir á sviði landnotkunar (LULUCF) til að standa við skuldbindingar sínar í sameiginlegu markmiði ESB til 2030.

Kolefnisbinding dregur úr mögulegum mengunarskatti Íslands

Áætlaður árlegur kostnaður við verkefnið verður 314 milljónir króna samkvæmt skýrslunni. Lagt er til að í stað þess að íslensk stjórnvöld greiði milljarða sem einhvers konar refsigjald fyrir mengun til alþjóðlegra stofnana að mæta markmiðum Parísarsamkomulagsins, þá verði stór hluti af þeim áætlaða refsiskatti notaður hér heima að stórum hluta til kolefnisbindingar. Það verði m.a. gert með markvissri skógrækt, endurheimt votlendis og uppgræðslu. Að auki verði reynt að stuðla að því að draga úr notkun jarðefnaeldsneytis og mögulega metangasmengun frá búfé samhliða minni notkun tilbúins áburðar.

Lagt er til að komið verði á skilvirku kerfi þar sem sauðfjárbændur geta tekið að sér kolefnisjöfnun með samdrætti í losun eða bindingu. Þátttaka bænda verður frjáls en greitt verður fyrir hvert samandregið eða bundið tonn. Samkvæmt skýrslunni er hægt að kolefnisjafna sauðfjárræktina að hluta eða að öllu leyti m.a. með eftirfarandi aðferðum:

1. Samdráttur í losun:
- a. Minni notkun á jarðefnaeldsneyti
- b. Minni áburðarnotkun
- c. Bætt meðferð búfjáráburðar

2. Mótvægisaðgerðir:
- a. Skógrækt (6,2 t. CO_2 ígilda pr. ha á ári)
- b. Landgræðsla (2,1 t. CO_2 ígilda pr. ha á ári)
- c. Endurheimt votlendis (19,5 tonn CO2-ígilda pr. ha á ári)

Reiknilíkan sem mælir afleiðingar aðgerða strax

Mjög mikilvægur liður í öllu þessu ferli er að bændur geti mælt ávinninginn strax af tilteknum aðgerðum. Þar hefur Umhverfisráðgjöf Íslands komið upp með afar merkilegt verkfæri sem Stefán Gíslason framkvæmdastjóri fyrirtækisins lýsti á fundinum.

Umhverfisráðgjöf Íslands hefur útbúið reiknilíkan sem gerir sauðfjárbændum kleift að reikna kolefnislosun frá búum sínum og átta sig á loftslagsávinningi mótvægisaðgerða. Gert er ráð fyrir að líkanið verði síðar tengt við rafræn skýrsluhaldskerfi Matvælastofnunar. Stefnt er að því að gera sérstaka þátttökusamninga við bændur og lagt til að Búnaðarstofu MAST verði falin umsjón með verkefninu í samstarfi við Landgræðslu ríkisins, Skógræktina, Landssamtök skógareigenda o.fl. eftir því sem við á.

Samkvæmt könnun hafa nærri 90% íslenskra sauðfjárbænda stundað uppgræðslu á búskaparferli sínum og vilja gera meira af því í framtíðinni. Um 60% vilja rækta skóg. Það er því ljóst að ríkur vilji er meðal bænda til að taka þátt í kolefnisjöfnun. Með framlagi Umhverfisráðgjafar Íslands ehf. er búið að sýna fram á hvernig mögulega væri hægt að framkvæma þetta. /HKr.

Kostnaður við fulla kolefnisjöfnun íslenskrar sauðfjárræktar

Ár	Losun CO_2 í þúsundum tonna	Jöfnun CO_2 í þúsundum tonna	Uppsöfnuð jöfnun CO_2 í þúsundum tonna	Raunlosun CO_2 í þúsundum tonna	Afnot af landi og vinna vegna jöfnunar í þúsundum kr.	Beinn kostnaður vegna jöfnunar í þúsundum kr.	Umsýsla í þúsundum kr.	Samtals í þúsundum kr.
2018	291	58,2	58,2	232,8	145.500	159.009	9.135	313.644
2019	291	58,2	116,4	174,6	145.500	159.009	9.135	313.644
2020	291	58,2	174,6	116,4	145.500	159.009	9.135	313.644
2021	291	58,2	232,8	58,2	145.500	159.009	9.135	313.644
2022	291	58,2	291	0	145.500	159.009	9.135	313.644
Samtals					727.500	795.045	45.676	**1.568.221**

Kostnaður við mótvægisaðgerðir til að ná fram kolefnisjöfnun miðað við tonn kolefnis CO_2 á hektara

	Binding t/ha/ár	Kostnaður kr./ha	Kostnaður kr./t	ha samtals	Binding t/ár	Kostnaður kr.
Landgræðsla	2,1	166.675	79.369	1.500	3.150	250.012.500
Skógrækt	6,2	355.065	57.269	500	3.100	177.532.500
Endurheimt votlendis	19,5	25.000	1.282	14.700	286.650	367.500.000
Samtals				**16.700**	**292.900**	**795.045.000**

Heimild: Umhverfisráðgjöf Íslands



Neyðarkall til þín!

Þessa dagana senda björgunarsveitirnar frá sér Neyðarkall sem þetta árið er vélsleðakappi. Með því að kaupa Neyðarkall tekur þú þátt í uppbyggingarstarfi björgunarsveitanna í landinu og stuðlar um leið að eigin öryggi og annarra.

Taktu vel á móti sjálfboðaliðum björgunarsveitanna og leggðu okkur lið.

Þetta er Neyðarkall til þín.
Stuðningur þinn skiptir öllu máli.

SLYSAVARNAFÉLAGIÐ
LANDSBJÖRG

FRÉTTIR



Mælt er með að hver og einn veiðimaður veiði ekki fleiri en 5–6 fugla.

Fyrirkomulag rjúpnaveiða 2017:

Sami fjöldi veiðidaga en leyft að veiða fleiri fugla

– Veiðimönnum hefur fjölgað

Rjúpnaveiðitímabilið hófst 27. október. Leyfðar eru veiðar í tólf daga, sem skiptast á fjórar helgar til 19. nóvember, á alls 57 þúsund fuglum samkvæmt mati Náttúrufræðistofnunar.

Miðað er við þrjá daga frá föstudegi til sunnudags þessar fjórar helgar.

Ef miðað er við fjölda veiðimanna í fyrra koma 5–6 fuglar í hlut hvers og eins. Það eru 17 þúsund fleiri fuglar en leyft var að veiða í fyrra, en að öðru leyti er sama fyrirkomulag á milli áranna. Rjúpnaveiðimönnum hefur heldur fjölgað.

Sölubann áfram

Í tilkynningu umhverfis- og auðlindaráðuneytis um fyrirkomulag rjúpnaveiða 2017 kemur fram að sölubann sé á rjúpum og er það sama fyrirkomulag og verið hefur á undanförnum árum. Umhverfisstofnun er gert að fylgja sölubanni eftir. Hvatt er til þess að hófsemi sé í fyrirrúmi og miðað sé við að hver og einn veiði ekki fleiri en fimm til sex fugla.

Hvatt til góðrar umgengni

Veiðimenn eru sérstaklega beðnir um að gera hvað þeir geta til að særa ekki fugl umfram það sem þeir veiða sem hægt sé að forðast meðal annars með því að ljúka veiðum áður en rökkvar.

Veiðimenn eru hvattir til góðrar umgengni um landið, en veiðiverndarsvæði er á Suðvesturlandi líkt og undanfarin ár. */smh*

Landssamtök sauðfjárbænda hefja innheimtu félagsgjalda

Fram til 1. janúar 2017 var öllum sauðfjárbændum skylt að greiða búnaðargjald. Það var ákveðið hlutfall af framleiðsluvirði afurða. Hluta af búnaðargjaldinu var ráðstafað til Landssamtaka sauðfjárbænda (LS) og var það helsti tekjustofn þeirra.

Eftir að búnaðargjaldið var fellt niður ákváðu samtökin að innheimt skyldu félagsgjöld og hefst sú innheimta á næstu vikum.

Greiðsluseðill verður sendur til allra þeirra sem eru félagar í einhverju af þeim 19 aðildarfélögum sem mynda landssamtökin.

Kröfur munu um leið birtast í heimabanka. Um leið verður send út nánari kynning og upplýsingar. Aðild að LS er valkvæð en félagsmenn þurfa að uppfylla eftirfarandi skilyrði samkvæmt samþykkt aðalfundar 2017:

- Reka sauðfjárbú á lögbýlum.
- Hafi fulla aðild að einhverju aðildarfélagi samtakanna.
- Þegar bú er rekið sem lögaðili skal félagsaðild bundin við þá einstaklinga sem að búrekstrinum standa.

Félagsgjald vegna ársins 2017 er 17.000 kr. og miðast við eitt bú en felur í sér fulla aðild fyrir tvo einstaklinga. Einungis félagsmenn með fulla aðild teljast fullgildir félagsmenn og hafa kjörgengi og kosningarétt. Aukaaðild er einnig möguleg fyrir þá sem eru 18 ára eða eldri, eru búsettir á Íslandi og styðja markmið samtakanna. Félagsgjald vegna aukaaðildar árið 2017 eru 5.000 kr.

Tilgangur Landssamtaka sauðfjárbænda er að gæta hagsmuna þeirra á eftirfarandi hátt:

- Að beita sér fyrir bættum kjörum sauðfjárbænda á öllum sviðum.
- Að vera málsvari aðildarfélaga og einstakra félagsmanna og koma fram fyrir þeirra hönd.
- Að vinna að sölumálum sauðfjárafurða á innlendum sem erlendum markaði með það að markmiði að auka verðmæti afurðanna.
- Að vinna ötullega að mótun ræktunarstefnu í samvinnu við BÍ, þar með talin þátttaka í Fagráði.
- Að stuðla að umhverfisvernd og skynsamlegri landnýtingu.
- Að skapa tengsl og auka samstöðu framleiðenda til eflingar sauðfjárræktinni.
- Að koma til móts við óskir neytenda um vöruval og vörugæði.

Það er ljóst að tímasetning varðandi innheimtu á félagsgjaldi gæti sennilega ekki verið óheppilegri. Hrun í afkomu greinarinnar gerir öllum erfitt fyrir. Sú staða sem nú er uppi minnir okkur þó á hversu mikilvægt er að vinna sameiginlega að hagsmunum allra sauðfjárbænda og tala máli þeirra styrkum rómi. Það er von stjórnar LS að félagsmenn sýni samstöðu og standi vörð um sitt fagfélag. Það gera þeir best með því að greiða félagsgjöld og taka virkan þátt í félagsstarfinu.

Fyrir hönd stjórnar
Landssamtaka sauðfjárbænda
Unnsteinn Snorri Snorrason*,*
framkvæmdastjóri

Írar, Frakkar og Bretar í sameiginlega herferð um sölu á lambakjöti:

Vilja auka lambakjötsneyslu og tryggja byggð í sauðfjárræktarhéruðum

Á Írlandi, í Frakklandi og í Bretlandi er hafin þriggja ára herferð til að fá ungt fólk á aldrinum 25 til 30 ára til að borða lambakjöt. Samtals verður veitt 10 milljónum evra, eða sem svarar um 1,2 milljörðum íslenskra króna, í verkefnið að því er segir í frétt Global Meat.



Írar, Bretar og Frakkar verja 10 milljónum evra ásamt ESB í sérstaka þriggja ára herferð til að auka sölu á lambakjöti. Mynd / Global Meat

Verkefnið var kynnt 23. október og er rekið af írska matvælaráðinu Bord Bia, Interbev í Frakklandi og Agriculture & Horticulture Development Board í Bretlandi (AHDB). Alls koma 8,3 milljónir evra úr sameiginlegri fjármögnun á vegum ESB og 300 milljónir koma frá Bord Bia á Írlandi og AHDB í Bretlandi.

Noreen Lanigan hjá Bord Bia segir að sem umtalsverðar kindakjötsframleiðsluþjóðir, þá hafi verið ákveðið að taka saman höndum til að auka neyslu á kindakjöti. Er það ekki síst gert til að stöðva samdrátt í lambakjötsneyslu sem þar hefur átt sér stað.

Líka marðmiðið að tryggja byggð í dreifbýlinu

Lanigan er framkvæmdastjóri Bord Bia í Frakklandi, Belgíu og í Lúxemborg. Segir hún að markmiðið sé að auka lambakjötsneyslu ungra neytenda á aldrinum 25 til 35 ára um 10% á þrem árum. Er þetta jafnframt hluti af því markmiði að fá fólk til að meta lambakjöt sem hversdagsfæðu og meta nauðsyn þess að halda uppi byggð í sauðfjárræktarhéruðum viðkomandi landa. Þá er líka ætlun að auka hlutdeild lambakjöts á matseðlum þjóðanna.

Virðist þetta verkefni vera mjög í takt við það sem Markaðsráð kindakjöts á Íslandi og Icelandic lamb hefur verið að vinna að á undanförnum misserum með góðum árangri.

Ætlunin að stórauka sölu lambakjöts

Margvíslegar uppákomur verða samfara þessu markaðsátaki lambakjöts á Írlandi í Frakklandi og í Bretlandi. Nýtt verður stafræn tækni og samfélagsmiðlar til að koma skilaboðum á framfæri sem og stórar auglýsingar utanhúss. Boðið verður upp á margvíslegar matvælakynningar, vinnufundi þar sem sérfræðingar verða fengnir til að fræða fólk um kosti lambakjöts.

Admin Quinney, sem situr í nauta- og lambakjötsráði AHDB, segir að ætlunin sé að hver milljón evra sem sett sé í verkefnið tryggi viðskipti með lambakjöt upp á 10 milljónir evra, eða tífalda upphæðina sem lögð er til. „Þetta eru merkilegar fréttir og mjög mikilvægt verkefni fyrir framleiðendur. Þetta sýnir í verki þann mikla árangur sem hægt er að ná í nánu samstarfi við okkar vini í Evrópu, sama hvað Brexit líður. Þetta er mjög verðmætt samstarf í þeirri viðleitni að kynna hversu heilsusamlegt og næringaríkt lambakjötið er. */Global Meat/HKr.*

Matvælastofnun veitir nýliðastyrki í landbúnaði í fyrsta sinn:

Fimm nýliðar fengu hæstu styrkina

– Hámarksupphæð fyrir hvern og einn níu milljónir króna

Matvælastofnun veitti nýliðunarstyrki í landbúnaði 13. október síðastliðinn. Um nýjan styrkjaflokk er að ræða sem kom inn í búvörusamninga ríkis og bænda sem tóku gildi 1. janúar 2017. Heildarstyrkupphæð til úthlutunar var nálægt 130 milljónum króna og fengu 24 aðilar styrk af þeim 40 sem sóttu um.



Jón Baldur Lorange, framkvæmdastjóri Búnaðarstofu Matvælastofnunar, segir að nýliðunarumsóknir hafi undantekningarlaust verið vel unnar en þeim þurfti til að mynda að fylgja rökstuðningur, rekstrar- og framkvæmdaáætlanir unnar af fagaðila, auk upplýsinga um menntun. „Umsóknirnar undirstrikuðu að mikill hugur er í ungu fólki að hefja búrekstur og nýir búvörusamningar voru hugsaðir til að hvetja ungt fólk til þess. Það virðist hafa tekist þó að ekki hafi tekist að veita öllum umsækjendum stuðning að þessu sinni þar sem fjármunir voru takmarkaðir. Jón Baldur bendir þá á að hægt sé að sækja um nýliðunarstuðning vegna sömu fjárfestingar í allt að þrjú ár svo fremi sem hámarksstuðningi hafi ekki verið náð skv. búvörusamningunum og skilyrði um stuðning séu uppfyllt.“

Gildum umsóknum forgangsraðað

Gildum umsóknum er forgangsraðað í samræmi við stigagjöf og reglur sem Matvælastofnun setti um forgangsröðun. Þeir umsækjendur sem náðu 18 stigum eða meira voru settir í forgangshóp og fengu styrk. Ekki var hægt að veita 12 nýliðum styrk þar sem fjármunir voru ekki nægir. Fjórum umsóknum var hafnað.

Styrkupphæð nýliðunarstyrkja getur hæst orðið níu milljónir fyrir hvern umsækjanda og ekki meira en 20 prósent af fjárfestingu viðkomandi. Fimm nýliðar fengu hæsta styrk. Þeir umsækjendur sem ekki fengu styrk eða hámarksstyrk geta sótt aftur um á næsta ári svo fremi sem þeir uppfylla skilyrði fyrir nýliðunarstuðningi.

Flestar samþykktar umsóknir voru vegna nýliðunar í sauðfjár- og geitfjárrækt, 11 alls. Nýliðar í blönduðum búskap eru sjö, í nautgriparækt þrír og sömuleiðis garðyrkju. Að sögn Jóns Baldurs skiptust þær tæpu 130 milljónir sem voru til úthlutunar í ár þannig, að umsækjendur sem eru að hefja sauðfjár- og geitfjárrækt fengu um 41 prósent af upphæðinni, um 35 prósent til nýliða í blönduðum búskap, um 13 prósent til nýliða í nautgriparækt og loks um 11 prósent til nýliða í garðyrkju.

Markmið og skilyrði nýliðunarstyrkja

Í reglugerð um nýliðunarstyrki kemur fram að markmið stuðningsins sé að aðstoða nýliða við að hefja búskap og auðvelda ættliðaskipti í landbúnaði.

Þar segir einnig að framlög til nýliðunarstuðnings beinist að einstaklingum í eigin nafni eða til lögaðila sem nýliði á að minnsta kosti 25 prósenta hlut í. Skilyrði er að viðkomandi sé á aldrinum 18–40 ára á því ári sem óskað er eftir stuðningi.

Einnig er skilyrt að viðkomandi sé að kaupa búrekstur eða hlut í búrekstri í fyrsta skipti eða hafa leigt eða keypt búrekstur innan þriggja ára frá 1. janúar á umsóknarári, hafi ekki áður hlotið nýliðunarstuðning né nýliðunarstuðning í mjólkurframleiðslu eða bústofnskaupastyrki til frumbýlinga í sauðfjárrækt samkvæmt þágildandi reglum árin 2014–2016.

Styrkir veittir árlega

Matvælastofnun auglýsir nýliðunarstuðning á hverju ári. Umsóknum skal skila inn í rafrænt umsóknarkerfi Matvælastofnunar, eigi síðar en 1. maí ár hvert. Umsóknarfrestur var lengdur tvisvar sinnum í fyrra og var á endanum 24. júní 2017. Ekki er gert ráð fyrir að þessi frestur verði framlengdur á næsta ári.

Matvælastofnun er heimilt að krefjast endurgreiðslu nýliðunarstuðnings ef í ljós kemur að umsækjandi hefur veitt rangar eða villandi upplýsingar eða leynt upplýsingum sem áhrif höfðu á veitingu stuðnings. Hafi nýliði hætt búrekstri innan fimm ára frá því að nýliðunarstuðningur var síðast veittur er Matvælastofnun heimilt að krefjast endurgreiðslu á greiddum stuðningi, að hluta til eða í heild sinni, ásamt kostnaði við innheimtu. */smh*



Stiglaus þægindi!

DEUTZ-FAHR 5130 TTV er vél sem slegið hefur í gegn hjá okkur. 5130 TTV er 127 hestafla dráttarvél með stiglausri skiptingu. Hún er búin rúmgóðu og fjaðrandi ökumannshúsi, 50 km/klst hámarkshraða og fjaðrandi framhásingu.

Helsti búnaður:

3,6 L DEUTZ mótor með forþjöppu og millikæli.	5 tvöföld vökvaúrtök að aftan.
127 hö, 480 Nm.	3 aflúrtakshraðar, 540/540E/1000.
Stiglaus gírkassi, engir gírar.	Útskjótanlegur dráttarkrókur.
Kúplingsfrír vendigír með stillanlegu átaki.	Bremsur á framhásingu og vökvavagnbremsur.
2 föld stýrisdæla, hægt að helminga snúninga á stýri.	Flotmikil dekk: 540/65R24 að framan og 600/65R34 að aftan.
90 l/mín vökvadæla og Power Beyond load sensing tengi.	Rúmgott ökumannshús með loftpúðasæti og farþegasæti.
Stop & go (túrbó kúpling) - Hægt að hemla án þess að kúpla.	Öflug miðstöð með loftkælingu og topplúga.
Stoll FZ20 samlit ámoksturstæki með 3. sviði, dempara og skóflu.	

Verð á DEUTZ-FAHR 5130 TTV
með ámoksturstækjum og frambúnaði : **Kr. 11.950.000,-**
án VSK

(Verð án frambúnaðar Kr. 11.350.000,- án VSK)

Allt verð er tilgreint án virðisaukaskatts og miðast við gengi á Evru = 125 IKR.

ÞÓR HF

REYKJAVÍK:
Krókháls 16
Sími 568-1500

AKUREYRI:
Lónsbakka
Sími 568-1555

Vefsíða og
netverslun:
www.thor.is

Bændablaðið
– Málgagn bænda og landsbyggðar –

Bændablaðið kemur út 24 sinnum á ári. Því **er dreift ókeypis á yfir 400 stöðum á landinu og á öll lögbýli landsins.**
Lesendur geta einnig gerst áskrifendur að blaðinu og fengið það sent heim í pósti gegn greiðslu. Árgangurinn kostar þá kr. 10.200 með vsk. (innheimt í tvennu lagi). Ársáskrift fyrir eldri borgarar kostar 5.100 með vsk.

Heimilisfang: Bændablaðið, Bændahöll við Hagatorg, 107 Reykjavík.
Sími: 563 0300 – **Fax:** 562 3058 – Kt: 631294–2279
Bændablaðið er í eigu Bændasamtaka Íslands.

Ritstjóri: Hörður Kristjánsson (ábm.) hk@bondi.is – **Sími:** 563 0339 – **Rekstur og markaðsmál:** Tjörvi Bjarnason tjorvi@bondi.is – **Blaðamenn:** Margrét Þ. Þórsdóttir mth@bondi.is – Sigurður Már Harðarson smh@bondi.is – Vilmundur Hansen vilmundur@bondi.is – **Auglýsingastjóri:** Guðrún Hulda Pálsdóttir ghp@bondi.is – **Sími:** 563 0303 – **Netfang auglýsinga:** augl@bondi.is – **Vefur blaðsins:** www.bbl.is – **Netfang blaðsins:** (fréttir og annað efni) er bbl@bondi.is
Frágangur fyrir prentun: Anna Kristín Ólafsdóttir – Prentun: Landsprent ehf. – Upplag: sjá forsíðu – Dreifing: Landsprent og Íslandspóstur. ISSN 1025-5621

SKOÐUN

Umhugsunarvert

Verður gert allt fyrir alla eftir þessar kosningar, eða er búið að byggja upp slíkar væntingar meðal kjósenda að útilokað sé að standa við þær? Það er spurningin sem enginn getur trúlega svarað nema ný ríkisstjórn.

Það má segja að væntanleg ríkisstjórn fái upp í hendurnar mikil tækifæri til umbóta í þjóðfélaginu. Fjárhagsstaða ríkissjóðs er með ágætum þótt skuldir séu enn miklar og ætti því að vera í lófa lagið að efna í það minnsta hluta af þeim væntingum sem frambjóðendur lögðu á borð fyrir kjósendur.

Mönnum hefur verið nokkuð tíðrætt um bankana og tækifærið til að draga út úr þeim eitthvað af reiknuðum hagnaði til hagsbóta fyrir samfélagið. Vissulega á sá málflutningur fyllilega rétt á sér, því gríðarlegur hagnaður bankanna frá hruni er hvergi tekinn annars staðar en úr vösum almennings og fyrirtækja í landinu. Stór hluti hagnaðar bankanna eru tilbúnar tölur sem reiknaðar eru sem afrakstur af útlánum á rafkrónum inn í langa framtíð. Með öðrum orðum, þeir eru að búa til peninga úr engu, en myntútgáfa á þó samkvæmt lögum ekki að vera neinum öðrum heimil en Seðlabanka Íslands. Gróði bankanna er því kannski ekki alveg á eins öflugum grunni reistur og margir vilja vera láta. Það getur nefnilega vel verið að innheimtuvæntingarnar lendi uppi á skeri ef efnahagsumhverfið breytist til verri vegar í framtíðinni. Væntanlega hafa þeir samt oftast verð í fasteignum á móti, en reynslan hefur ítrekað sýnt að þau verð standa ekki alltaf undir fínu tölunum í bókhaldinu.

Hvaða álit sem menn kunna að hafa á tilkomu gróða bankanna, þá er það hins vegar staðreynd að þeir hafa sýnt gríðarlegan hagnað frá því þeir voru endurreistir eftir hrun. Ríkissjóður kostaði þar töluverðu til og því ekki nema sjálfsagt að reynt verði að ná eins miklu út úr þessum stofnunum í þágu þjóðarinnar og mögulegt er. Kannski ekki seinna vænna, því nú berast tíðindi af væntanlegri upptöku ESB-reglugerðar á næsta ári. Henni er ætlað að setja bönkum mun strangari leikreglur hvað varðar innheimtu alls konar kostnaðar sem farið hefur algerlega úr böndum eftir hrun.

Fleiri pósta mætti taka til þegar væntanleg ríkisstjórn þarf að skoða hvar eigi að fá aukna fjármuni í innviðauppbyggingu í samgöngu- og heilbrigðis- og öldrunarmálum. Það dylst engum að þar hefur ríkisvaldið verið að reyna að festa lífeyrissjóðina sem veigamikinn þátttakanda í ríkisrekstrinum. Það hefur verið gert með því að skerða bætur almannatrygginga á móti áunnum rétti vinnandi fólks í söfnun lífeyris.

Sá pakki er að fara í 15,5% af tekjum sem er engin smá upphæð. Með þessari hugsun er það sannarlega engin tíund sem launþegar þurfa að greiða í ríkisreksturinn af sínum launum. Fyrir er lagt á alla launþega að greiða að frádregnum persónuafslætti frá 36,94% til 46,24%. Ef ríkið hreinsar svo út ávinninginn af söfnun launþega í lífeyrissjóði að stórum hluta, þá er verið að tala um raunverulega skattheimtu sem nemur á milli 52 til ríflega 62% af launum. Trúlega gerist skattheimtan vart svakalegri á byggðu bóli og síðan koma óbeinu skattarnir.

Það er því eðlilegt að margir launþegar spyrji sig til hvers sé verið að neyða þá með lögum til að greiða í lífeyrissjóði í þeirra eigu þvert á stjórnarskrárlegan rétt þegnanna til félagafrelsis. Væri ekki nær að menn hættu þessum tvískinnungi og innheimtu einfaldlega beinan skatt í staðinn? Sumir segja að hann þyrfti ekki að vera meiri en 7–8% til að sama fengist út úr honum og lífeyrissjóðakerfið gefur í dag. Eftir stæðu launþegar þá með 7–8% meira í launaumslaginu. */HKr.*

Ný áhöfn



Sindri Sigurgeirsson
formaður Bændasamtaka Íslands
sindri@bondi.is



Kosningar eru afstaðnar og skiluðu ekki mjög afgerandi niðurstöðu um hver kjósendur vilji að sé leiðandi við stjórn landsins á næsta kjörtímabili. Nýkjörnir þingmenn standa því frammi fyrir erfiðu verkefni við að ná saman um áherslur fyrir samfélag okkar á næstu árum.

Margir hafa samt haft á orði að þeim sé ljós sú ábyrgð að vinna og tala meira saman. Svo sannarlega skal tekið undir vonir um að það takist fljótt og vel. Um leið er öllum ný- og endurkjörnum þingmönnum óskað velfarnaðar í starfi og þeim sem hverfa af þingi er sömuleiðis óskað alls hins besta við ný verkefni.

Stöðugleiki og fyrirsjáanleiki er nauðsynlegur

Óvissa er aldrei góð í neinum rekstri og ekki síst í landbúnaðinum þar sem framleiðsluferlar eru lengri en í flestum öðrum atvinnugreinum. Stöðugleiki og fyrirsjáanleiki er landbúnaðinum gríðarlega nauðsynlegur, ef vel á að vera. Það gildir auðvitað líka um aðra atvinnustarfsemi, en þegar um er að ræða ræktun lifandi dýra og hagnýtingu náttúrugæða þá hefur það meiri þýðingu en í mörgum öðrum greinum.

Þegar slitnar upp úr stjórnarsamstarfi, eins og gerðist nú í haust, þá fara mjög mörg verkefni í bið. Ríkisstjórn og Alþingi sem er að hverfa frá geta litlu komið til leiðar. Jafnvel verkefni sem allir eru sammála um stöðvast líka. Fæstir vilja taka ákvarðanir undir þeim kringumstæðum. Síðan þegar kosningum lýkur þá taka við stjórnarmyndunarviðræður sem tóku rúma tvo mánuði í fyrra, en vonandi styttri tíma nú. Meðan á þeim stendur gerist líka fátt. En svo þegar ríkisstjórn hefur verið mynduð og ráðherrar sestir í stóla sína þá þurfa þeir líka tíma til að setja sig inn í þá málaflokka sem þeim er treyst fyrir. Það getur liðið þó nokkur tími þar til að tími ákvarðana rennur upp og þá eru kannski liðnir nokkuð margir aðgerðalausir eða aðgerðalitlir mánuðir. Þess vegna er ekki sérlega skynsamlegt að kjósa á hverju hausti þó að ýmsir telji það kannski prýðilegt.

Vandi bænda eykst meðan beðið er

Þessar kosningar komu illa niður á vanda sauðfjárbænda í haust. Engar aðgerðir náðu fram þeim til hjálpar fyrir sláturtíðina og útilokað má telja að neitt nýtt gerist áður en henni lýkur endanlega í næstu viku. Það verður hins vegar að verða eitt af fyrstu verkefnum nýrrar stjórnar að taka þessi mál til meðferðar og komast fljótt að niðurstöðu. Vandinn hefur svo sannarlega ekki farið neitt meðan á þessari biðstöðu stóð, heldur orðið stærri.

Þessa dagana eru sauðfjárbændur einmitt að berjast við að standa við skuldbindingar sínar. Eins og kom fram í viðræðum við fráfarandi stjórn og opinberlega fyrr á árinu þá eru yfirleitt stór útgjöld á gjalddaga á þessum árstíma, enda fást afurðatekjurnar greiddar þá. Nú duga þær ekki til, hvað þá að neitt sé afgangs. Þetta er að gerast núna.

Mörg framboð töluðu vel til landbúnaðarins í aðdraganda kosninganna eins og fram kom í svörum þeirra við spurningum Bændablaðsins sem birtust í síðasta blaði og á bbl.is. Ástæða er til þess að hvetja lesendur til að halda þeim svörum til haga við þá flokka sem setjast munu í ríkisstjórn, eftir því sem kjörtímabilinu vindur fram. Það munu Bændasamtökin gera.

Sjónarmiða landbúnaðarins gæti í nýjum stjórnarsáttmála

Bændur vænta þess að þeirra sjónarmiða sem þar komu fram gæti í stjórnarsáttmála nýrrar ríkisstjórnar, hverjir sem hana munu skipa að lokum. Það bíður svo líka ríkisstjórnarinnar að annast endurskoðun búvörusamninga árið 2019 fyrir hönd ríkisins. Áherslur ríkisins við þá endurskoðun hljóta eðlilega að byggja á því sem fram kom í áðurnefndum svörum og það skal endurtekið sem fram kom í síðasta blaði að þær áherslur þurfa enn fremur að byggja á heildarhagsmunum, ekki tilviljana- og yfirborðskenndum inngripum. Við þurfum stöðugleika og við þurfum framtíðarsýn. Bændur eru sannarlega tilbúnir til samtals um þau markmið við nýja ríkisstjórn þegar hún tekur til starfa.

ÍSLAND ER LAND ÞITT



Hjalteyri er smábyggð norðan við Akureyri á Galmaströnd í Eyjafirði. Galmaströnd er talin ná frá Hörgárósum í suðri að eyðibýlinu Hillum í norðri og er kennd við landnámsmanninn Galma. Norðmenn hófu síldarsöltun á Hjalteyri um 1880, Svíar, Þjóðverjar og Skotar bættust í hópinn og upp byggðist sjávarpláss með mörgum þorsk- og síldveiðiskipum. Þegar fyrri heimsstyrjöldin braust út 1914 hurfu útlendingarnir á brott og Thor Jensen athafnamaður, sem tekið hafði Hjalteyri á leigu ári áður, byggði upp síldarvinnslu. Árið 1937 var byggð stór síldarverksmiðja við Hjalteyri, jafnvel sú stærsta í Evrópu samkvæmt sumum heimildum. Eftir því sem leið á 20. öldina dró úr umsvifum Thorsaranna og eftir að síldarbresturinn varð á sjöunda áratugnum var síldarverksmiðjunni lokað 1966. Mynd / Hörður Kristjánsson

LÍF & STARF



Torfi Gunnarsson byggingarstjóri segir breytingum á Súlnasal miða vel þótt enn sé mikið verk óunnið. Unnið var á öllum vígstöðvum og málarar mættir á svæðið þegar þessar myndir voru teknar á mánudag. Myndir / HKr.

Miklar endurbætur fara nú fram á Hótel Sögu:

Súlnasalur í nýjan búning

– Stefnt að opnun á sal, glænýju eldhúsi og veitingaaðstöðu með stórveislu 16. nóvember

Miklar endurbætur fara nú fram á húsakynnum Hótel Sögu og nú er unnið að algerri endurnýjun hins sögufræga Súlnasalar.

Í sumar var ráðist í að hreinsa allt innan úr salnum ásamt eldhúsi sem þar var á bakvið. Síðan hafa iðnaðarmenn verið önnum kafnir við að innrétta að nýju. Búið er að skipta um alla glugga, skipta um loftræstingar og allar lagnir. Þá verður byggt upp nýtt og fullkomið eldhús, enda mun salurinn fá að hluta nýtt hlutverk sem morgunverðarstaður hótelgesta. Þrátt fyrir það verður áfram hægt að nýta salinn undir viðburði af ýmsum toga eins og jólahlaðborð.

Þótt enn séu mörg handtök eftir er ætlunin að opna Súlnasalinn að nýju fimmtudaginn 16. nóvember næstkomandi.

Fyrir utan þetta er hafin vinna við að breyta inngangi á fyrstu hæð ásamt móttöku og veitingaaðstöðu fyrir gesti hótelsins þar sem Mímisbar er nú. Barinn verður þó áfram þótt umhverfi hans muni breytast verulega. Ráðgert er að þessum breytingum ljúki á vordögum næsta árs. */HKr.*



Þessir hressu kappar voru að ljúka við að klæða loftstokk í nýju eldhúsi með steinullareinangrun áður en honum er komið fyrir upp undir lofti.











MÆLT AF MUNNI FRAM

189

Það finnst mér gegn og góður siður að þakka fólki það sem vel er gert og meint. Þannig fórust mér orð í síðasta vísnaþætti, er ég færði opinberlega **Birni Ingólfssyni** á Grenivík mínar bestu þakkir fyrir Þingvísnabókina er hann færði mér til gjafar. Til að hnykkja frekar á þakklæti mínu, þá bætti ég því við, að mér fyndist Björn ekki bara afbragðs hagyrðingur, heldur einnig líka „góður maður“. Ekki óraði mig fyrir því, að þessi persónulega skoðun mín á Birni yrði til þess að vekja með honum slíkt oflæti sem næsta vísa hans ber vitni um:

Ánægju minni ég ekki fæ leynt,
yfir mig sæll og glaður.
Á endanum komið er alveg á hreint
að ég er góður maður.

Petra kona mín leitaði um svipað leyti til Björns vegna úrlausnar á einhverju verkefni. **Björn** leysti vanda hennar greiðlega, og þakkaði hún honum fyrir vinsemd hans og visku. Viðbrögð **Björns** urðu á sama veg og að ofan greinir:

Það er ekkert árans blaður
að upphefð mín er stór og skjót;
orðinn gegn og góður maður
og gáfaður í þokkabót.

Björn hlýtur að jafna sig með tímanum. Í nýlegu bréfkorni frá **Gunnari Veltan** eru þó nokkrar vísur um ástandið í pólitíkinni þessi dægrin. Þær vísur fá ekki rúm hér, en vinsamleg eftirmæli um **Höskuld Einarsson** frá Vatnshorni verða aldrei of oft kveðin:

Djarfur bóndi duglegur,
dvínaði aldrei móður,
í Vatnshorni Höskuldur
hagyrðingur góður.

Fyrst farið er að fjalla um gengi bænda, þá er vel við hæfi að birta hér nýort ljóð eftir **Davíð Hjálmar Haraldsson**. Þar er fjallað ítarlega um stöðuna á kjötmarkaði og þann birgðavanda sem afurðastöðvum hefur ekki tekist að greina til fulls.

Við greiningu vandans leitar Davíð traustra heimilda vítt og breitt sem gerir framsetningu hans afar trúverðuga. Ljóðið nefnir Davíð, Birgðavandi:

Til sveita eru sauðakrof í stöflum
samkvæmt hag- og birgðastöðutöflum
og vinnslustöðvar verð á keti lækka.
Voðinn nálgast; bændunum mun fækka

því nú er haust og veturinn í vændum.
En vandinn hefur ýtt við sumum bændum
sem finna út hvað annað megi gera
en uppgefast á hokrinu- og skera.

Á Baldursheimi buðu þau til veislu
bræðrum sínum, þekktum fyrir neyslu.
Þótt gamlir væru gestirnir og slappir
þeir gátu étið hundrað sviðalappir

og þrettán slög við þetta tækifæri
og þrjátíu og átta grilluð læri
en rifjasteik og hrygg og báða bóga
af Bíldu sem var hölt og varð að lóga

og hrút sem þeir í heilu lagi átu
og hakkað í sig pressuð svið þeir gátu
og heilastöppu, hjörtun öll og þindir
úr hjörð af gemlingum sem urðu blindir.

Þeir virtust hafa góða lyst á lungum
og luku við á sjötta tug af pungum
og tólf kíló af tittlingum af hrútum
í tommu löngum, niðurskornum bútum

og fimmtíu og fjóra bringukolla
sem féllu til við heimaslátrun rolla.
Allan matinn átu þeir með hraði
og efirréttinn; saltketsgúmmilaði.

Djarfar fyrir dagsbirtu í sveitum,
í draumi hóa bændurnir í leitum.
Senn mun hverfa sauðaket í stöflum
samkvæmt hag- og birgðastöðutöflum.

Svo hljóðar þessi magnaða skýrsla Davíðs.

Umsjón:
Árni Geirhjörtur Jónsson
kotabyggð1@gmail.com

FRÉTTIR

Samstarfssamningur undirritaður um uppsetningu á hleðslustöðvum til sveita:

Bændur bjóða rafbílanotendum upp á hleðslu í hlaði

Á nýliðinni uppskeruhátíð Félags ferðaþjónustubænda, sem haldin var á Smyrlabjörgum í Hornafirði fyrr í vikunni, var verkefninu „Hleðsla í hlaði“ formlega hleypt af stokkunum. Markmið þess er að hvetja bændur til þess að setja upp hleðslustöðvar fyrir rafbíla á sínum búum og ýta þannig undir umhverfisvænni samgöngumáta. Áætlað er að fyrstu hleðslustöðvarnar verði teknar í gagnið á næstu mánuðum hjá nokkrum ferðaþjónustubændum.

Undirbúningshópur á vegum Hey Iceland, Bændasamtakanna og Orkuseturs hefur unnið að verkefninu frá því í vor og nú þegar eru rúmlega 20 bændur og rekstraraðilar í ferðaþjónustu sem hafa sýnt áhuga á að setja upp hleðslustöð. Málið hefur meðal annars verið kynnt í Bændablaðinu og í beinum samskiptum við hóp ferðaþjónustubænda og fleiri aðila. Í haust bárust tilboð frá fyrirtækjum sem sérhæfa sig í uppsetningu og rekstri rafhleðslustöðva en gengið var til samninga við fyrirtækið Hleðslu ehf. sem hefur meðal annars annast uppsetningu á hleðslustöðvum við verslunina IKEA í Garðabæ.



Samstarfssamningur á milli BÍ, Hey Iceland, Orkuseturs og Hleðslu ehf. um átak í uppsetningu á hleðslustöðvum til sveita var að sjálfsögðu undirritaður á húddi rafbíls. Frá vinstri: Tjörvi Bjarnason frá BÍ, Ólafur Davíð Guðmundsson frá Hleðslu ehf. og Berglind Viktorsdóttir hjá Hey Iceland. *Mynd / Hafliði Halldórsson*

Bændur geta haft tekjur af rafmagnssölu

Fjallað var um rafbílavæðinguna og tækifærin sem liggja í uppsetningu hleðslustöðva fyrir bændur á uppskeruhátíðinni. Ólafur Davíð Guðmundsson, framkvæmdastjóri Hleðslu ehf., hélt erindi um kosti sem væru í boði og þá möguleika sem bændur hafa til þess að selja þjónustuna. Í máli hans kom fram að bændur séu sérlega heppilegur hópur til að sinna þessari þjónustu. Þróunin sé þannig að rafbílaeigendur hlaða bílana sína heima hjá sér á nóttunni og þess vegna sé minni áhersla á uppsetningu hleðslustöðva í borgum og bæjum. Hins vegar sé brýnt að byggja upp gott net hleðslustöðva í dreifbýli og þar séu fáir betri en bændur til að sinna þjónustunni.

„Það eru ýmsir möguleikar í boði, bæði litlar hleðslustöðvar sem kosta ríflega 100 þúsund krónur og upp í stöðvar sem kosta um 450 þúsund krónur auk virðisaukaskatts. Hraðhleðslustöðvar eru dýrari en þær kosta á bilinu 1,5–2,4 milljónir króna auk vsk. Ýmsar greiðslulausnir eru fyrir hendi en seljandinn getur ákveðið hvort hann selur þjónustuna beint, í gegnum greiðslumiðlun eða hreinlega leyfir viðskiptavinum sínum að hlaða án endurgjalds,“ segir Ólafur Davíð.

Nú eru um 1.500 rafbílar í landinu og þeim fer ört fjölgandi að sögn forsvarsmanna bílaumboða.

Jafn sjálfsagt og þráðlaust net

Tjörvi Bjarnason, sviðsstjóri hjá Bændasamtökunum, tók þátt í starfi undirbúningshópsins. Hann segir að því sé spáð að rafhleðslustöðvar verði jafn sjálfsögð þjónusta í ferðaþjónustu og þráðlaust net er í dag.

„Það er mikilvægt að bændur grípi tækifærið og láti til sín taka í rafbílavæðingunni. Með þessu leggjum við okkar af mörkum gagnvart umhverfinu, auk þess sem bændur geta haft af þessu tekjur. Það er líka mikilvægt fyrir byggðirnar að bjóða upp á hleðslu fyrir rafbílaeigendur og ferðamenn því með því móti eru þeir viljugri að ferðast um sveitirnar. Þétt net hleðslustöðva er grundvöllur þess að bílaleigur breyti sínum bílaflota og meðal annars þess vegna hvetjum við fleiri bændur til þess að stökkva á vagninn. Þetta er stórt umhverfismál og hefur sitt að segja við að minnka útblástur gróðurhúsalofttegunda,“ segir Tjörvi.

Vilja fleiri bændur til samstarfs

Í samstarfssamningi sem gerður var við Hleðslu ehf. kemur fram að fyrirtækið sér um sölu og uppsetningu á hleðslulausnunum auk þess að veita bændum ráðgjöf. Samstarfshópur BÍ, Orkuseturs og Hey Iceland mun hins vegar halda utan um tengslanet bændanna sem taka þátt og vinna að markaðssetningu þjónustunnar.

Þeir sem hafa hug á því að kynna sér frekar möguleikana við uppsetningu hleðslustöðva fyrir rafbíla geta haft samband í netfangið berglind@heyiceland.is og skoðað vef Hleðslu ehf. sem er með slóðina www.hlada.is

Gæðamál, sala þjónustu á erlendum bókunarvélum og nýliðun til umræðu á uppskeruhátíð Félags ferðaþjónustubænda:

Hey Iceland-vörumerkið er eins árs

Harðari samkeppni og aukin sala í gegnum erlendar bókunarsíður er veruleiki sem ferðaþjónustubændur búa við. Áhersla á gæði og aukna þjónustu er það sem mun fleyta bændum áfram í samkeppninni að mati Sævars Skaptasonar, framkvæmdastjóra Hey Iceland, sem heldur um þessar mundir upp á eins árs afmæli nýja vörumerkisins sem tók við af Ferðaþjónustu bænda og Icelandic Farm Holidays.

Sævar hélt erindi á uppskeruhátíð Félags ferðaþjónustubænda þar sem hann fór yfir helstu áskoranir og tækifæri sem liggja í greininni um þessar mundir. Miklar breytingar hafa orðið á síðustu árum en félagar í Hey Iceland eru nú 176 talsins. Í máli Sævars kom fram að gífurleg fjölgun hefur verið í hópi ferðaskrifstofa og ferðaskipuleggjenda á síðustu misserum.

„Mikil og hörð samkeppni er við erlenda aðila en til að mynda er talið að AirBnB velti 4–6 milljörðum á Íslandi,“ sagði hann. Sævar sagði að ekki dygði að setja lappirnar upp í sófa og gefast upp heldur yrði að grípa tækifærin sem væru fjölmörg að hans mati.

„Það er margt í gangi. Við á skrifstofunni höfum spýtt í lófana, sett okkur sóknaráætlun og unnið eftir henni. Við höfum bætt tæknina og eytt umtalsverðum fjármunum í endurnýjun á sölu- og bókunarhugbúnaði. Sóknarfærin felast í því að bæta og auka þjónustu við viðskiptavininn,“ sagði Sævar.


Hann sagði að margt hefði breyst í ferðaþjónustu bænda og nýjar vörur spryttu fram. Þjónustan hefði þróast frá því að selja eingöngu gistingu í að selja samsetta þjónustu, s.s. bílaleigupakka (bíll, gisting og afþreying). Sýnileiki og framboð á afþreyingu hjá bændum væri líka vaxandi sem væri fagnaðarefni. Sævar sagðist telja að í framtíðinni þyrftu menn að ákveða hverjir hefðu aðgang að gistirýminu þegar upp er staðið og spurði hvort láta ætti erlendum bókunarþjónustum um að selja gistirýmið eða halda viðskiptunum hér heima. Hann sagði sambúð ferðaskrifstofu og gistiaðila þurfa að þjóna hagsmunum beggja en það væru mikil tækifæri í vöruþróun og gæðamálum. Sævar hvatti ferðaþjónustubændur að taka ákveðin skref inn í Vakann, sem er gæðakerfið sem Hey Iceland hefur tekið upp.



Björgvin Jóhannesson í Höfðabrekku, formaður Félags ferðaþjónustubænda, og Sölvi Arnarsson í Efstadal, sem situr í stjórn félagsins. *Myndir / TB*



Sigurlaug Gissurardóttir, fyrrverandi formaður Félags ferðaþjónustubænda, var heiðruð á uppskeruhátíðinni og þökkuð vel unnin störf. Hér er hún að skera afmælistertusneið fyrir Bryndísi Pjetursdóttur, markaðsstjóra Hey Iceland.



Sævar Skaptason.

Gengisáhættan veruleg

Velta Hey Iceland var rúmlega 2,2 milljarðar í fyrra en Bændaferðir, sem er utanlandsdeild skrifstofunnar, er um 1/3 af rekstrinum. Að sögn framkvæmdastjórans gegna Bændaferðir mikilvægu hlutverki í því að minnka gengisáhættu sem er veruleg og hefur valdið aðilum í ferðaþjónustu hérlendis miklum erfiðleikum upp á síðkastið.

„Fjársjóður okkar samstarfs er bændurnir og þær vörur sem hópurinn hefur fram að færa,“ sagði Sævar að lokum í sínu erindi um leið og hann fagnaði sérstaklega nýju fólki og nýrri kynslóð í ferðaþjónustunni.



Hjónin Hulda E. Daníelsdóttir og Gunnlaugur Jónasson á Gistihúsinu Egilsstöðum eru nýjustu þátttakendur í hópi Hey Iceland í gæðakerfi Vakans. Þau fengu staðfestingu þess efnis afhenta á uppskeruhátíð Hey Iceland.



FJÓSA-INNRÉTTINGAR

BYKO býður innréttingar í fjós og önnur gripahús í samstarfi við hollenska fyrirtækið Spinder. Í meira en 40 ár hefur Spinder verið leiðandi fyrirtæki í hönnun og framleiðslu á fjósainnréttingum. Allar vörur eru hannaðar og prófaðar með ströngustu gæðakröfur í huga og miða að velferð bæði dýra og manna.

Áralöng reynsla Spinder hefur leitt af sér inn-réttingakerfi sem auðvelt er að aðlaga að nánast öllum þörfum nútíma fjósa. Leitaðu tilboða og berðu saman verð og gæði.

BURÐARSTÍUR - BRYNNINGARKERFI
BÁSAINNRÉTTINGAR

GÓLF Í GRIPAHÚS

Swaansbeton hefur í meira en hálfa öld framleitt gólflausnir fyrir allar gerðir gripahúsa.
Gólfin frá Swaansbeton eru framleidd í nútímalegum verksmiðjum í Heeze og Weert í Hollandi undir ströngu gæðaeftirliti og í samræmi við reglugerðir.

Hönnun gólfanna tekur mið af miklu burðarþoli, stömu en slitsterku yfirborði og auðveldri losun mykju og hlands. Hafðu samband við sölumenn BYKO og fáðu nánari upplýsingar.

Swaansbeton er leiðandi fyrirtæki í þróun, hönnun og framleiðslu gólfa í gripahús.

NAUTGRIPIR - HROSS
SVÍN - SAUÐFÉ



SÉRFRÆÐINGARNIR OKKAR



Við liðsinnum þér!

ÁSDÍS HRÖNN HILMARSDÓTTIR
Selfoss 480-4600 / 821-4043

HALLDÓR TH. W. KRISTINSSON
Höfuðborgarsv. 515-4187 / 821-4186

BONDI@BYKO.IS

BYKO
GERUM ÞETTA SAMAN

byko.is

FRÉTTIR



Sveinn Margeirsson, forstjóri Matís, í ræðustól, en hann sagði m.a. nauðsynlegt að brúa bilið á milli neytenda og verðmætasköpunar. Við háborðið til hægri sitja Einar Freyr Elínarson, formaður Samtaka ungra bænda og Sæmundur Sveinsson, rektor Landbúnaðarháskóla Íslands. Gegnt þeim má sjá sex af átta fulltrúum pólitískra flokka sem mættu til að taka þátt í fundinum. Myndir /LbhÍ

Opinn fundur í Ásgarði á Hvanneyri um aukið virði landbúnaðar:

Hægt að þrefalda verðmætasköpun og arðsemi íslensks landbúnaðar á næstu fjórum árum

– segir Sveinn Margeirsson, forstjóri Matís, og telur nauðsynlegt að brúa bilið á milli neytenda og verðmætasköpunar

Um hundrað manns mættu á opinn fund í Ásgarði á Hvanneyri þriðjudaginn 24. október sem bar yfirskriftina Aukið virði landbúnaðarafurða – Hvað ætlar Ísland að gera? Fundurinn var skipulagður af Landbúnaðarháskóla Íslands, Matís og Samtökum ungra bænda.

Fulltrúar allra níu stjórnmálaflokkanna sem bjóða fram í Norðvesturkjördæmi mættu og kynntu stuttlega framtíðarsýn flokkanna í landbúnaðarmálum auk þess að svara spurningum í sal í lok fundar.

Áhyggjur af byggðaröskun en tækifærin eru víða

Einar Freyr Elínarson, formaður Samtaka ungra bænda, setti fundinn og sagðist hafa áhyggjur af mikilli byggðaröskun ef ekkert yrði gert í vanda sauðfjárbænda eins og staðan er í dag og að stjórnmálamenn geti ekki skilað auðu í þessu máli.

Hann sagði tækifærin þó vera víða fyrir bændur, m.a. með stórauknum ferðamannastraumi til landsins sem opnað hefði á nýjar leiðir í sölu og þróun matvæla. Sérstaða íslenskra landbúnaðarvara er ótvíræð og neytendur eru sífellt að verða meðvitaðri um hana, mikilvægt er að standa vörð um þessa sérstöðu þegar litið er fram í tímann, sagði Einar. Hann sagði íslenska bændur ekki hrædda við samkeppni en erfitt væri að keppa einungis á verðmiðanum við innflutt kjöt.

Eigum vísindafólk á heimsvísu

Sæmundur Sveinsson, rektor LbhÍ, minntist í upphafi ræðu sinnar á að Hvanneyri væri búin að vera miðstöð íslensks landbúnaðar í meira en hundrað ár og þangað hefðu margir sótt sér þekkingu í nýtingu á jörðinni sér og sínum til framfærslu við matvælaframleiðslu í gegnum tíðina.

Í dag eigum við vísindafólk á heimsvísu sem hefur sótt sér nám og fengið þjálfun hér á landi í sínum fræðum og vinnur í dag fyrir öflugar stofnanir á sviði landbúnaðar og matvæla.

Sæmundur sagði nauðsynlegt að styðja við og hlúa að þessum stofnunum svo innan þeirra sé hægt að þjálfa nýtt fólk sem vinni að nýjum rannsóknum. Síðasta áratug hefur dregið gríðarlega úr fjármagni til Landbúnaðarháskólans og er óviðunandi að fræðasvið landbúnaðarins sé fjársvelt ár eftir ár, sé stefnan að hafa öflugan landbúnað á Íslandi verði að vera öflugur landbúnaðarháskóli á Íslandi, sagði Sæmundur.



Um hundrað manns mættu til fundarins á Hvanneyri.



Fátt fer framhjá hinu rafræna auga nútímans.



Unga fólkið úr LbhÍ lét sig ekki vanta á fundinn.

Nauðsynlegt að brúa bilið á milli neytenda og verðmætasköpunar

Sveinn Margeirsson, forstjóri Matís, sagði nauðsynlegt að brúa bilið á milli neytenda og verðmætasköpunar og tók sem dæmi hvernig Matís hefur unnið að því markmiði í sjávarútvegi. Síðustu tíu til fimmtán ár hefur verðmæti hvers kílós af afla í sjávarútvegi meira en tvöfaldast og hefur stofnun AVS Rannsóknasjóðs í sjávarútvegi mikið um þá staðreynd að segja, sagði Sveinn.

Hægt að þrefalda verðmætasköpun og arðsemi landbúnaðar

Rannsóknasjóðurinn var stofnaður árið 2003 en hann veitir styrki til rannsókna- og þróunarverkefna sem auka verðmæti sjávarfangs og árið eftir var Tækniþróunarsjóður stofnaður, tveir sjóðir með því markmiði að búa til meiri verðmæti. Sveinn segir að sjóður eins og AVS (Aukið verðmæti sjávarfangs) geti hjálpað landbúnaðinum á svipaðan hátt og sjávarútveginum. Fullyrti hann að hægt verði að þrefalda verðmætasköpun og arðsemi íslensks landbúnaðar á næstu fjórum árum. Til þess þarf vísindi og stofnanir, og Matís og Landbúnaðarháskólinn spila þar lykilhlutverk.

Sveinn sagði að lokum að það þurfi að fjárfesta í þekkingu og að bændur, sjómenn og fyrirtæki tengd landbúnaði og sjávarútvegi auk stjórnvalda verði að horfast í augu við það.


Framsögumenn og frambjóðendur voru ánægðir með fundinn og minntust margir á nauðsyn þess að ná til ungs fólk því það er hópurinn sem auðveldast er að kynna fyrir nýjungar.

Nemendur Landbúnaðarháskólans fjölmenntu á fundinn og var greinilegt að margir þeirra hafa áhyggjur af núverandi stöðu sauðfjárbænda og framtíð sinni í greininni. Eitt voru allir frambjóðendur sammála um, rannsóknir og nýsköpun eru grundvallaratriði í þeirri vinnu að auka virði afurða í landbúnaði.

Frambjóðendur sem sátu fundinn voru:

Guðjón S. Brjánsson
frá Samfylkingu
Þórdís Kolbrún R. Gylfadóttir
frá Sjálfstæðisflokki
Dóra Björt Guðjónsdóttir
frá Pírötum
Ásmundur Einar Daðason
frá Framsóknarflokki
Jón Þór Þorvaldsson
frá Miðflokknum
Guðlaug Kristjánsdóttir
frá Bjartri framtíð
Matthías Lýðsson
frá Vinstri grænum
Magnús Þór Hafsteinsson
frá Flokki fólksins.

Hægt er að hlusta á fundinn á Facebook-síðu Samtaka ungra bænda.



Bændablaðið • Smáauglýsingar 56-30-300

Dreift í 32 þúsund eintökum á um 420 dreifingarstaði og til bænda um land allt

Næsta blað kemur út 16. nóvember



FRÉTTIR

Landsmót Smalahundafélags Íslands 2017 í Biskupstungum

– Íslensku kindurnar erfiðar, sagði enski dómarinn

Landsmót Smalahundafélags Íslands var haldið dagana 21. og 22. október 2017 í Austurhlíð Biskupstungum og hafði Smalahundadeild Árnessýslu umsjón með mótinu.

Dómari var Anthony Boggy Warmington og kom hann frá Englandi fyrir tilstuðlan International Sheepdog Society. Veður var einkar hagstætt fyrri dag keppninnar, en bætti í vind og dálítil rigning seinni daginn.

Keppnisbrautin var krefjandi, en að sama skapi mjög skemmtileg. Ekki síst vegna þess að völlurinn var leitóttur og stundum hurfu bæði kindur og hundur sjónum smalans. Þá reyndi á taugar smalans sem þurfti að setja allt sitt traust á hundinn.



Dómari í keppninni var Anthony Boggy Warmington.

Dómarinn hafði orð á því að íslenskar kindur væru erfiðari en hann ætti að venjast og reyndi því mjög á hæfni hundanna að stjórna þeim.

Keppt var í A-flokki, B-flokki og unghundaflokki. Í ár var sú nýbreytni að keppt var að 110 stigum í A-flokki, en ekki 100 stigum eins og síðustu ár. Stigaskorið er þó að meðaltali lægra en oft hefur verið. Margir féllu á tíma og dómarinn var ófeiminn við að víkja mönnum úr braut fyrir minnstu yfirsjónir.

Aðeins einn keppandi náði að klára A-flokks brautina innan tímamarka, en það var Sverrir Möller með hundinn Gutta. Allir keppendur fengu tvö rennsli og gilti samtala þeirra til úrslita. Úrslit voru eftirfarandi:

A-FLOKKUR:

Flóknasta og lengsta brautin, 110 stiga braut, 350 m úthlaup, 15 mín, 8 keppendur.

1) Aðalsteinn Aðalsteinsson og Doppa frá Húsatóftum (62+74) 136 stig
2) Elísabet Gunnarsdóttir og Panda frá Daðastöðum (60+60) 120 stig
3) Svanur Guðmundsson og Korka frá Miðhrauni (48+65) 113 stig

Unghundaflokkur:

Hundar yngri en 3 ára, 100 stiga braut og 150 m úthlaup, 12 mín, fimm keppendur.



Sigurvegarar í A-flokki.



Sigurvegarar í unghundaflokki.



Sigurvegarar í B-flokki.

1) Maríus Snær Halldórsson og Elsa frá Hallgilsstöðum (53+55) 108 stig
2) Aðalsteinn Aðalsteinsson og Snerpa frá Húsatóftum (52+36) 88 stig
3) Einar Atli Helgason og Kría frá Snartarstöðum (0+60) 60 stig

B-FLOKKUR: Fyrir byrjendur og reynsluminni hunda/eigendur, 100 stiga braut, 200 m úthlaup, 12 mín, 2 keppendur:

1) Einar Atli Helgason og Strumpur frá Snartarstöðum (0+68) 68 stig
2) Marsibil Erlendsdóttir og Rotti frá Dalatanga (0+35) 35 stig

Aukaverðlaun:

Stigahæsta tíkin og stigahæsti karlhundurinn í A-flokki fengu verðlaunin besta tíkin og besti hundurinn. Féllu þau í hlut Doppu frá Húsatóftum (136 stig) undir stjórn Aðalsteins Aðalsteinssonar og Smala frá Miðhrauni undir stjórn Halldórs Sigurkarlssonar (103 stig).

Eftirtaldir aðilar styrktu mótið og er þeim hér með þakkað kærlega fyrir: Baldvin og Þorvaldur, Landstólpi, Fóðurblandan og SS. */AJH*



Upplýsingamiðstöð Austur-Húnavatnssýslu:

775 gestir frá 27 löndum

Alls komu 775 gestir frá 27 löndum í Upplýsingamiðstöð ferðamála í Austur-Húnavatnssýslu í sumar. Flestir voru þeir Þjóðverjar, Bandaríkjamenn, Kínverjar og Frakkar.

Flestir voru á aldrinum 25–44 ára, eða 48% af heildarfjöldanum, þar á eftir kom aldurshópurinn 45–49 ára, eða 35% og 16–24 ára, eða 10%. Fimm prósent gestanna voru 60 ára og eldri.

Upplýsingamiðstöðin var opnuð í byrjun júní og var opin alla virka daga í sumar. Henni var lokað 15. september síðastliðinn. Upplýsingamiðstöðin er til húsa í Héraðsbókasafninu að Hnjúkabyggð á Blönduósi og er hún eingöngu opin yfir sumarmánuðina. Hún var fyrst opnuð 9. júní 2016. Þar er hægt að nálgast upplýsingabæklinga, ferðakort, göngukort ásamt því að fá upplýsingar um m.a. gistimöguleika, afþreyingu, veitingar, færð og skipulagðar ferðir í Austur-Húnavatnssýslu að því er fram kemur á vefnum huni.is. */MÞÞ*



Breiðdalsvík í Breiðdalshreppi. Mynd / HKr.

Lagt til að Breiðdalshreppur sameinist Fjarðabyggð:

Þungur rekstur, íbúum fækkar og atvinnuástand ótryggt

Lagt er til í nýlegri skýrslu frá Rannsóknamiðstöð Háskólans á Akureyri að Breiðdalshreppur sameinist Fjarðabyggð. Sameining við Fljótsdalshérað er ekki útilokuð. Skýrslan var unnin að beiðni sveitarfélagsins. Skýrsluhöfundar eru Hjalti Jóhannesson landfræðingur og Arnar Þór Jóhannesson stjórnmálafræðingur. Skýrslan ber heitið Breiðdalshreppur – Samfélagsgreining og sameiningarkostir.

Rekstur Breiðdalshrepps hefur verið þungur undanfarin ár, íbúum hefur fækkað verulega í kjölfar samdráttar í útgerð og atvinnuástand er ótryggt. Í upphafi þessa árs bjuggu 182 íbúar á Breiðdalsvík. Flestir voru íbúar sveitarfélagsins árið 1980 eða 372 talsins. Reynt hefur verið að sporna við frekari fækkun m.a. með því að úthluta byggðakvóta. Einnig fengu Breiðdælingar aðild að verkefninu Brothættar byggðir, sem er verkefni á vegum Byggðastofnunar til stuðnings samfélögum í varnarbaráttu.

Afkoma sveitarsjóðs hefur batnað

Afkoma sveitarsjóðs hefur að því er fram kemur í skýrslunni farið batnandi með miklu aðhaldi í rekstri og auknum framlögum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, en hlutfall skulda af tekjum sveitarfélagsins hefur lækkað úr 199% á árinu 2014 í 141% í árslok 2016. Samkvæmt reglugerð um fjárhagsleg viðmið sveitarfélaga og eftirlit með fjármálum sveitarfélaga skal skuldahlutfallið ekki vera hærra en 150%.

Niðurstaða skýrslunnar er engu að síður sú, að með hliðsjón af verkefnum sveitarstjórnarstigsins fái Breiðdalshreppur ekki staðið undir rekstri sínum í núverandi mynd. Lýðfræðilegir þættir eins og hækkandi meðalaldur mæli einnig með sameiningu við annað sveitarfélag.

Samrekstur skóla skynsamleg ráðstöfun

Af þeim tveimur augljósu kostum sem Breiðdalshreppur á í stöðunni, að sameinast annaðhvort Fjarðabyggð eða Fljótsdalshéraði, telja skýrsluhöfundar að landfræðileg rök geri Fjarðabyggð að fýsilegri kostinum. Breiðdalsheiði sé verulegur farartálmi á vetrum, sem dragi m.a. úr möguleikum á hagræðingu í skólamálum, en samrekstur skólanna á Breiðdalsvík og Stöðvarfirði er talin skynsamleg ráðstöfun fyrir báða skóla, bæði fjárhagslega og faglega. Jafnframt er tekið fram, að gert sé ráð fyrir skólahaldi í báðum skólum eftir sem áður.

Lítil og óhagstæð rekstrareining

Breiðdalshreppur er lítil og óhagstæð rekstrareining sem leiðir af sér brothætta stjórnsýslu, segir í skýrslunni. Sveitarfélögum hefur fækkað hér á landi undanfarna áratugi og verkefni þeirri hafa aukist, sem kallar á meiri stjórnsýslu og umsvif en áður með tilheyrandi kostnaði. Breiðdalshreppur hefur ekki farið varhluta af þessari þróun, íbúum hefur fækkað umtalsvert á liðnum árum. Samsetning íbúa er með þeim hætti að hlutfallslega fleiri karlar eru þar búsettir en konur og meira er af eldra fólki en ungu.

Vægi undirstöðuatvinnugreinanna, landbúnaðar og sjávarútvegs hefur minnkað hin síðari ár, en ferðaþjónusta aukist. Ágætis gróska er í sveitarfélaginu og nýsköpun. Störfum við ferðaþjónustu hafi fjölgað og hafi að hluta til náð að vega upp á móti fækkun starfa í landbúnaði og sjávarútvegi. Atvinnulíf standi engu að síður óstyrkum fótum.

Viðræður um sameiningu rökrétt næsta skref

Benda skýrsluhöfundar á að erfitt gæti orðið að fá íbúa til að gefa kost á sér í sveitarstjórn og nefndir hreppsins til framtíðar litið. Merkjandi sé minni pólitísk þátttaka en áður var, kjörsókn hefur dregist saman. Eins er nefnt í skýrslunni að ýmsir innviðir í Breiðdalshreppi þarfnist viðhalds og endurbóta, svo sem götur, fráveita, skóli og þær leiguíbúðir sem hreppurinn á.

Viðræður um sameiningu sveitarfélaga séu því rökrétt næsta skref. Af landfræðilegum ástæðum sé sameining við Fjarðabyggð besti kosturinn með samlegð í huga. Þó er sameining við Fljótsdalshérað ekki útilokuð en bent á að Breiðdalsheiði sé verulegur farartálmi yfir vetrarmánuði. Í slíkum tilvikum lægi leiðin á milli byggðakjarnanna um annað sveitarfélag. */MÞÞ*

Skagabyggð vill sameiningarviðræður við sveitarfélög í Austur-Húnavatnssýslu

Sveitarstjórn Skagabyggðar hefur ákveðið að slíta fyrirhuguðum viðræðum um sameiningu við Sveitarfélagið Skagafjörð, en snúa sér þess í stað að viðræðum um hugsanlega sameiningu sveitarfélaga í Austur-Húnavatnssýslu.

Forsvarsmenn Skagabyggðar hafa tilkynnt sveitarstjórnum Blönduósbæjar, Skagastrandar og Húnavatnshrepps um þessa ákvörðun sína. Þar með hafa allar sveitarstjórnirnar fjórar í sýslunni samþykkt að hefja formlegar viðræður um sameiningu.

Skagabyggð hóf sameiningarviðræður við Skagafjörð í byrjun sumars. Eftir að sveitarfélögin í Austur-Húnavatnssýslu ákváðu að kanna hvort grundvöllur væri fyrir sameiningu allra sveitarfélaganna í sýslunni tók málið nýja stefnu hjá Skagabyggð.

Álitlegri kostur að sameinast Austur-Húnavatnssýslu

Sveitarstjórn Skagabyggðar hélt íbúafund í liðnum októbermánuði þar sem kynnt var skýrsla um stöðu og framtíð sveitarfélaga. Einnig var á fundinum lögð fram skoðanakönnun meðal íbúa þar sem spurt var hvort þeir vildu hefja viðræður um sameiningu við önnur sveitarfélög og þá hvaða.

Meirihluti þeirra sem svöruðu könnuninni voru andvígir sameiningu við önnur sveitarfélög en meirihluti þeirra sem svöruðu seinni spurningunni töldu álitlegri kost að sameinast Austur-Húnavatnssýslu heldur en Skagafirði. Af öllum greiddum atkvæðum vildu 69,45% sameiningu við sveitarfélögin í Austur-Húnavatnssýslu, 19,45% vildu sameiningu við Sveitarfélagið Skagafjörð og 11,1% skiluðu auðu.

Í bókun sveitarstjórnar Skagabyggðar frá 12. október síðastliðnum kemur fram að sveitarstjórnin telur að það geti orðið sveitarfélögunum í Austur-Húnavatnssýslu til framdráttar að hefja sameiningarviðræður.

Á fundinum var ákveðið að fara í sameiningarviðræður þrátt fyrir að meirihluti íbúa sem svöruðu skoðanakönnuninni hafi verið því andvígir. */MÞÞ*

Helmingur norskra bænda sleppir öryggisbeltum í traktorum

Ný könnun sem greiningarfyrirtækið Agri analyse vann fyrir Landbúnaðartryggingar í Noregi sýnir að einungis 19% bænda nota alltaf öryggisbelti þegar þeir keyra um á traktorum sínum.

Niðurstöðurnar valda mönnum áhyggjum þar sem ökumaður traktors er í jafnmikilli hættu eins og aðrir bílstjórar á vegum úti og því skynsamlegt að nota þar til gerðan öryggisbúnað.

Í könnuninni segja 29% svarenda að þeir noti oftast belti á meðan 23% svarenda segjast aldrei nota öryggisbelti þegar þeir keyri traktora sína.

Það eru ekki í gildi lög í landinu sem kveða á um að ökumenn traktora skuli ávallt vera spenntir undir stýri eins á við um aðra ökumenn. Í sumum tegundum nýrra traktora er búið að koma fyrir svokölluðum fastspenntum búnaði sem á að nota þegar það er sýnileg hætta á veltu. Skýrsla sem Rannsóknarstofnun byggðamála í Noregi sendi nýverið frá sér sýnir að traktor er það tæki sem oftast er hægt að tengja við óhöpp og slys á bóndabæjum en um 14% af slysum tengjast traktorum beint. Á árunum 2011–2013 hafa níu af sautján banaslysum í landbúnaði tengst notkun á traktorum.

/ehg - Bondebladet





Í aðflugi á Ísafjarðarflugvelli. Mynd HKr.

Innanlandsflug: Lítils háttar fjölgun farþega

Alls fóru um 385 þúsund farþegar um flugvelli landsins á fyrri helmingi ársins ef Keflavíkurflugvöllur er frátalinn. Fjöldinn er mun minni en í fyrri uppsveiflum. Þetta kemur fram á vefnum turisti.is.

Nærri fjórtán þúsund fleiri farþegar nýttu sér ferðir frá innanlandsflugvöllunum á fyrri helmingi ársins og nam heildarfjöldinn 385 þúsundum. Hlutfallslega var aukningin langmest á Akureyri, eða um tíund, en samdrátturinn mestur á Húsavík og í Vestmannaeyjum, eða rúmlega 13 prósent, samkvæmt nýjum tölum frá Isavia. Á Ísafjarðarflugvelli jókst farþegafjöldinn lítillega, eða um 1,7 prósent.

Þar sem flestar ferðir eru til og frá Reykjavík þá stóð flugvöllurinn í Vatnsmýri undir rúmlega helmingi farþegafjöldans og þar fjölgaði ferðum um 2,3% fyrstu sex mánuðina en á landsvísu nam aukningin 3,5%. Viðbótin á fyrri helmingi síðasta árs var nærri tvöfalt meiri, eða 6,7%.

40% vöxtur á Keflavíkurflugvelli

Sem fyrr er vöxturinn á Keflavíkurflugvelli miklu meiri en í innanlandsfluginu en þar fjölgaði farþegum um 40% á tímabilinu janúar til júní og til samanburðar má nefna að það fer nærri að brottfarar- og komufarþegar á Keflavíkurflugvelli í febrúar hafi verið jafnmargir og heildarfjöldi farþega á innanlandsflugvöllunum fyrstu sex mánuði ársins.

Fjöldi farþega í innanlandsflugi helst í hendur við almenna þróun í efnahagslífinu síðastliðinn aldarfjórðung. Þannig voru þeir langflestir í uppsveiflunum í kringum aldamótin og aftur á metárunum 2007 og 2008 þegar fjöldinn fór upp í um 480 þúsund fyrstu sex mánuðina. Hagvöxtur síðustu ára hefur hins vegar ekki skilað sér í álíka fjölda farþega í innanlandsfluginu og ekki heldur sú staðreynd að fjöldi erlendra ferðamanna hefur fimmfaldast á milli áranna 2008 og 2017, úr 184 þúsund í 974 þúsund á fyrri helmingi hvers árs. Vefurinn bendir á að hafi beri í huga nýlegar skekkjur sem fram hafa komið í talningu og veltir því einnig upp hvort farþegum í innanlandsflugi hefði í raun farið fækkandi síðustu ár ef ekki væri fyrir erlendu ferðamennina. */MÞÞ*

Úrval vöru fyrir sauðfjárbóndann

LÍFLAND

Ærblanda háprótein með fiskimjöli
Orkuríkt kjarnfóður með 24% próteini. Kjarnfóðrið inniheldur 15% fiskimjöl sem eykur meltanleika próteina. Hentar þar sem þörf er á sterku fengieldi.

Ærblanda LÍF
Hagkvæmur valkostur með 15% próteininnihaldi sem byggir á jurtaafurðum. Hentar vel með miðlungsgóðum heyjum.



Kynntu þér kosti óerfðabreytta kjarnfóðursins frá Líflandi

NÝTT!

Sauðfjárfata Líflands

Sauðfjárfatan er ný vara hjá Líflandi sem er sérstaklega ætluð íslensku sauðfé og er auðug af lífsnauðsynlegum stein- og snefilefnum. Fatan inniheldur AO-mix, blöndu náttúrulegra andoxunarefna sem minnka álag á frumur þegar efnaskipti eru hröð, t.d. á seinnihluta meðgöngu og um burð. Í samspili við E-vítamín og selen hefur andoxunarblandan jákvæð áhrif á frjósemi, heilbrigði og ónæmiskerfi fjárins.

Innbyrðis hlutfall kalsíum og fosfórs er til þess fallið að minnka líkur á stoðkerfisvandamálum og doða við burð. Sauðfjárfatan inniheldur engin erfðabreytt hráefni.



KYNNINGARTILBOÐ – SÆKTU EÐA FÁÐU SENT FRÍTT

Þú sækir í verslun Líflands og færð Sauðfjárfötuna í kaupbæti

- Þú kaupir 1 stórsekk af Ærblöndum og færð 2 Sauðfjárfötur í kaupbæti.
- Þú kaupir 12 smásekki af Ærblöndum og færð 1 Sauðfjárfötu í kaupbæti.

Við sendum á næstu stöð Samskipa hvert á land sem er

- Þú kaupir 1 stórsekk af Ærblöndum og 4 Sauðfjárfötur.
- Þú kaupir 12 smásekki af Ærblöndum og 2 Sauðfjárfötur.

Verð

Ærblanda háprótein	Verð m. vsk.	Án vsk.
25 kg	2.870	2.315
500 kg	52.499	42.338
Ærblanda Líf		
25 kg	2.260	1.823
500 kg	41.720	33.645
Sauðfjárfata 20 kg	4.200	3.387

Tilboðið gildir til og með 31. desember 2017.

Sala og ráðgjöf | www.lifland.is | Reykjavík | Borgarnes | Akureyri | Blönduós | Hvolsvöllur
Sími 540 1100 | lifland@lifland.is | Lynghálsi | Borgarbraut | Óseyri | Efstubraut | Ormsvöllur

FRÉTTIR



Frá afhendingu viðurkenningarinnar talið frá vinstri: Björg Stefánsdóttir, Ingvar S. Ingvarsson, Svanhvít Konráðsdóttir og Ingi Þór Jónsson.

Náttúrulækningafélag Reykjavíkur:

Gróðurstöðin Hæðarenda hlýtur viðurkenningu fyrir lífræna ræktun

Miðvikudaginn 18. október síðastliðinn veitti stjórn Náttúrulækningafélags Reykjavíkur (NLFR) eigendum gróðurstöðvarinnar Hæðarenda Grímsnesi, Svanhvíti Konráðsdóttur og Ingvari S. Ingvarssyni, viðurkenningu fyrir áratugastarf á sviði lífrænnar ræktunar matjurta.

Svanhvít og Ingvar hafa ásamt starfsfólki sínu ræktað lífrænar matjurtir með framúrskandi gæðum, merkingum og frágangi áratugum saman. Ræktunin á Hæðarenda er aðallega á kartöflum, káli og gulrótum en þó einnig ýmislegt annað í minna mæli. Sem betur fer er eftirspurn eftir lífrænum matjurtum sífellt að aukast á Íslandi og á gróðurstöðin Hæðarenda stóran þátt í þeirri góðu þróun.

Viðurkenningin er veitt samkvæmt lögum NLFR sem kveður á um að tilgangur félagsins sé m.a. að efla ræktun óspilltra matvæla.

Stjórn NLFR óskar Svanhvíti, Ingvari og starfsfólki þeirra innilega til hamingju með þessa viðurkenningu og vonar að þetta verði til þess að efla þau enn frekar í þessari bragðgóðu og heilsusamlegu framleiðslu.

Vert er að minna á slagorð NLFR, „berum ábyrð á eigin heilsu“.



Ágúst Sigurðsson, sveitarstjóri Rangárþings ytra, flutti tillöguna um umhverfisátakið á þinginu sem formaður umhverfis- og skipulagsnefndar þingsins. Mynd / MHH

Sunnlensk sveitarfélög í allsherjar þrif á nýju ári

Ein af þeim tillögum sem sveitarstjórnarmenn á Suðurlandi samþykktu á ársþingi Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga (SASS) 19. og 20. október var tillaga umhverfis- og skipulagsnefndar þingsins sem fjallaði um sameiginlegt sunnlenskt átak árið 2018.

Tillagan gengur út á það að farið verði í sameiginlegt sunnlenskt átak í almennri tiltekt og umhverfisþrifum í tilefni af 100 ára fullveldisafmæli Íslands.

Áhersla verði lögð á skynsamlega flokkun og endurvinnslu og SASS hafi forgöngu um þetta mál fyrir hönd Sunnlendinga. Tillagan var samþykkt samhljóða. */MHH*

Ágangur búfjár í landi Brimness:

Kostnaður við viðbótargirðingu allt að 2,5 milljónir

Ágangur búfjár í landi Brimness í Ólafsfirði hefur verið til umfjöllunar hjá bæjarráði Fjallabyggðar undanfarið.

Lögð hefur verið fram umsögn deildarstjóra tæknideildar vegna málsins, en þess hefur verið krafist að Fjallabyggð myndi bregðast við ágangi bjúfjár og að þéttbýli í sveitarfélaginu yrði girt af.

Í umsögn deildarstjóra kemur fram að þéttbýlið í Ólafsfirði er girt af og nær girðingin að Brimnesá til norðurs. Í sumar hafi búfénaður sótt yfir ána og þannig komist inn í þéttbýlið. Til að koma í veg fyrir þennan ágang þarf að framlengja girðinguna yfir Brimnesá og norður fyrir Múlagöng. Áætlaður kostnaður við girðinguna er 2–2,5 milljónir króna.

Bæjarráð hefur falið deildarstjóra tæknideildar að ræða við Vegagerðina um mögulega kostnaðarþátttöku og samþykkir að vísa málinu til gerðar fjárhagsáætlunar fyrir árið 2018. */MÞÞ*

Pepino mósaík vírus, PepMV, tómötum:

Bráðabirgðaniðurstöður sýna sýkingu á tólf býlum

Fyrr í haust kom upp vírussýking í íslenskum tómötum og smit staðfest á þremur býlum. Samkvæmt bráðabirgðaniðurstöðum Matvælastofnunar er smit að finnast á flestum stærri tómatabýlum á Suðurlandi. Vírusinn er ekki skaðlegur mönnum og finnst í innfluttum tómötum.

Brynjar Ómarsson forstöðumaður plöntusjúkdómasviðs Matvælastofunar, sagði í samtali við Bændablaðið að bráðabirgðaniðurstöður sýndu að Pepino mósaík vírus, PepMV, sýking væri orðin nokkuð útbreidd hjá stórum tómataframleiðendum hér á landi.

„Bráðabirgðaniðurstöðurnar sýna að vírusinn er að finna á tólf býlum á Suðurlandi og í ríflega helmingi stærri býlanna.“



Tómatar sýktir af Pepino mósaík vírus.

Margs konar smitleiðir

Að sögn Brynjars er enn verið að kortleggja dreifinguna og að samkvæmt henni sé sýkingin staðbundin á Suðurlandi. „Þar sem vírusinn er bráðsmitandi og berst með snertismiti geta smitleiðir verið margs konar, til dæmis með fólki eða umbúðum og hvoru tveggja. Vírusinn lifir í fjórtán daga í fatnaði og smitleiðir því margar.“

Vinnur að gerð upplýsingaefnis

„Helsta leiðin til að eiga við vírussjúkdóma í plöntum er með hreinlæti og almennar sóttvarnir.

Sem stendur er Matvælastofnun að útbúa upplýsingaefni og staðlaða verkferla fyrir innlendar aðstæður sem er fyrsta skrefið til að koma málinu í fastan farveg.“

Sýktar plöntur geta verið án einkenna

Brynjar segir að Matvælastofnun hafi fyrst borist fregnir af sýkingunni í haust en hann segir erfitt að meta hvenær hún hafi komið fyrst upp. Hann segir einnig ómögulegt að segja hvernig sýkingin hafi borist til landsins og það gæti hafa verið með fólki eða sýktum innfluttum tómötum.



Brynjar Ómarsson.

„Plöntur geta verið sýktar án þess að fram á þeim komi einkenni. Ég þekki ekki nákvæmlega hvernig slíkt hefur verið á milli býla hér. Breytileikinn á því getur verið mikill og margir þættir sem geta haft áhrif á hvort einkenni komi fram eða ekki.“

Samkvæmt upplýsingum Bændablaðsins er algengast að einkenni sýkinga komi fram á haustin.

Skaðlaust fólki

Brynjar segir að staðfest sé að Pepino mósaík vírus í tómötum sé skaðlaus fólki og að ekki sé ástæða til að hann berist í aðrar plöntur hér á landi.

„Þrátt fyrir það er mikilvægt að koma í veg fyrir frekara smit eins og hægt er með ýtrasta hreinlæti en þar sem vírinn er ekki skaðlegur mönnum hefur ekki verið gripið til þess að stöðva sölu á afurðum frá sýktum býlum, hvorki hér á landi né í nágrannalöndunum.“

Víða landlægur vírus

PepMV er landlægur í tómatarækt víða um Evrópu og þar á meðal löndum þaðan sem mikið er flutt inn af tómötum til Íslands. Þrátt fyrir það náðist að útrýma honum í Finnlandi og einnig á býlum í Noregi og Svíþjóð, að sögn Brynjars.

„Það er of snemmt að segja til um hvort þessi vírus sé kominn hingað til lands til að vera eða hvort okkur tekst að koma böndum á hann,“ segir Brynjar Ómarsson, fagsviðsstjóri plöntusjúkdómasviðs Matvælastofnunar að lokum. */VH*

Pepino mósaík vírus

Pepino mósaík vírusinn, PepMV, var fyrst greindur á ávexti sem kallast melónupera, Solanum muricatum, í Perú árið 1974. Sýking af völdum vírussins er talin alvarleg hvar sem hún kemur upp og dregur úr uppskeru.



Vírussins varð fyrst vart í Evrópu í Hollandi og Bretlandseyjum árið 1999 og hefur breiðst til flestra landa álfunnar. Samkvæmt upplýsingum EPPO, samtaka um plöntur og plöntuheilbrigði í Evrópu og við Miðjarðarhafið, er hann algengastur í tómötum sem ræktaðir eru undir gleri.

Á Spáni hafa einkenni sýkingar vegna vírussins fundist í gróðri við gróðurhús og á rannsóknarstofu hefur verið sýnt fram á að PepMV getur smitast í aðrar tegundir plantna af náttskuggaætt, til dæmis eggaldin og kartöflur. Ekki er vitað um að slíkt smit hafi átt sér stað að sjálfsdáðum.

Mjög smitandi

PepMV er mjög smitandi og berst milli plantna með mönnum og verkfærum auk þess sem hann getur borist með innfluttum tómötum milli landa og milli gróðurhúsa með vindi.

Einkenni sýkingar af völdum PepMV koma aðallega fram á haustin og á veturna en á öðrum árstímum geta plöntur verið sýktar án þess að einkenni komi fram.

Einkenni koma yfirleitt fram tveimur til þremur vikum eftir sýkingu. Þau geta lýst sér í dvergvexti og litabreytingum á blöðum, gulum eða brúnum misstórum blettum. Auk þess geta blöð verpst og komið fram á þeim blöðrur. Á stöngli og blómum geta komið fram brúnar rákir og sýkingin hefur letjandi áhrif á blóm- og aldinmyndun. Aldin geta virst misþroskuð og á þeim litamunur sem minnir á rautt og gult mósaík- eða marmaramunstur.

Smitleiðir

Rannsóknir sýna að plöntuhlutar eins og lauf, rætur og aldin geta hýst mikið magn af vírusnum og að hann geti leynst í þurrum plöntuhlutum í allt að þrjá mánuði. Einnig er talið að hann smitist út í jarðveg og afrennslisvatn.

Vírusinn getur einnig lifað utan á fræjum og smitast með þeim. Dæmi er um að PepMV hafi lifað á fatnaði í að minnsta kosti 14 daga.

Vitað er að býflugur sem notaðar eru til að frjóvga tómatplöntur geta borið veiruna milli plantna. */VH*

SAMSUNG

Haustið er rétti tíminn fyrir kósýkvöldin




55” Samsung MU6455
Beint / 1600PQI / 4K / UHD: **Kr. 184.900,-**



55” Samsung MU6275
Bogið / 1400PQI / 4K / UHD: **Kr. 159.900,-**



55” Samsung MU6175
Beint / 1300PQI / 4K / UHD: **Kr. 129.900,-**
Áður: Kr. 149.900,-



Samsung M4511
Boginn Soundbar+Bassi
260W Silfur:
Kr. 59.900,-

Til í gráu og svörtu.

Samsung K661
Beinn Soundbar+Bassi 340W
Silfur:
Kr. 79.900,-
Tilboð: 59.900,-

Til í gráu og svörtu.



FYRIR HEIMILIN Í LANDINU

ORMSSON

LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800
Opið laugardag kl. 11-15

samsungsetrid.is

SAMSUNG SETRIÐ

SÍÐUMÚLA 9 · SÍMI 530 2900
Opið laugardag kl. 12-16

CLAGE

Nýtískuleg,
orkusparandi lausn
fyrir köld svæði.

Rafræn vatnshitun fyrir handlaugar,
eldhúsvaska, sturtur og baðherbergi.

ÖRYGGI OG
GÆÐI FRÁ
ÞÝSKALANDI

Vegghengdir neysluvatnshitakútar 50 til 120 lítra
SX50, SX80, SX100, SX120

Vegghengdir hitakútar fyrir neysluvatn frá Clage í stærðum 50, 80, 100 og 120 lítrar.*
Með einföldu og skemmtilegu stjórnborði til að fylgjast með notkun og eyðslu.
Tankurinn er húðaður með tianium og hitaelementið er úr ryðfríu stáli sem lengir til muna líftíma kútsins
Einfalt að tengja við vatnslagnir og 1 og 3ja fasa rafmagn.

Hitakútar 50 til 120 lítra
Mælir með stýringu
Hraðhitun að 40° og 60°
Stál kútur með titanium
„Schutzemileringu“





Með allt á hreinu í tæpa öld

ÍSLEIFUR JÓNSSON

Draghálsi 14 -16 · Sími 4 12 12 00 · www.isleifur.is

**Stærðir á lager, 80 og 120 lítrar.*

STEKKUR

Haustlitir og yfirvetrun

Plöntur beita margvíslegum leiðum til að lifa veturinn af. Fyrir lauffall á haustin draga flest lauftré blaðgrænuna úr blöðunum og senda hana niður í rótina til geymslu.

Blaðgrænan er byggð upp af efnum sem trén eiga ekki greiðan aðgang að og þurfa að eyða mikilli orku í að framleiða. Eftir í blöðunum verða efni sem trén hafa minna fyrir að búa til. Efnin sem eftir verða eru gul eða rauð og eru ástæðan fyrir því að haustlitur trjánna er yfirleitt í þeim litum.

Einærar plöntur lifa af sem fræ sem geymist í jarðvegi. Séu aðstæður óhagstæðar geta fræ sumra tegunda legið í dvala í jarðveginum í mörg ár en að jafnaði spíra fræin að vori, vaxa upp og blómstra og mynda fræ sem fellur að hausti.

Tvíærar plöntur safna forða í rótina á fyrra ári og rótin lifir veturinn af. Á öðru ári blómstrar plantan og myndar fræ. Margar tegundir fjölærra plantna og laukjurta beita svipaðri aðferð. Þær vaxa upp að vori, vaxa og dafna yfir sumarið, safna forða í rótina eða laukinn, sölna að hausti og lifa í dvala neðanjarðar yfir veturinn. Þar sem snjór liggur eins og teppi yfir jarðveginum eru plönturnar vel varðar fyrir umhleypingum og grasbítum sem byggja lífsafkomu sína á þeim yfir veturinn.

Tré og runnar sölna ekki á haustin og þurfa því önnur ráð til að lifa veturinn af. Sum tré eru sumargræn en önnur græn allt árið. Lauf sígrænna trjáa nefnist barr, er yfirleitt langt og mjótt og með vaxhúð sem dregur úr útgufun.

Ólíkt dýrafrumum hafa frumur í plöntum svokallaðan frumuvegg sem liggur utan um frumuhimnuna. Veggurinn er stinnur, hann verndar frumuna og kemur að hluta til í staðinn fyrir stoðgrind. Í gegnum frumuvegginn síast vatn og næringarefni.

Kólni hratt er hætt við að vökvinn í plöntufrumunni frjósi. Við það eykst rúmmál hans og hætta á að frumuveggurinn rifni en það leiðir til kalskemmda. Miklu máli skiptir að plöntur kólni það hægt á haustin að vatn nái að dragast út úr frumunum í þeim takti sem eðlilegastur er fyrir hverja tegund. Dæmi er um að snögg kólnun niður í 10°C hafi drepið tré sem annars þola kuldann allt að níutíu frostgráðum. Stutt haust valda því að plönturnar ná ekki að mynda eðlilegt frostþol og eru því viðkvæmari en ella.

Of mikil útgufun getur einnig verið hættuleg fyrir plönturnar. Á vorin, þegar sólin skín og jörð er frosin, ná plönturnar ekki að bæta sér upp þann vökva sem þær tapa við útgufun og því hætta á ofþornun. Hér á landi þekkist þetta best hjá sígrænum trjám þegar barrið verður brúnt á vorin.

Sígræn tré hafa það fram yfir sumargræn að þau geta hafið ljóstillífun um leið og hiti er orðinn það mikill að þau vakna af dvala. Talið er að smávaxnar og sígrænar jurtir geti ljóstillífað undir snjó og lengt þannig vaxtartímann.

Nokkrar tegundir trjáa, til dæmis aspir, geta notað blaðgrænu í berki, stofni og greinum til ljóstillífunar þegar aðstæður eru hagstæðar á veturna. */VH*

HLUNNINDI & VEIÐI

Sett í stórlax

Gunnar Bender
gunnarbender@gmail.com

„Við vorum við veiðar, feðgarnir, fyrr í sumar og komum við í Urriðaá á Mýrum, áin var frekar vatnslítil á efri svæðunum, eins og oft gerist á þessum tíma í þurrki. En mjög góð skilyrði voru á flóðinu í neðstu fjórum hyljunum og hann sýndi sig þar í góðu veðri, sól, 15 stiga hita og logni," segir Hörður Alexander Eggertsson veiðimaður, þegar hann rifjar upp veiðitúr í sumar sem var skemmtilegur.

En Hörður setti í einn mjög vænan lax sem hafði betur og stóð viðureignin um fimmtán mínútur.

„Hann var mjög erfiður og var alveg klesstur við botninn allan tímann og sýndi sig ekki. Stöngin var alveg í keng og hann reif út línuna. Við Eggert Sk. Jóhannesson, faðir minn, vorum búnir að velja góðan stað við hylinn til þess að landa honum. En þegar það voru svona fjórir til fimm metrar í hann, þá sleit hann sig lausan af króknum með miklum látum. Líklega hefur hann verið að koma inn á flóðinu þennan dag, enda var hann ansi sterkur og ákveðinn."

En það var alla vega gaman að takast á við þann stóra og glíma við hann í góðum og skemmtilegum félagsskap reyndra veiðifélaga í frábæru veðri," sagði Hörður Alexander Eggertsson.



Hörður glímir við stórlaxinn sem hafði betur að lokum. Mynd / EJ

Menn voru ánægðir með Mýrarkvísl

Lokatölurnar úr laxveiðiánum eru að detta inn þessa dagana, þótt veiðin sé fyrir nokkru búin. Sumarið hefði mátt vera aðeins betra en svona er þetta bara, veiði er veiði. Og það styttist í næsta sumar. Kíkjum aðeins á Mýrarkvísl.

Á meðan Norðausturland stóðst ekki væntingar þegar litið er til laxveiðinnar, er þó hægt að sjá jákvæða niðurstöðu á sumrinu í Mýrarkvísl. Þrátt fyrir að Mýrarkvísl sé laxveiðiá má ekki gleyma því að þar er einnig sterkur urriðastofn líkt og í öllu vatnakerfi Laxár í Aðaldal.

Á meðan laxveiðin var erfið framan af var einhver besta þurrfluguveiði á urriða sem við höfum upplifað í Mýrarkvísl. Færir þurrfluguveiðimenn sem heimsóttu Mýrarkvísl í sumar voru flestir með tugi urriða á dag og stendur sérstaklega upp úr upplifun tveggja franskra veiðimanna sem lönduðu 110 urriðum á tveimur dögum ýmist á þurrflugu eða litlar púpur. Stærsti lax sumarsins var 100 cm hrygna sem tók rauða púpu nr. 16 í veiðistað 41 í Löngulygnu.



53 sm urriði sem tók Klinkhammer.



Kristján Magnússon með 73 sm hæng sem tók black ghost.



Júlíus Bjarnason með sex fugla. Mynd / Bjarni Júlíusson




Sebastían Oddi Björnsson með urrriðann flotta úr Ytri Rangá.

Fengu vel í soðið

Fyrsti dagurinn á rjúpu var kalsalegur en menn fengu vel í soðið margir hverjir. Það var rok en hlýtt. Við heyrðum aðeins hljóðið í Bjarna Júlíussyni.

„Þetta gekk strax vel á fyrsta degi sem mátti ganga til rjúpna, við fengum vel í jólamatinn," sagði Bjarni Júlíusson er við heyrðum í honum fyrsta daginn sem mátti ganga til rjúpna. Með honum var sonurinn Júlíus og veiðiskapurinn gekk vel. „Það var bara töluvert af fugli," sagði Bjarni enn fremur.

Það er hlýtt og menn að fá töluvert en allt autt á flestum stöðum á landinu. Nema kannski efst á fjallatoppum. Og spáin er bara góð áfram, hlýtt.



Bjarni Júlíusson með allavega tvo fugla. Mynd / Júlíus

Bolti í síðasta veiðitúrnum

„Já, ég fór í Ytri Rangá rétt áður en veiðin hætti og veiddi þennan 80 sentímetra fisk, þetta var skemmtilegur endir á sumrinu," sagði Sebastían Oddi Björnsson í samtali við Bændablaðið en hann endaði sumarið frábærlega og eftirminnilega.

„Ég var ekkert búinn að fara í sumar, svo þetta var gaman, þessi urriði tók vel í," sagði Sebastían um lokaveiðitúrinn á þessu sumri, en fiskurinn tók spún.

Lokatölur úr Ytri Rangá þetta sumarið voru 7451 lax, aðeins minna en í fyrra en flott veiði og margir fengu vel í soðið. Töluvert veiddist af vænum silungi í ánni í sumar.

Leiðandi framleiðandi í gólfum fyrir gripahús

naut - svín - hross - sauðfé



Hefðbundnir gólfbitar



Rastaðir gólfbitar



Velferðargólf - gúmmi og steinsteypa

AB Andersbeton www.andersbeton.com (VDV benton)

G. Skaptason, Starengi 13, 800 Selfoss. Sími 481 1020 gsm 893 4334, netfang: gskapta@internet.is
Sala og ráðgjöf Norðurland: Benedikt Hjaltason, Akureyri. Sími 894 6946, netfang: bigben@simnet.is

Bandsagarblöð í úrvali



Skerping ehf.

Smiðjuvegi 11 200 Kópavogi Sími. 564 2488 Gul Gata

Þjónusta við tré- og málmiðnað í 33 ár



Heyrðu nú!

Digital útvarps heyrnarhlífar á frábæru verði.
Verð: 10.995 kr.

Hafðu samband.
Við veitum þér faglega aðstoð.

DYNJANDI allt fyrir öryggið

Skeifunni 3h ll Sími: 588 5080 ll dynjandi.is

DANUBE Unimac

Getum við orðið að liði?

Við erum með allar lausnir fyrir þvottahús, Hótel, Gistiheimili og Sjúkrastofnanir.



Hótellín, þvottagrindur, taupokar ofl.

IceFAKTA ehf.

Kirkjustétt 2-6, 113 Reykjavík
Símar: 567 4577 / 892 8925
icefakta@icefakta.is / www.icefakta.is

SAVAGE ARMS

ACCUTRIGGER
ACCUSTOCK

Vesturröst 60 ÁRA 1957 - 2017



Savage Mark II BV 22 cal
cal 17 Hmr **kr 74,900**
kr. 69.900

Model: 93R17GVXP
Cal: 17HMR með þungu hlaupi sjónauka 3-9x40
kr. 69.900

Model: MarkII FVXP
Cal: 22 LR með 3-9x49 sjónauka
kr. 59,900

Savage Mark II G 22 cal
kr. 49,900

Model: Mark II FXP
Cal: 22 með 3-9x49 sjónauka
kr. 57,900

Vesturröst

Vesturröst ehf - Sérverslun veiðimannsins - Laugavegi 178 - sími: 551 - 6770 - www.vesturrost.is

BÍLSKÚRA- OG IÐNAÐARHURÐIR

Smíðum sérlega vandaðar bílskúrs- og iðnaðarhurðir eftir málum



Þær eru léttar og auðveldar í notkun.

Einangrun er á öllum köntum. Fáanlegar í mörgum stærðum og gerðum, með eða án glugga. Einnig fáanlegar með mótordrifi

Vagnar & þjónusta ehf
Tunguháls 10, 110 Reykjavík
Sími: 567-3440, **www.vagnar.is**

HROSS & HESTAMENNSKA



Frá kynningu Léttis á Akureyri.

Samstarf nyrðra um hestamennsku fyrir fatlaðra

Hestamannafélagið Léttir, Hestaleigan Kátur, Akureyrarbær og Fjölmennt eru að hefja samstarf um hestamennsku fyrir fatlaða í í Léttishöllinni ofan Akureyrar í vetur.

Kynning var í liðinni viku, öllum opin, á því sem upp á verður boðið og voru hestar til reiðu, m.a. með sérbúnaði svo þeir sem áhuga höfðu á að prófa að bregða sér á hestbak stóð það til boða. Þó nokkur fjöldi fólks mætti á kynninguna og þótti Léttismönnum ánægjulegt að sjá hversu margir óskuðu eftir að spreyta sig á hestbaki.

„Gleðin var fölskvalaus og mikil ánægja er með þetta framtak okkar," segir á heimasíðu Léttis. Málið verður kynnt frekar á næstunni og sérstök námskeið þá jafnframt auglýst. /MÞÞ





Rannsóknahópurinn sem gerði úttekt á Landsmóti hestamanna á Hólum 2016 kom frá Bretlandi, Noregi og Svíþjóð auk Íslands og eru meðlimir hans sérfræðingar á ýmsum sviðum viðburðahalds og ferðamála.

Viðamesta rannsókn sem gerð hefur verið á viðburði hérlendis:

Marka þarf skýrari stefnu um þjónustu við erlenda gesti og sjálfboðaliða

Háskólinn á Hólum og Landssamband hestamannafélaga kynntu í síðustu viku niðurstöður rannsóknar fjölþjóðlegs rannsóknarhóps um Landsmót hestamanna 2016 sem viðburðar.

Meginmarkmið rannsóknarinnar var að afla heildstæðrar þekkingar um Landsmót hestamanna sem viðburðar. Frumniðurstöður helstu rannsóknaþátta hafa verið birtar en frekari úrvinnsla gagna sem og kynning niðurstaðna er fyrirhuguð á alþjóðlegum vettvangi.

Rannsóknahópurinn kom frá Bretlandi, Noregi og Svíþjóð auk Íslands og eru meðlimir hans sérfræðingar á ýmsum sviðum viðburðahalds og ferðamála.

Meðal þess sem fengist var við í rannsókninni er efnahagslegt mikilvægi viðburðarins, upplifun og hagsmunir heimamanna, upplifun gesta, viðhorf ræktenda, sýnenda og sjálfboðaliða og áhrif viðburðarins á ímynd svæðisins og landsins sem áfangastaðar. Fjölþættum aðferðum er beitt við úrvinnslu og greiningu gagna.

Mótið stóðst væntingar

Meginniðurstaða rannsóknarinnar er að Landsmót hestamanna á Hólum 2016 stóðst og fór að hluta til fram úr væntingum markhópsins.

Væntingar til mótsstaðarins kunna að hafa verið minni sökum þess hve seint hann var ákveðinn, en upplifun gesta og heimamanna af staðsetningunni var jákvæð. Framkvæmd mótsins fékk jákvæða dóma meðal þátttakenda og sérstaklega fyrtir það að mótsstaðurinn bauð upp á aðstöðu sem þjónaði allt í senn áhorfendum, keppendum, sýnendum og hrossum.



Hólar í Hjaltadal. Mynd / HKr.

Marka þarf skýrari stefnu

Önnur meginniðurstaða rannsóknarinnar er að marka þarf skýrari stefnu um þjónustu við erlenda gesti og sjálfboðaliða. Ekki er gefið að ástæða sé til að markaðssetja mótið fyrir breiðari markhóp, fremur virðist þörf á að efla þjónustu við þann afmarkaða markhóp sem tilheyrir Íslandshestaheiminum í öðrum löndum.

Fyrir erlenda gesti er mikilvægt að kynna dagskrá og skipulag mótsins með löngum fyrirvara. Þá er rétt að hafa í huga að þó það sé vissulega góður árangur hve stór hluti Landsmótsgesta er tryggur markhópur þá er 6% nýliðun meðal innlendra gesta hugsanlegt áhyggjuefni til lengri tíma litið.

Veruleg efnahagsleg áhrif

Í þriðja lagi er ljóst að efnahagsleg áhrif Landsmóts hestamanna eru umtalsverð á því svæði sem mótið er haldið. Varlega áætlaðar niðurstöður gera ráð fyrir að efnahagsleg áhrif mótsins, meðan á því stóð, hafi verið um 160 milljónir íslenskra króna. Eru þá ótalin önnur efnahagsleg áhrif, svo sem velta viðburðarins sjálfs.

Hægt er að nálgast rafbókina með niðurstöðum rannsóknanna á Landsmóti hestamanna 2016 á vef Háskólans á Hólum, www.holar.is. /VH

Bændablaðið Smáauglýsingar 56-30-300 • Næsta blað kemur út 16. nóvember

Fáðu heyrnartæki til prufu



Um árabil hefur Heyrnartækni veitt þjónustu víðs vegar um landið. Við bjóðum upp á mikið úrval vandaðra heyrnartækja í ólíkum verðflokkum. Kannaðu hvenær Árni Hafstað heyrnarfræðingur verður næst í nágrenni við þig.



Akranes | Akureyri | Egilsstaðir | Húsavík | Reykjanesbær | Selfoss | Vestmannaeyjar

Bókaðu tíma í síma 568 6880 eða á www.heyrnartaekni.is

Heyrnartækni

Heyrnartækni | Glæsibæ | Álfheimum 74 | 104 Reykjavík | Landsbyggðaþjónusta | Sími 568 6880



Verður haldin að **Hótel Smyrlabjörgum** laugardaginn 11. nóvember.

- √ *Veislustjóri er Stefán Bogi Sveinsson.*
- √ *Skemmtiatriði frá heimafólki.*
- √ *Lambakjöt og annar veislumatur á borðum að hætti Hótelsins.*
- √ *Hljómsveitin KUSK leikur fyrir dansi og spilar undir fjöldasöng.*

Húsið opnar kl. 19:00 og borðhald hefst kl. 20:00.

Miðapantanir í síma 478 1074 eða á smyrlabjorg@smyrlabjorg.is


Miðaverð er 6.000 kr.

Allir velkomnir!



Varahlutir og viðgerðarþjónusta fyrir JCB traktorsgröfur

Vélavit
Sala - Þjónusta
S: 5272600 - www.velavit.is



SMIÐJUVEGI 7 · 200 KÓPAVOGI
SÍMI 54 54 300 · ISPAN.IS
/ISPANREYKJAVIK

ÍSPAN
GLER OG SPEGLAR



Jörðin Hlíðarendakot

Eignaborg auglýsir til sölu jörðina Hlíðarendakot í Fljótshlíð.

Um er að ræða jörð sem er talin um 700 ha að stærð auk hluta í óskiptu landi. Ægifagurt útsýni er frá Hlíðarendakoti, m.a. til Vestmannaeyja, Eyjafjalla- og Mýrdalsjökuls. Fagrir fossar falla af brúnum, þar á meðal hinn þekkti Gluggafoss.

Helstu byggingar eru 152 m^2 íbúðarhús byggt árið 2000 og 411 m^2 skemma reist 1997. Rafmagn er fengið frá nýrri rafstöð sem er á jörðinni og er framleiðslugeta hennar 30 kW. Sjá nánar á eignaborg.is

Nánari upplýsingar gefur Sveinbjörn Sveinbjörnsson hdl. og lögg. fasteignasali, gsm. 8922804, netfang sveinbjorn@eignaborg.is






EIGNABORG
FASTEIGNASALA
Hamraborg 12, 200 Kópavogi, www.eignaborg.is

Bændablaðið
Smáauglýsingar 56-30-300

STARTARAR OG ALTERNATORAR

fyrir allar gerðir bíla, báta og vinnuvéla

Frí heimsending um allt land

Glerárgata 34b v/ Hvannavelli · 600 Akureyri
Sími: 461 1092 · E-mail: asco@asco.is

ÁSCO

Husqvarna – Steinsagir, kjarnaborvélar, gólf- og vegsagir



HUSQVARNA FS 400 LV
Sögunardýpt 16,5 sm

HUSQVARNA K 760
Sögunardýpt 12,5 sm

HUSQVARNA K 3600 MK II
Sögunardýpt 27 sm

HUSQVARNA K 2500
Sögunardýpt 14,5 sm

HUSQVARNA DM 230

HUSQVARNA
Steinsagarblöð og kjarnaborar

MHG VERSLUN

ALLT FYRIR ATVINNUMANNINN

MHG Verslun ehf | Akralind 4 | 201 Kópavogi | Sími 544-4656 | www.mhg.is

FRÉTTASKÝRING

Suður-Evrópubúar hafa í sumar fundið verulega fyrir þverrandi neysluvatni í hlýnandi loftslagi:

Ítalskir bændur verða fyrir milljarða tapi vegna þurrka

– Vatnið er nú í auknum mæli metið sem ígildi gulls enda uppistaða lífs og allrar matvælaframleiðslu

Hörður Kristjánsson
hk@bondi.is



Almenningur í Evrópu er smám saman að vakna til vitundar um mikilvægi og verðmæti vatnsins. Eftir mikið þurrkasumar á Ítalíu eru vísindamenn nú farnir í fúlustu alvöru að tala um vatn sem gull hvað mikilvægi og verðmæti varðar. Enn á ný er því mikil ástæða fyrir Íslendinga að minnast þeirra forréttinda sem við búum við í vatnsmálum umfram flestar aðrar þjóðir heims. Einnig mikilvægi þess að þjóðin glati ekki yfirráðum yfir eigin vatnslindum.

Veðurfræðingar segja Ítali hafa upplifað þurrasta vor í 60 ár á þessu ári og á sumum landsvæðum hafi úrkoma minnkað um 80% frá því sem gerist í meðalári. Ekkert lát var á þessum þurrkum í sumar og fram á haustið. Í þessum þurrkum hefur Sardinía orðið einna harðast úti. Á fyrstu sex mánuðum þessa árs rigndi aðeins í 26 daga í Róm samanborðið við 88 daga á fyrri árshelmingi 2016. Þá bætir það ekki ástandið að sumar vatnslagnir í borginni eru allt frá tímum Rómverja og orðnar mjög lekar.






Frá Gardavatninu í Norður-Ítalíu 22. október 2017. Hér má sjá sýkið umhverfis kastala sem Scaliger-ættin og Mastino I della Scala reisti á Sirmione-tanganum við suðurenda Gardavatns á þrettándu öld. Á veggjum kastalans má vel greina hvernig vatnsyfirborðið hefur verið um 1,5 metrum hærra áður en það fór að lækka vegna þurrkanna.
Mynd / HKr.



Þessi mynd af Tiber-ánni sem liggur í gegnum Róm 26. júlí 2017 og sýnir mjög lága vatnsstöðu.




Staða rakamælinga í jarðvegi á Ítalíu 10. ágúst 2017.

Í lok ágúst var BBC með umfjöllun um þurrkana á Ítalíu í sumar þar sem allra leiða var leitað til að bregðast við vatnsskorti. Vatíkanið lokaði m.a. fyrir alla sína vatnsfonta. Þá hafði verið farið fram á að lýst yrði yfir neyðarástandi í 11 af 20 héruðum vegna vatnsskorts. Þetta eru svæði frá Veneto í norðri, þar sem m.a. er að finna Gardavatnið og borgirnar Veróna og Feneyjar, til Sikileyjar í suðri. Þá voru einnig nefnd héruðin Emilia-Romagna, Toskana, Marche, Molise, Puglia, Calabria, Sardinía og Trento, eða stærsti hluti Ítalíu.

Þar var m.a. greint frá því að fyrirtækið Acea hafi unnið að því að reyna að minnka sóun vatns vegna vatnsskorts með því að leita uppi leka í vatnsveitukerfum. Hafi fyrirtækinu tekist að loka fyrir 1.300 leka síðan í maí. Segist fyrirtækið hafa skoðað 4.700 kílómetra af vatnsleiðslum, eða nærri 90% af vatnskerfi Rómaborgar.

Vegna þessara óvenjulegu þurrka var ástandið orðið mjög slæmt í Róm. Þar hafði rignt 70% minna en á sama tímabili síðustu þrjú ár. Sífellt minna vatn var í boði fyrir íbúa borgarinnar.

Um 8% af vatni borgarbúa hefur verið fengið úr stöðuvatninu Bracciano norður af Róm þar sem vatnsyfirborð hafði lækkað mjög.



Gardavatnið, sem er 51,6 kílómetrar að lengd og 2.350 ferkílómetra breitt, er staðsett nyrst á Ítalíu.



Grynningar í Bracciano-vatninu norður af Róm er nú þurrt eftir að vatnsyfirborðið hefur lækkað mjög vegna þurrkanna í sumar.
Mynd / ESA–J. Benveniste

Hratt hefur gengið á Gardavatnið


Á Norður-Ítalíu hefur staðan verið litlu skárri samkvæmt upplýsingum Bændablaðsins frá heimamönnum. Vatnsyfirborð í Gardavatninu, sem er 2.350 ferkílómetrar að stærð, 51,6 kílómetri að lengd og 16,7 km breitt þar sem það er breiðast, var um 1,5 metrum lægra nú um miðjan október en venjulega á þessum árstíma. Það þýðir að 3.525 rúmkílómetra af vatni vantar upp á eðlilega stöðu. Einn rigningardagur kom þó 22. október sem varla hefur þó skipt sköpum.

Uppgufun í Gardavatni meiri en sem nemur einu Þingvallavatni

Gardavatnið er sannarlega enginn smá pollur því meðaldýpt þess er 136 metrar við venjulegar aðstæður og mesta dýpt 346 metrar. Til samanburðar er Þingvallavatnið okkar 84 ferkílómetrar að stærð og með meðaldýpt upp á 34 metra og mestu dýpt 114 metra. Heildar vatnsmagnið í Þingvallavatni er um 2.856 rúmkílómetrar eða 699 rúmkílómetrum minna vatnsmagn en horfið hefur úr Gardavatninu vegna þurrkanna á Ítalíu í sumar.

Milljarða tap vegna þurrkanna

Á Ítalíu hefur þegar orðið milljarða evra tap í landbúnaði vegna



Þróun rakamælinga ESA's Soil Moisture CCI project í jarðvegi á Ítalíu frá 1997. Blái liturinn sýnir þau tímabil þegar rakinn í jarðvegi var yfir meðaltali og sá rauði þegar staðan var undir meðallagi. Allt frá 2003 virðist hafa verið að síga mjög á ógæfuhliðina.

vatnsskorts í sumar. Samkvæmt frétt BBC höfðu bændasamtökin Coldiretti lýst því yfir að tapið væri orðið í ágúst um 2 milljarðar evra, eða sem nemur rúmlega 24,8 milljörðum íslenskra króna.

Eins og flestir þekkja eru Ítalir miklir vínframleiðendur og eru með drjúga hlutdeild af ólífu- og ólífuolíuframleiðslu heimsins. Í 9 löndum Evrópusambandsins voru framleidd 2.322.300 tonn af ólífuolíu á árinu 2016. Áætlað er að sú framleiðsla falli niður í 1.923.300 á þessu ári, en uppgjörsárið í ólífugeiranum er talið frá septemberlokum til 1. október árið eftir, ekki ósvipað íslenska kvótaárinu.

Ólífuframleiðslan á Ítalíu minnkar um helming

Til samanburðar þá var heimsframleiðsalan á ólífuolíu á árinu 2016 samtals 3.168.600 tonn. Framleiðsla ESB-landanna níu á árinu 2016 var því rúmlega 73% af heimsframleiðslunni samkvæmt tölum Alþjóða ólífuráðsins (International Olive Oil Council). Þar framleiddu Spánverjar langmest, eða 1.401.600 tonn 2015/2016 og Ítalía kom næst með 463.700 tonn. Nú er áætlað að framleiðslan á Spáni detti niður í 1.311.300 tonn, eða um 7% og á Ítalíu niður í 243.000 tonn, eða um nær helming eða 48%.

Vegna þurrkanna og samdráttar í ólífuuppskeru var búið að vara við því á markaðnum að búast mætti við verulegum verðhækkunum á ólífuolíu í vetur.

Miklar sveiflur í verði

Meðalverð á Extra Virgin olíu var



Ólífurækt er ekki síður snar þáttur í lífi ítalskra bænda en ræktun vínberja og oft ræktað samhliða.

mjög hátt á árunum 2014 til 2015 og fór hæst í rétt rúmar 600 evrur hver 100 kg á Bari markaði á Ítalíu. Það sem nefnt er Extra Virgin olía er úrvalsolían sem fæst úr fyrstu pressun á ólífunum. Verðið lækkaði mikið í kjölfar mikillar framleiðslu á árunum 2015 til 2016 og fór lægst í tæplega 340 evrur á hver 100 kg í desember 2015. Í júní 2016 tók verðið að stíga mjög hratt og var komið í um 565 evrur í nóvember 2016 í framhaldi af metuppskeru á Spáni og á Ítalíu. Hæst fór það svo í nærri 620 evrur hver 100 kg í lok febrúar 2017. Síðan fór verð lækkandi alveg fram í ágúst á þessu ári þegar það var í um 540 evrum hver 100 kg. Ekki er því ólíklegt að ný met verði slegin í verði á þessari gerð ólífuolíunnar í vetur og að það fari vel upp fyrir 600 evrur á hver 100 kg.

Meðaltals kostnaðarverð við hreinsun á ólífuolíu hefur fylgt svipuðum sveiflum og markaðsverð á Extra Virgin olíu og fór hæst í um 395 evrur fyrir hver 100 kg í ágúst 2015 og náði sama marki í mars 2017. Svipað hefur verið á verði á Ítalíu og Spáni en þó örlítið lægra á Spáni.

Um 98% ólífuræktarinnar kemur frá löndum við Miðjarðarhaf

Samkvæmt skýrslu sem International Olive Council gerði um framleiðslukostnað á ólífuolíu 2015 voru þá ræktaðar ólífur á 11 milljónum hektara í 47 löndum um allan heim. Uppskeran fer fram frá október fram í apríl á norðurhluta jarðarinnar og frá apríl fram í júlí á suðurhlutanum. Um 98% heimsframleiðslunnar kemur frá löndum við Miðjarðarhaf.

Um 12.000 olíumyllur eru starfræktar í heiminum til að pressa ólífur. Um 80% þeirra eru hátækniverksmiðjur sem eru með svokallað „centrifugal system“ en enn er þó töluvert um að gamaldags steinkvarnir séu notaðar við vinnsluna.

Ólífuolían er lítt eða ekki notuð til steikingar, heldur beint til neyslu með brauði, pasta, grænmeti og öðrum mat. Ólífuolían er aðeins um 1,7% af allri neysluhæfri jurtaolíu og dýrafitu sem notuð er við matargerð og er framleidd í um 184 milljónum tonna á ári.



Hús á vatnsbakkanum í bænum Malcesine nærri norðurenda Gardavatns 22. október 2017. Þarna má vel greina, m.a. á stiganum hægra megin á myndinni, að vatnsyfirborðið hefur oft verið mun hærra en það er nú. Mynd / HKr.



Ostrusvepparæktun í endurunnum kaffikorgi

– Einnig tækifæri í aukabúskap fyrir kornbændur

Ostrusveppir þykja mikið lostæti og það er lítið mál að rækta þá til heimabrúks. Það sem meira er, þá getur þú endurnýtt kaffikorginn þinn og notað sem jarðveg fyrir ræktunina.

Magnús Magnússon sameinar áhuga sinn á endurnýtingu hráefna og svepparækt í ostrusvepparæktuninni. Hann er með umboð fyrir ostrusveppagró – sem notuð er í korginn – og kaupir það inn frá Hollandi og Belgíu.



Ostrusveppir eru úrvalsfæða, að sögn Magnúsar, sem getur gert hversdagsmat að hátíðarmat.

Emmson sveppir

„Ég fékk áhuga á endurnýtingu hráefna fyrir nokkrum árum – sérstaklega þeirra sem hafa lent í urðun. Mér hefur líka fundist svepparækt sérstaklega áhugaverð og því má segja að þetta tvennt sameinist í ostrusvepparæktuninni. Ég hef sótt námskeið hjá RotterZwam í Hollandi en þeir eru upphafsmenn í því að nýta kaffikorginn í svepparækt inni á heimilunum. Ég hef líka sótt þekkingu til Grocycle í Englandi og tekið þátt í Mushroom learning network í Danmörku en það er hreyfing fólks í Evrópu sem hefur endurnýtingu að hugsjón," segir Magnús, sem markaðssetur vöru sína sem Emmson sveppi.

„Þessi vistvæna svepparæktun hefur rutt sér mjög til rúms í borgarsamfélögum bæði austan hafs og vestan og það er ekki óalgengt að ræktunin fari fram inni í miðri borg þar sem kaffi- og tenotkun er mest," segir Magnús.

„Þess má geta að framleiðsla á þessari hollustuvöru hefur gert það að verkum að sveppaframleiðsla er orðin jafnoki kaffiframleiðslunnar í heiminum hvað verðmæti varðar. Hún mun svo halda áfram að aukast með meiri vitneskju um efnainnihald þessara sveppa og áhrifum framleiðslunnar á líf fólks og áhrifa á umhverfið allt. Úrgangur frá ræktuninni er lyktarlaus og laus við mengun og einhver allra besta gróðurmold sem völ er á. Erlendis er moldin notuð til lífrænnar ræktunar."

Bændur geta notað hálminn

Magnús býður fólki, sem fyrr segir, upp á tilbúinn pakka sem dugar til að hefja ostrusvepparæktunina – en kaffikorgurinn kemur frá heimilinu sjálfu eða úr nærumhverfinu, til dæmis frá veitingahúsum eða vinum. Hann bendir bændum líka á möguleikann að nota hálm. „Það er mjög gott að rækta ostrusveppi í hálmi og tilvalið fyrir bændur sem hafa góða aðstöðu til slíkrar ræktunar að framleiða ostrusveppi fyrir sjálfa sig og ef til vill til sölu á næsta hóteli eða veitingahúsi. Með því að framleiða þetta þannig á hverjum stað minnkar allur flutningur – og þar með vistsporið. Til að framleiða úr hálmi þarf bara að kaupa ræktunarílát, leiðbeiningar og sveppaþræði.

Tilgangurinn með þessari ræktun og þróunarstarfi í svepparækt er meðal annars að minnka vistsporið og aðstoða fólk við að hefja sjálft sína ræktun. Á þriðja þúsund tonn af kaffi er flutt til Íslands um langan veg með tilheyrandi áhrifum á umhverfið. Við gerð kaffidrykkjar notast minna en eitt prósent af kaffiduftinu. Svepparæktunin felst í því að safna kaffikorgi og svo er blanda búin til úr honum, kalki og hálmi. Ostrusveppirnir vaxa í þessum massa og eru mjög næringarríkir af vítamínum og próteini – og sagðir styrkja ónæmiskerfi mannsins. Þetta er framleiðsla sem mengar ekki og það þarf ekki að auka ræktarland.

Hún getur farið fram í ónotuðum byggingum innan borga og bæja, ef ætlunin er að rækta mikið magn. Ræktunin þarf þó að fara fram við eins hreinar aðstæður og mögulegt er. Komist önnur sveppagró inn í ræktunina utan frá er hún ónýt í það skiptið. Við uppáhellingu sótthreinsum við kaffikorginn, en önnur efni eins og hálm til dæmis – sem hægt er að nota líka – þarf að sótthreinsa við um 62 gráðu hita í um eina og hálfa klukkustund. Ræktunin fer fram í endurunnu plasti, sem sérstaklega er framleitt fyrir þessa notkun," útskýrir Magnús.

Bera engin gró

Hráefnið til framleiðslunnar eru sem fyrr segir gró frá sveppum sem Magnús segir að komi frá Hollandi og/eða Belgíu, með leyfi Matvælastofnunar. „Þetta kemur frá tveimur stærstu rannsóknarstofum í heiminum sem framleiða sveppaþræði.

Ég hef svo sett saman pakka með búnaði og leiðbeiningum þannig að fólk getur ræktað sína ostrusveppi úr kaffikorgi sem fellur til á heimilinu. Þetta er bæði lærdómsríkt og skemmtilegt. Latínuheiti sveppanna er „Pleurotus Ostreatus" (grár ostrusveppur). Sveppirnir eru ræktaðir þannig að þeir bera engin gró (fræ) þannig að það er engin hætta á smiti út í andrúmsloftið. Dósirnar eru seldar hjá Innigörðum ehf. í Hraunbæ 117 og ég hef einnig sent þær eftir pöntunum út á land."

Gerir hversdagsmat að hátíðarmat

„Ég sé svepparæktun sem möguleika fyrir bændur og aðra sem eru í ferðaþjónustu til þess að geta ræktað sína eigin ostrusveppi úr kaffikorgi og/eða hálmi og boðið upp á þessa úrvalsfæðu sem gerir hversdagsmat að hátíðarmat," segir Magnús og hvetur þá sem hafa áhuga að setja sig í sambandi við sig í gegnum netfangið emmson@emmson.tv. Hann bendir áhugasömum einnig á Facebook-síðuna Sveppasamfélagið. /smh



Emmson ræktunarsettið

Tilgangurinn með ræktunarsettinu er að geta breytt notuðum kaffikorg í úrvals matvöru í stað þess að setja hann beint í ruslið eða moltugerð.

Með þessari ræktunaraðferð er hægt að nota kaffikorginn sem fellur til í eldhúsinu. Svo er bara bætt í ræktunarfötuna þegar kaffikorgur fellur til í þínu eldhúsi. Ef áhugi er á meiri framleiðslu þá má nálgast kaffikorg víða; á vinnustað eða næsta kaffihúsi. Það er hægt að nota margt fleira sem fellur til, eins og hálm, bylgjupappa og fleira.

Notkunin á kaffikorginum er áhugaverð að því leyti að hann er aukaafurð af kaffiframleiðslunni og það þarf enga umfram orku þegar hann er notaður fljótlega eftir uppáhellingu. Við það ferli sótthreinsast hann, en önnur efni eins og hálm þarf að sótthreinsa við um 62 gráðu hita í um eina og hálfa klukkustund.

Ræktunarsettið er búið til úr endurunnu plasti og álímdar prentaðar upplýsingar á endurunninn pappír. Hægt er að nota ræktunarfötuna aftur og aftur – í raun í mörg ár. Ef annað efni en plast væri notað undir ræktunina myndi sveppurinn éta það.



Magnús Magnússon er með umboð fyrir ræktunarsettið.



Ræktunin er einföld, blandað er saman kaffikorgi og sveppaþráðum og úr því myndast sveppurinn.

UTAN ÚR HEIMI

Minnsta vínframleiðsla í Evrópu í 36 ár

Veðurskilyrði eins og haglél, þurrkar og ofsaveður, hafa komið hart niður á vínbændum í Evrópu þannig að framleiðslutölur hafa ekki verið lægri síðan 1981. Á sumum stöðum eru svæði svo illa útileikin að um einn þriðji af framleiðslunni er skemmd.


Evrópsku bændasamtökin Copa-Cogeca tilkynntu á dögunum að óveður í álfunni hafi minnkað uppskeru ársins um 14% frá því í fyrra. Þannig sé vínframleiðsla í Evrópu um 145 milljónir hektólítrar á þessu ári og hefur ekki verið minni í 36 ár. Tvö stærstu vínframleiðendalöndin, Frakkland og Ítalía, koma verst út eftir árið en í Frakklandi hefur framleiðslan minnkað um 18 prósent samanborið við árið 2016, og á Ítalíu er framleiðslan 26 prósentum minni en árið áður. Forsvarsmenn Copa-Cogeca árétta þó að víngæðin séu mjög há og góð þrátt fyrir veðurfarið, en að minna magn geti fært til verðaukningar. Vínframleiðsla í Evrópu er um 60 prósent af allri vínframleiðslu heimsins.

/ehg - Nationen

GÚMMÍBELTI UNDIR ALLAR VÉLAR

TerraTrack®

✔ ALVÖRU GÚMMÍBELTI MEÐ 2 ÁRA ÁBYRGÐ
✔ ALLAR STÆRÐIR TIL Á LAGER
✔ ÚTVEGUM UNDIRVAGNSVARAHLUTI Í ALLAR STÆRÐIR OG TEGUNDIR BELTAVÉLA



ASTRAK® FOR THE BEST ON EARTH™

Hýsi-Merkúr hf. | Lambhagavegur 6 | 113 Reykjavík
534 6050 | merkur@merkur.is | www.merkur.is

MERKÚR



Frøydis Haugen, bóndi og varaformaður í norsku Bændasamtökunum. Mynd / Norges Bondelag

Norskir bændur í fóðurkreppu

Vegna fóðurkreppu í Norður-Hörðalandi í Noregi neyðast nú bændur til að slátra hluta af bústofninum. Þetta kemur til vegna veðráttu í sumar og lélegrar uppskeru í kjölfar þess. Margir bændur hafa ekki komist út á tún sín vegna vætu og því ekkert náð að slá í sumar. Björgunaraðgerðir fyrir veturinn hafa falist í því að kaupa fóðurbirgðir frá Óslóarsvæðinu og í Svíþjóð.

Margir bændur á svæðinu tapa því miklum fjármunum á versta fóðurtímabili í manna minnum, sumir segja að leita verði aftur til ársins 1964 til að sjá viðlíka ástand og er nú. Það eru helst mjólkurbændur sem hafa sent hluta af gripum sínum til slátrunar en flestir sauðfjárbænda ætla að reyna að komast í gegnum tímabilið án þess. Ástæðan fyrir því að bændur á þessu svæði koma sérstaklega illa út er að mikið er um mýrar í jarðveginum og því tekur það lengri tíma fyrir landið að jafna sig eftir miklar rigningar.

Frøydis Haugen, bóndi á svæðinu og varaformaður í norsku Bændasamtökunum, segir í samtali við Bergens Tidende að í ár sé sannkallaður uppskerubrestur víða hjá norskum bændum og á það ekki aðeins við um landsvæðið sem hún býr á. Vitnar hún í votviðrasamt sumar á fleiri stöðum í Noregi og sums staðar hafa bændur komið illa út úr flóðum. Hún hvetur því bændur til að standa þétt saman og að vera duglega til að leita sér upplýsinga og ráðgjafar.

/ehg - BT



JÖTUNN VÉLAR · VERSLUN · VARAHLUTIR

Þreytuna burt

MF5712SL einbeittur harðjaxl í alla ámoksturstækjavinnu.

Lágnefja með einstöku útsýni og mikilli lipurð tryggir ánægjulegan vinnudag og vellíðan.



Massey Ferguson 5712 SL

Vélarnar eru ríkulega útbúnar og mikið hugað að þægindum ökumanns með þann tilgang í huga að ökumaður sé nánast óþreyttur eftir langan vinnudag.

Verð frá 9.190.000 án vsk
Með ámoksturstækjum

Upptalning er aðeins hluti þess sem í vélunum er, hafið samband við sölumann til að fá nánari upplýsingar.

Helsti búnaður, Essential: 4 cyl. 120 Hp mótor • Dyna 4 skipting (16x16 hraðastig) Kúplingsfrí stjórnun • Autodrive sjálfskipt/Beinskipt. Bremsupedali virkar á kúplingu. • 100 L Open center vökvadæla • Ámoksturstæki með stjórnpinna sem inniheldur stjórnun skiptingar og forritanlegum rofum • Rúmgott ökumannshús, loftfjöðrun á sæti og bólstað farþegasæti. Topplúga með gleri • Húsfjöðrun og loftkæling • 3x2 vökvaúttök að aftan, dráttarkrókur með vökvaútskoti

Helsti búnaður, Efficient: 4 cyl. 120 Hp mótor • Dyna 4 skipting (16x16 hraðastig) Kúplingsfrí stjórnun Autodrive sjálfskipt/Beinskipt. Bremsupedali virkar á kúplingu • 110 L Load Sensing álagstýrð vökvadæla • Ámoksturstæki með rafstýrðum stjórnpinna sem inniheldur stjórnun skiptingar og forritanlegum rofum • Vökvaútskot á dráttarkrók Rúmgott ökumannshús, loftfjöðrun á sæti og bólstað farþegasæti. Topplúga með gleri • Húsfjöðrun og loftkæling • Rafstýrðir speglar með hita • 8 LED vinnuljós og LED ökuljós • Dekk 600/65R38 & 480/65R28 • Valkostur fjöðrun á framhásingu

Austurvegur 69 - 800 Selfoss // Lónsbakki - 601 Akureyri // Sólvangi 5 - 700 Egilsstaðir // Sími 480 0400 // jotunn@jotunn.is // www.jotunn.is

Á FAGLEGUM NÓTUM

Staða sauðfjárræktar í nútíð og framtíð

Það er dásamlegt að vera sauðfjárbóndi og geta stundað sína daglegu vinnu í nánum tengslum við náttúruna. Lifa í návígi við landið, á því og með því. Þurfa að semja við duttlunga veðurguðanna nánast á hverjum degi. Huga að búpeningi. Framleiða góða vöru þess fullviss að skepnunum er boðið gott atlæti alla ævi. Partur af daglegum störfum er útivera og hreyfing, starfið er gefandi en krefst einnig þekkingar og útsjónarsemi.



Landssamtök sauðfjárbænda hafa frá því í vor óskað eftir því við stjórnvöld að farið yrði í úttekt á afurðageiranum, þar sem metnir verði möguleikar til hagræðingar. Myndir / HKr.

Það hefur varla farið fram hjá neinum að sauðfjárræktin er stödd í kreppu um þessar mundir. Þrátt fyrir allt framan sagt þá tekur á að vera sauðfjárbóndi í dag, upplifa á eigin skinni launaleysi og kröpp kjör en í ofanálag neikvæða umræðu. Umræðu þar sem meðal annars er látið að því liggja að greinin sé ígildi hálfgerðs þurfalings sem hlaupi ávallt vælandi til hins opinbera, jafnvel oft og reglulega, út af öllu og engu. Þessu er erfitt að sitja undir, ekki síst þegar hlutirnir eru skoðaðir í samhengi.

Markaðsdýfur og sveiflujöfnun

Lambakjötsframleiðsla á Íslandi er frjáls. Engir kvótar eru við lýði og verðlagning er frjáls á öllum stigum. Greinin býr við lága tollvernd, enga fjötra og engar hömlur. Á Íslandi eru framleidd um 10.000 tonn af lambakjöti. Frábærri vöru sem er framleidd á vandaðan og heilnæman hátt, gleymum því ekki.

- Um 6.500 tonn hafa verið seld á innanlandsmarkaði. Þar hefur sala gengið vel, aukning varð á sölu í fyrra sem hefur haldið áfram það sem af er þessu ári, þrátt fyrir að hver Íslendingur neyti að meðaltali margfalt meira magns en fólk í löndunum í kringum okkur. Oft hefur verið bent á skort á vöruþróun og bættri framsetningu lambakjöts. Þeir þættir horfa til bóta, þeirri þróun þarf að fylgja eftir og gera enn betur.

- Um 3.500 tonn hafa farið á erlenda markaði, eða framleiðsla frá meira en þriðja hverju sauðfjárbúi. Það er ljóst að vegna útflutnings vörunnar hefur verið skapaður fjöldi starfa í dreifbýli. Rétt er að árétta að útflutningur leiðir ekki til aukins opinbers stuðnings. Það má því segja að greinin hafi einfaldlega nýtt þau tækifæri til verðmætasköpunar sem til staðar voru. Sala á u.þ.b. 1.500 tonnum af þessum 3.500 gengur ágætlega. Forsendur fyrir sölu á um 2.000 tonnum eru hins vegar brostnar svo hægt sé að standa undir framleiðslu vörunnar.

Tvö þúsund tonn af kjöti er algjör örstærð á alþjóðlegum mörkuðum. Engu að síður setja þessi 2.000 tonn veruleika okkar sauðfjárbænda á hliðina. Því þessi framleiðsla, sem ekki á samastað lengur á viðunandi mörkuðum, veldur því að allir aðrir markaðir komast í uppnám. Til verður kaupendamarkaður fyrir allt lambakjöt, líka þau 8.000 tonn sem fóru á markaði sem voru í jafnvægi og hafa gengið vel. Niðurstaðan er sú að botninn dettur



Oddný Steina Valsdóttir.

úr markaðinum og öllu tapi er ýtt yfir á frumframleiðandann. Í löndunum í kringum okkur væri slíkt ekki látið gerast. Bændur væru ekki settir í þá stöðu að bera einir ábyrgð á slíkri niðursveiflu á markaði.

Í Evrópusambandinu og í Bandaríkjunum tíðkast til dæmis að kaupa upp vörur af markaði við þessar aðstæður. Miðað er við ákveðið lágmarksverð og ef verð á mörkuðum fer niður fyrir það er brugðist við með uppkaupum, eða öðrum mótvægisaðgerðum. Noregur og fleiri ríki hafa annars konar verkfæri til að bregðast við. Ástæðan er einföld. Framleiðsluferlar eru langir og fjárbinding í landbúnaði er mjög mikil. Það er ekki skrúfað fyrir framleiðslu vörunnar á nokkrum vikum til að bregðast við breyttum aðstæðum á markaði. Í öllum þessum löndum er skilningur á því að samanlagt tap samfélagsins af fjöldagjaldþrotum bænda í niðursveiflu og kostnaður við uppbyggingu þegar betur árar er miklu meiri en sem nemur sveiflujöfnun til skemmri tíma. Með þetta í huga fóru bændur fram á að brugðist væri við af hinu opinbera með því að setja lagaskyldu á afurðastöðvarnar um að þær flyttu út ákveðið hlutfall af sinni framleiðslu. Þetta var það tæki til sveiflujöfnunar sem hefði verið hægt að brúka hérlendis. Með því hefði mátt koma í veg fyrir mikið tjón og stjórnlaust hrun.

Markaðsbresturinn kemur til af ytri aðstæðum, sem bændur höfðu enga möguleika að hafa áhrif á en eru m.a. til komnir af ástæðum sem tengjast stjórnvaldsákvörðunum. Í því ljósi er sérstaklega nöturlegt að hið opinbera hafi ekki stigið þarna tímabundið inn í og axlað ábyrgð, það hefði ekki þurft að kosta skattgreiðendur eina krónu. Það hefði heldur ekki þurft að koma illa við neytendur þó að því hafi samt ítrekað og ranglega verið haldið fram.

Það er eðlilegt að til staðar séu verkfæri til sveiflujöfnunar sem beitt er eftir fyrirfram gefnum forsendum þegar svona aðstæður koma upp. Verkfæri til sveiflujöfnunar er mikilvægur partur af því að búa greininni lífvænlegar aðstæður ef sauðfjárrækt á áfram að búa við frjálst og óheft umhverfi. Verkfæri til sveiflujöfnunar kæmi í veg fyrir að kalla þurfi eftir sértækum aðgerðum, með tilheyrandi óvissu um aðgerðir, þegar niðursveifla verður á markaði. Við verðum að draga lærdóm af því ferli sem hér hefur orðið og þetta er eitt þeirra atriða sem við getum fært til betri vegar. Það eigum við að gera við fyrsta tækifæri.

Hagræðing í slátrun, vinnslu og markaðssetningu

Samkvæmt skýrslu OECD þá er verð á lambakjöti hérlendis 13% undir heimsmarkaði árið 2016. Það hefði því mátt ætla að það væri vandræðalaust fyrir íslenska framleiðendur að keppa á heimsmarkaði með íslenskt lamb. Varan er góð, sagan áhugaverð og verðið lágt. Það er því augljóslega eitthvað bogið við þessa mynd sem við okkur blasir núna, eitthvað sem ekki er að virka rétt.

Það hefur lengi verið til umræðu að samræmt markaðsstarf á erlenda markaði væri til þess fallið að skila árangri. Icelandic lamb er verkefni sem sinnir þessu hlutverki að ákveðnu marki og þar eru spennandi verkefni í gangi. Við höfum væntingar um að þau skili frekari árangri til lengri tíma, frá því markmiði hvikum við hvergi. Þá greindi formaður sláturleyfishafa frá hugmyndum afurðastöðvanna um að koma á miðlægu utanumhaldi um útflutning, að því marki sem samkeppnislög leyfa. Það er jákvætt skref og líklegt til að auka skilvirkni við markaðssetningu og sölu á erlenda markaði. Um slíkt verklag ættu hlutaðeigandi, bæði bændur og afurðastöðvar, að sameinast og styðja við.

Þá er vel þekkt umræða að miklir hagræðingarmöguleikar liggi hjá afurðageiranum. Samningsstaða okkar bænda gagnvart afurðastöðvum er engin. Yfir 2.000 frumframleiðendur hafa enga sérstaka stöðu til að semja um verð fyrir sína framleiðslu til sjö afurðastöðva sem svo selja sína vöru til þriggja smásöluaðila, sem starfa á fákeppnismarkaði. Segjum þetta bara eins og það er.

Að mörgu leyti er uppbygging á verðmyndunarferlinu hérlendis frábrugðin því sem gerist í löndunum í kringum okkur. Það er klárlega hagur okkar bænda og líka neytenda að ferlið frá bónda til neytenda sé sem hagkvæmast og skilvirkast.

Við þurfum á því að halda að afurðastöðin fái framlegð út úr sinni vörusölu og geti greitt bændum viðunandi verð sem skilur eftir framlegð hjá frumframleiðanda. Það myndu teljast sanngjarnir viðskiptahættir.

Við þurfum á því að halda að afurðastöðvarnar geti haldið í við tækniþróun svo starfsemin verði skilvirkari. Geti brugðist við breyttum aðstæðum á markaði og nýtt tækifæri, t.d. við fullvinnslu afurða.

Því hefur m.a. verið spáð að matvöruverslun muni þróast að einhverju marki yfir í netverslun, e.t.v. eigum við eftir að horfa upp á gjörbreytta mynd að því leyti. Kannski er það þróun sem afurðastöðvar geta haft frumkvæði að. Það er líka mikilvægt að sá sem kaupir vöruna af okkur bændum hafi metnað og bolmagn til að stunda vöruþróun. Sé stöðugt að leita leiða til að afhenda vöruna á því formi sem kaupandinn og neytendur vilja fá hana.

Sú þróun sem hefur orðið í átt til vinnslu afurða heima á búum er sannarlega jákvæð. Sjálfsprottin og fjölbreytt framleiðsla úr hinum ýmsu afurðum sauðkindarinnar, drifin áfram af hugmyndaauðgi og dugnaði, er frábært innlegg í afurðaflóruna. Sú starfsemi mun þó ekki leysa af hólmi hlutverk afurðastöðva í slátrun vinnslu, sölu og markaðssetningu. Þess vegna þarf að styrkja þann hluta ferilsins frá bónda til neytenda.

Við eigum stöðugt að spyrja okkur að því hvað betur má fara í okkar umhverfi og enn ríkari er krafan þar um í viðlíka þrengingum og greinin gengur nú í gegnum. Landssamtök sauðfjárbænda hafa frá því í vor óskað eftir því við stjórnvöld að farið yrði í úttekt á afurðageiranum, þar sem metnir verði möguleikar til hagræðingar. Við teljum eðlilegt að hið opinbera komi að þessari úttekt þar sem niðurstaðan geti nýst við endurskoðun samninga um starfsskilyrði sauðfjárræktar ef ástæða þykir til.

Alla hagræðingarmöguleika verður að nýta og að því ætti að vinna. Ef þarna er svigrúm til hagræðis er þetta eitt þeirra atriða sem hægt væri að færa til betri vegar og að því ætti að vinna.

Atvinnutækifæri til sveita

Í þeim tillögum sem bændur lögðu fram við stjórnvöld í sumar var meðal annarra aðgerða lagt til að settir yrðu fram hæfilegir hvatar til fækkunar fjár. Ekki náðist saman um aðgerðarplan eins og þekkt er orðið. Meðal annars lagði ráðherra meiri áherslu á hvata til búskaparloka en samdráttar í framleiðslu með fækkun. Nokkuð sem samtökin bentu á að kæmi ver niður samfélagslega.

Strax að lokinni sláturtíð þarf að meta stöðuna á ný, þegar sláturtölur liggja fyrir og hægt að bera þá niðurstöðu við fjölda vetrarfóðraðra kinda sl. vetur og frjósemi þeirra skv. skýrsluhaldi. Taka þarf inn í það mat, stöðu á birgðum eftir sláturtíð og horfur á mörkuðum. Ekki er útilokað að rétt verði að leggja til skynsama hvata til fækkunar fjár. Þá stöðu þarf að meta jafn fljótt og auðið er og leggja upp leiðir sem fyrst á nýju ári, ef það verður metið skynsamlegt.

Það er mjög mikilvægt að leitað verði leiða til að efla atvinnu út í dreifbýli og enn ríkari ef við sjáum fram á samdrátt í framleiðslu. Ein leið er að styðja við nýsköpun t.d. tengda ferðaþjónustu. Skapa mætti hvata til að færa verðmætamyndun við úrvinnslu afurða í auknum mæli út í dreifbýli, s.s. með aukinni heimavinnslu á kjöti, mjólk og ull. Þá hafa samtökin lagt mikla áherslu á að farið verði í verkefni á sviði kolefnisbindingar.

Sauðfjárbændur hafa markað sér stefnu um að vinna að kolefnisjöfnun greinarinnar. Talsverð vinna hefur verið lögð í að kortleggja kolefnisfótsporið og mögulegar mótvægisaðgerðir. Kannanir meðal bænda sýna að þeir hafa áhuga á auknum landbótaverkefnum. Bændur eiga verkfærin, kunna til verka við ræktun og uppgræðslu og hafa þekkingu á landinu. Það er einstakt lag núna á að fara í stóraukin landbótaverkefni. Til þess þarf fjármuni að sjálfsögðu. Þeir fjármunir væru vel nýttir, lagðir inn á bók komandi kynslóða og eiga að geta ávaxtað sig þar ef rétt er á málum haldið. Við höfum mikil tækifæri til að nýta þekkingu og reynslu sauðfjárbænda við að leysa þetta stóra samfélagslega verkefni. En það er einmitt núna – ekki einhvern tíma seinna.

Oddný Steina Valsdóttir
Formaður Landssamtaka sauðfjárbænda

Það hefur varla farið fram hjá neinum að sauðfjárræktin er stödd í kreppu um þessar mundir. Þrátt fyrir allt framan sagt þá tekur á að vera sauðfjárbóndi í dag, upplifa á eigin skinni launaleysi og kröpp kjör en í ofanálag neikvæða umræðu. Umræðu þar sem meðal annars er látið að því liggja að greinin sé ígildi hálfgerðs þurfalings sem hlaupi ávallt vælandi til hins opinbera, jafnvel oft og reglulega, út af öllu og engu. Þessu er erfitt að sitja undir, ekki síst þegar hlutirnir eru skoðaðir í samhengi.

Samkvæmt skýrslu OECD þá er verð á lambakjöti hérlendis 13% undir heimsmarkaði árið 2016. Það hefði því mátt ætla að það væri vandræðalaust fyrir íslenska framleiðendur að keppa á heimsmarkaði með íslenskt lamb. Varan er góð, sagan áhugaverð og verðið lágt. Það er því augljóslega eitthvað bogið við þessa mynd sem við okkur blasir núna, eitthvað sem ekki er að virka rétt.

Strax að lokinni sláturtíð þarf að meta stöðuna á ný, þegar sláturtölur liggja fyrir og hægt að bera þá niðurstöðu við fjölda vetrarfóðraðra kinda sl. vetur og frjósemi þeirra skv. skýrsluhaldi. Taka þarf inn í það mat, stöðu á birgðum eftir sláturtíð og horfur á mörkuðum. Ekki er útilokað að rétt verði að leggja til skynsama hvata til fækkunar fjár. Þá stöðu þarf að meta jafn fljótt og auðið er og leggja upp leiðir sem fyrst á nýju ári, ef það verður metið skynsamlegt.

Það er mjög mikilvægt að leitað verði leiða til að efla atvinnu út í dreifbýli og enn ríkari ef við sjáum fram á samdrátt í framleiðslu. Ein leið er að styðja við nýsköpun t.d. tengda ferðaþjónustu. Skapa mætti hvata til að færa verðmætamyndun við úrvinnslu afurða í auknum mæli út í dreifbýli, s.s. með aukinni heimavinnslu á kjöti, mjólk og ull. Þá hafa samtökin lagt mikla áherslu á að farið verði í verkefni á sviði kolefnisbindingar.

MENNING & LISTIR




Vestfirska forlagið:

Vestfirskar sagnir 4. hefti komið út

Sagnabálkurinn Vestfirskar sagnir, sem Helgi Guðmundsson safnaði og skráði, hefur verið ófáanlegur í áratugi. Vestfirska forlagið gefur hann nú út á nýjan leik í heiðursskyni við Helga og útgefandann, Guðmund Gamalíelsson. Enda löngu tímabært. Fjórða heftið er farið í dreifingu hjá forlaginu. Þrjú hefti eru áður komin út.

Gunnhildur Sumarliðadóttir á Sveinseyri í Dýrafirði kemur mikið við sögu í 4. heftinu. Harmsaga hennar er mörgum hugleikin. Gunnhildur var uppi á 18. öld, drukknaði á hörmulegan hátt og gekk aftur að sögn alþýðu. Henni er svo lýst að hún hafi verið kona fríð sýnum. En hæðin þótti hún og náði því ekki alþýðuhylli. Hún átti ekki miklum vinsældum að fagna á heimili sínu, enda talið að hún hafi verið kuldastrá fjölskyldunnar.

Sumum finnst eflaust að hinar vestfirsku sögur og sagnir séu ekki merkilegar bókmenntir. En er það svo? Menn geta deilt um það eins og annað. Hér er um að ræða reynsluheim forfeðranna í harðbýlum landshluta. Margar af þeim frásögnum færir Helgi Guðmundsson í fyrsta skipti til bókar eftir skilgóðum heimildarmönnum. Sumar þeirra eru jafnvel frá upphafi byggðar í landinu. Það hlýtur að vera nokkurs virði, en margir telja þjóðsögur og sagnir einn af fjársjóðum Íslands sem við megum ekki gleyma og týna.



Hafbókin

Út er komin hjá Bjarti Hafbókin – eða listin að veiða risaháfisk á gúmmíbáti fyrir opnu hafi árið um kring, eftir Morten A. Strøksnes.

Gamlir vinir ásetja sér að veiða hákerlingu, sem heldur sig í djúpunum úti fyrir lítilli eyju, Skrova í Lófóten í Noregi. Leiðangur þeirra verður jafnframt uppspretta gjöfulla hugleiðinga um töfra fiskveiða og sögu hafsins, upprifjun ævintýra úr heimi sjóferða og sjómennsku og miðlar einnig fróðleik, ljóðlist og goðsögnum.

Saga sauðfjárræktarfélagsins í Þistilfirði

Innan skamms mun saga og starf sauðfjárræktarfélagsins Þistils í Svalbarðshreppi í Þistilfirði birtast á prenti, en Þistill mun vera elsta sauðfjárræktarfélag landsins sem starfað hefur samfellt.

Í bókinni rekur Jón Viðar Jónmundsson á skemmtilegan og fróðlegan hátt aðdraganda að stofnun Þistils og starfsemi félagsins til dagsins í dag. Saga félagsins er í raun saga hyrnda fjárstofnsins á Íslandi því í gegnum fjárskipti og sæðingar er Þistilfjarðarblóð í flestum hyrndum kindum landsins. Í bókinni er fjöldi mynda, nýrra og gamalla og margar hafa aldrei komið fyrir almenningssjónir áður. Bókin ætti að höfða til allra sauðfjárbænda og annarra áhugamanna um sauðfjárrækt og sögu.

Ætlunin er að bjóða fólki að gerast áskrifendur að bókinni og fá hana senda heim til sín að kostnaðarlausu ásamt greiðsluseðli. Nöfn þeirra birtast í bókinni nema fólk óski þess ekki. Almennt verð á bókinni verður 6.000 krónur en fyrir áskrifendur 5.000.

Þeir sem óska eftir að verða áskrifendur eru vinsamlegast beðnir um að senda nafn, kennitölu, heimilisfang og hvort nafn á að birtast í bókinni í netfangið thistill1940@gmail.is eða senda bréf til Soffíu Björgvinsdóttur, Garði, 681 Þórshöfn. /VH





6 mánaða ending í einum forðastaut

berðu saman kostnað og ávinning

Agrimin 24-7
er einstök blanda af joði, seleni og kóbalti, en sýnt hefur verið fram á að hún bætir heilsu áa og frjósemi þeirra auk þess sem hún eykur lífsþrótt lamba og lífslíkur við burð.

Forðastautarnir endast 5 sinnum lengur en hefðbundin lyfjagjöf

JOÐ - SELEN - KÓBALT

Af hverju er snefilefnum bætt við?

Það er nauðsynlegt að bæta **joði, seleni** og **kóbalti** við fæðuna meðan ær eru blæsma, við skimun og yfir vetrartímann.


- **Joð - eykur frjósemi og lífsþrótt lamba**
- **Selen - eykur frjósemi og fjölgun**
- **Kóbalt - eykur frjósemi og þrótt lamba við burð**

Af hverju nota forðastauta?

Agrimin 24-7 - Joð - Selen - Kóbalt
sér dýrinu fyrir daglegri þörf nauðsynlegra snefilefna í 180 daga. Hvert dýr fær samfellda gjöf bætiefna. Ætlað ám sem eru yfir 40 kg að þyngd.

Tækni Agrimin 24-7 forðastautana


Stautur í 2 hlutum með bréfi sem gefa frá sér joð, selen og kóbalt


Bréfið eyðist upp í keppnum og hlutar stautsins losna í sundur

Agrimin 24-7 - Joð - Selen - Kóbalt
forðastautarnir eru hannaðir þannig að þeir liggja í keppnum. Bréfið utan um stautinn leysist upp og hann brotnar í tvennt.
Þeir sverfast og leysast upp og sjá dýrunum þannig fyrir stöðugri og jafnri næringu.


Mjög einfalt er að koma stautunum fyrir í ánum með þar til gerðri byssu sem skýtur stautnum niður í vömbina.

Virk efni		Daglegur skammtur í 180 daga með 48 gr staut
Joð (kalsíum gegndreypa með joði)	15,375 mg/kg	4,0 mg
Selen (selenað natríum)	1,388 mg/kg	0,4 mg
Kóbalt (kóbalt karbónat)	2,973 mg/kg	0,8 mg


Sigrún Ólafsdóttir
bóndi, Hallkelsstaðahlíð


Gísli Sverrir Halldórsson
dýralæknir, Búðardal

Í Hallkelsstaðahlíð í Hnappadal búum við með um 700 fjár.
Við höfum notað Agrimin 24/7 forðastauta fyrir sauðfé með góðum árangri nú í nokkur ár. Við erum nú laus við glær og líflítil lömb, burður er mun auðveldari og öll lömbin sprækari eftir burð. Frjósemin hefur aukist og selenskortur er hér hverfandi. Auk þess er liðabólga alveg horfin hjá okkur.
Það er auðvitað nokkur vinna að gefa stautana inn, en eftir að við fundum út góða aðferð þá er þetta alveg þessi virði.
Fullorðnu kindurnar fá stautana 2-4 vikum fyrir fengitíma en gemlingarnir í febrúar. Við erum mjög ánægð með árangurinn og munum nota Agrimin forðastautana áfram í okkar fé. Samanborið við annað á markaði eru þeir frábær valkostur.

Forvarnir eru alltaf ódýrastar.
Síðan Agrimin 24/7 forðastautar fyrir sauðfé komu á markað hef ég mælt með notkun þeirra hjá nokkrum sauðfjárbúum sem glímt hafa við margskonar vanda tengdan frjósemi og á sauðburði. Ýmist hefur verið um umtalsverða burðarhjálp að ræða, lítil og líflaus lömb, jafnvel morkin, og eins fósturlát og lélega frjósemi.

Við notkun á stautunum hefur orðið veruleg breyting til batnaða, frjósemi aukist og lömbin eru sprækari. Ærnar eiga auðveldara með að bera , minna er um sjúkdóma s.s. júgur- og legbólgur og lömbin eru mikið öflugri strax eftir burð og heilbrigði þeirra helst gott fram á haust.

Ég mæli hiklaust með Agrimin 24/7 sauðfjárstautunum.

FÆST HJÁ DÝRALÆKNUM
Nánari upplýsingar á www.agrimin.co.uk

vistor
Umboðsaðili: Vistor hf
Hörgatúni 2 - 210 Garðabæ - S. 535 7000
vistor@vistor.is - www.vistor.is

Agrimin 24/7 SMARTRACE
AGRIMIN caring for your animals



Arnfríður Friðriksdóttir, bóndi á Hálsi í Dalvíkurbyggð, með Hetju og gimbrinni sem hún ákvað á síðustu stundu að halda. Mynd / MÞÞ

Ærin Hetja á Hálsi í Dalvíkurbyggð bar fjórum lömbum á liðnu vori:

Brögguðust vel í sumar og vógu yfir 200 kíló í haust

Ærin Hetja á bænum Hálsi í Dalvíkurbyggð bar fjórum lömbum á liðnu vori, einni gimbur og þremur hrútum. Lömbin fjögur vógu rétt ríflega 200 kíló á fæti í haust.

Hetja er fjögurra vetra og hefur um ævina borið 11 lömbum. Fyrsta vorið voru lömbin tvö, en annað fæddist dautt, næsta vor á eftir fæddust sprækir tvílembingar, þá bar hún þremur lömbum í fyrravor og nú í vor sem leið voru þau fjögur. „Nú er bara að vona að þau verði ekki fimm næsta vor," segir Arnfríður Friðriksdóttir, bóndi á Hálsi.

Hetja er dugleg og stóð sig með prýði

Hetja bar 13. maí og segir Arnfríður að hún hafi alls ekki átt von á að hún myndi ganga með öll lömbin fjögur yfir sumarið og var undir það búin að taka tvö undan henni. „Það varð aldrei úr því, ærin stóð sig með mestu prýði, hún mjólkaði sérlega vel, en það sem eflaust réði úrslitum var hvað lömbin voru jöfn að stærð, vorið var hlýtt og sumarið gott og grösugt. Hetja var með lömb sín hér í góðum heimahögum og hafði það ljómandi fínt. Hafði nóg að bíta og brenna. Sérlega gaman var að sjá þegar hún fór með alla kjóruna að læknum til að brynna þeim og létta þannig á sjálfri sér," segir Arnfríður.

„Kindur eru nefnilega ekki sauðheimskar heldur skynsamar skepnur."

Hún segir Hetju ekki sérlega gæfa, hún hafi lítið gert af því að kjassa hana um dagana.

„Fólk heldur eflaust að ég hafi mokað í hana fóðurbæti, en sú er aldeilis ekki raunin. Ég gaukaði að henni einum og einum lófa af og til meðan hún var enn á húsi eftir burðinn en ekkert eftir að hún fór út. Ekkert til að hafa orð á og alls ekki þegar um fjórlembu er að ræða," segir Arnfríður.



Hetja með fjórlembinga sína nú fyrr í haust. Öll lömbin eru nokkuð jöfn, hrútarnir þrír sem sendir voru í sláturhús á dögunum vógu frá 19,5 og upp í 25,2 kíló. Mynd / Halldór Ingi Ásgeirsson

Þokkalegar afurðir

Hrútarnir þrír voru sendir í sláturhús fyrir nokkru, sá þyngsti vó um 25,2 kíló, einn var 22 kíló og sá léttasti 19,5 kíló. Arnfríður ákvað á síðustu stundu að halda gimbrinni, en hún vegur um 46 kíló á fæti. Sjálf er ærin Hetja engin smásmíði, vegur 95 kíló.

„Þetta eru alveg þokkalegar afurðir, hrútarnir voru helst til of feitir ef eitthvað er," segir Arnfríður. Hrútarnir fóru allir í E-flokk.

Hún segir Hetju einstaklega duglega og henni hafi tekist vel til að halda hópnum saman. Oft sé sú hætta fyrir hendi að eitt til tvö lömb í svo stórum hópi dragist aftur úr, en lömb Hetju hafi verið býsna jöfn. „Það varð enginn út undan í hennar hópi," segir Arnfríður. */MÞÞ*



Hetju og gimbrin sem Arnfríður ákvað á síðustu stundu að senda ekki í sláturhús. Mynd / MÞÞ

VR óskar eftir orlofshúsum

VR óskar eftir vönduðum sumarhúsum eða orlofsíbúðum á leigu til framleigu fyrir félagsmenn sína. Leitað er eftir húsnæði á landsbyggðinni fyrir næsta sumar.

Áhugasamir sendi upplýsingar á **vr@vr.is** fyrir **20. nóvember 2017**. Nauðsynlegt er að góðar ljósmyndir og lýsing á umhverfi fylgi með.

Öllum tilboðum verður svarað.

Eftirfarandi upplýsingar þurfa að fylgja tilboði:

- Lýsing á eign og því sem henni fylgir
- Ástand íbúðar og staðsetning
- Stærð, fjöldi svefnplássa og byggingarár
- Lýsing á möguleikum til útivistar og afþreyingar í næsta nágrenni

VR | KRINGLUNNI 7 | 103 REYKJAVÍK | SÍMI 510 1700 | VR.IS

VR

White-Westinghouse
- amerísk gæða heimilistæki
Amerísk gæðavara
11 kg
Þurrkari
· Öflugur > 4500w element
· Tekur 11 Kg · Tengist barka
· Stórt op > auðvelt að hlaða
RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · WWW.RAFVORUR.IS

Fjallabyggð:

Kröfur um aukið öryggi farþega

Fjallabyggð gerir kröfur um aukið öryggi farþega í skólabíl, en í nýjum samningi Fjallabyggðar og Hópferðabíla Akureyrar um skóla- og frístundaakstur fyrir tímabilið 2017-2020 er gert ráð fyrir auknu öryggi farþega skólabílsins.

Í síðasta lagi um áramót verða öll sæti í skólabílnum með 3ja festu mjaðma- og axlarbeltum og börn sem ekki hafa náð 135 cm hæð munu sitja á bílsessum með baki sem Fjallabyggð útvegar í bílinn. Fjallabyggð tekur þátt í kostnaði við að skipta um sæti í bílnum á móti fyrirtækinu.

Með þessum samningi gerir Fjallabyggð ríkari kröfur til öryggis farþega í skólabílnum umfram þær kröfur sem fram koma í reglum um skólaakstur og reglugerð um notkun öryggis- og verndarbúnaðar í ökutækjum.

Hlutur Fjallabyggðar vegna þessa nemur 3,3 milljónum króna en að auki festir sveitarfélagið kaup á sessum með baki og nemur sá kostnaður um 600 þúsund krónum. */MÞÞ*

www.n1.is facebook.com/enneinn



ENNEMM / SÍA / NM83526

Nú er kalt og það kólnar



K2 kuldagalli
Vnr. 9616 K2 2001
Vattfóðraður kuldagalli með cordura-efni á álagsflötum. Rennilásar á skálmum. Hægt að fjarlægja hettuna. Litur: grár/svarur Stærðir: XS-5XL.



Buckler vetrarhanskar
Vnr. 7151 G005 K100
Hlýir, dýfðir nítrilhanskar fyrir veturinn. Henta vel fyrir iðnaðarmenn, verktaka og bændur. Stærðir: 9-11.



Dimex úlpa
Vnr. 9609 6691
Hlý, vattfóðruð úlpa úr polyester og bómull. Létt og lipur með brjóstvösum, m.a. fyrir farsíma. Litur: svartur. Stærðir: S-3XL.



Dimex Basic buxur
Vnr. 9609 620
Góðar vetrarbuxur með vatns- og blettavörn, styrktum saumum og hnjápúðavösum. Til í svörtum lit.



Mobil Delvac XHP ESP 10W-40, 4 l
Vnr. 3020 153122
Syntetísk olía fyrir flestar nýrri gerðir af dráttarvélum. Má einnig nota á eldri gerðir.



Mobilfluid 426, 20 l
Vnr. 706 472120
Drif- og vökvakerfisolía fyrir traktora og vinnuvélar.

Verslanir N1 um land allt
Akureyri s. 440 1420 • **Grindavík** s. 426 8290 • **Höfn** s. 478 1940 • **Ísafjörður** s. 456 3574
Klettagarðar s. 440 1330 • **Ólafsvík** s. 436 1581 • **Patreksfjörður** s. 456 1245
Reyðarfjörður s. 474 1293 • **Reykjanesbær** s. 421 4980 • **Vestmannaeyjar** s. 481 1127

Alltaf til staðar N1

Bændablaðið Smáauglýsingar 56-30-300



Varmadælur
Hagkvæmur kostur til upphitunar
Kælitækni





- Kyndir húsið á veturna og kælir á sumrin
- Fyrir norðlægar slóðir
- Fjarstýring fylgir
- Hægt að fá WiFi sendi svo hægt sé að stjórna dælunni úr GSM síma

Verð frá aðeins kr. 155.000 m.vsk
Midea MOB12
Max 4,92 kW
2,19 kW við -7° úti og 20° inni hita (COP 2,44) f. íbúð ca 60m2.

Uppsetningaaðilar og umboðsmenn um allt land

Rauðagerði 25 · 108 Reykjavík · Sími 440 1800 · www.kaelitaekni.is

Sela villibráðarveisla haldin í Hafnarfirði að hætti Guðmundar Kr. Ragnarssonar matreiðslumeistara:

Gómsæt selasteik ásamt Vestfirðingi með selspiki

– Þetta er aðeins brot af þeim kræsingum sem boðið verður upp á í árlegri veislu sem selabændur áttu upphaflega frumkvæðið að

Um árararaðir hafa Samtök selabænda staðið fyrir selaveislum í tengslum við aðalfund sinn og Æðarræktarfélag Íslands. Í ár voru aðalfundirnir hins vegar haldnir á Reyðarfirði, en Guðmundur Kr. Ragnarsson matreiðslumeistari heldur þó uppteknum hætti við selaveisluna eins og hann hefur gert í fjölda ára. Heitir það nú „Sela villibráðarveisla 2017.“

Verður öllu til tjaldað að þessu sinni og ekki dugar neitt minna en Haukahúsið á Ásvöllum í Hafnarfirði undir herlegheitin, sem fram fara laugardaginn 11. nóvember. Þar verður líka allt gert til að skapa góða sveitaballastemningu í leiðinni. Sungið verður undir borðhaldi og ball eftir matinn. Að sjálfsögðu verður veislustjórn, sem þetta árið er Tryggvi Gunnarsson úr Flatey og síðan má búast við óvæntum skemmtiatriðum.



Guðmundur Kr. Ragnarsson matreiðslumeistari með gómsætan bita af grilluðu selkjöti. Myndir / HKr.

Selabændur voru upphafsmenn að selaveislunni

Pétur Guðmundsson úr Ófeigsfirði, sem er jafnframt frægur selveiðimaður, segir að selabændur komi svo sem ekki mikið að þessari selaveislu lengur, nema að þeir fjölmenni til að upplifa þar gamla matarmenningu.

„Þetta hófst þó hjá okkur þegar við hittumst á fundi Æðarræktarfélagsins og Samtaka selabænda á haustin og átum þá sel, fugl og alls konar „drasl“. Það gekk svo í áratugi, en síðan tók Guðmundur við veisluhaldinu. Hann er snillingur í þessu og var búinn að þróa geymsluaðferð á selnum, en það er vont að geyma hann sökum þess hversu feitur hann er.

Nú var fundurinn okkar haldinn á Reyðarfirði og það hefur sjaldan verið eins vel mætt. Það er reyndar reynslan að það er betur mætt á fundina þegar þeir eru haldnir úti á landi. Annars eru Samtök selabænda meira til gamans í dag. Meðan við vorum enn að veiða sel var full þörf á þessu. Þá var við ofurefli að etja þegar fiskvinnslan, útgerðin og hringormanefnd réðust á hlunnindi bænda. Þá var öllum veiðiþjófum att af stað og margir nýir búnir til, í viðleitni við að útrýma sel. Það kom svo í ljós að það var til miklu einfaldari leið til að losna við hringorminn úr fiskinum, en það var að blóðga hann í krapa. Við það skríður hringormurinn úr fiskholdinu og í lifrina. Mönnum tókst þó nánast að útrýma selnum við landið og þessi stofn hefur verið lengi að ná sér upp aftur,“ segir Pétur Guðmundsson.

Selkjöt og sjófugl geta verið hreint lostæti ef rétt er að farið

Selkjöt er ekki hversdagsmatur á borðum Íslendinga þó svo hafi verið fyrr á árum og öldum, einkum við Breiðafjörð og á Vestfjörðum. Þar var sjófugl líka snar þáttur í fæðuvalinu ásamt kinda- og nautgripakjöti. Fyrir allt venjulegt fólk er þó líklegt að tilhugsunin um að borða selkjöt valdi litlum unaði og helst að bragðið sé sett í samhengi við lýsisbragð eða eitthvað í þá áttina, enda selurinn varinn vel fyrir kulda sjávar af þykkri spikkápu. Þetta þarf þó alls ekki að vera svo, því öllu skiptir hvernig gert er að selnum eftir að hann hefur verið veiddur. Einnig hvernig farið er með kjötið í framhaldinu.



Pétur Guðmundsson frá Ófeigsfirði.



Útselur í Selasafninu á Hvammstanga.

Ættaður úr Breiðafirði

Guðmundur Kr. Ragnarsson matreiðslumaður kann sannarlega að grilla kjöt af útselskópum í afar lostætar og bragðgóðar turnbautasteikur sem engu eru líkar. Hann þekkir líka vel til sögunnar og á sjálfur uppruna að rekja til bænda við Breiðafjörðinn sem nutu hlunninda af selveiði.

„Ég er ættaður úr Hergilsey á Breiðafirði, þar bjó Þorbjörg Sigurðardóttir, langamma mín og Þórður Valur Benjamínsson, langafi minn.“

Þau fluttu í Flatey 12. ágúst 1946 og Þórður keypti þar hús sem hann nefndi Hergilsey. Síðar bjuggu þau í Vesturbúðum en fluttu yfir vetrartímann í Stykkishólm 1966, en nýttu hlunnindi Hergilseyjarlanda í Flatey á sumrin fram undir 1980. Þau hjón eignuðust 16 börn áður en þau fluttu úr Hergilsey og náðu 14 þeirra fullorðinsaldri.

„Þau voru í Vesturbúðum og þess vegna er ég einn af svokölluðum Vesturbúðingum og þar hafa allir í ættinni haft griðastað á þessu ættaróðali,“ segir Guðmundur.

Hann segir að sela- og æðarbændur séu bakhjarlarnir í þessu veisluhaldi.

„Þegar ég byrjaði á þessu fyrir um 17 árum hristu menn hausinn og sögðu; oj, selur, og ímynduðu sér ógeðslegt lýsisbragð. Ég var þarna að klára mitt nám og langaði til að sýna fólki að þetta væri góður matur. Ég hafði smakkað gott og hreint selkjöt og vissi hvernig bragðið gat best orðið. Þegar maður heyrði svo alls konar sögur af misjöfnu selkjöti fór maður í það að breyta allri verkun. Maður passaði upp á að selurinn lægi aldrei í kös, heldur var gert strax að honum eftir að hann var veiddur. Tók þá kjötið strax og kom í veg fyrir að súrefni fengi að leika um það. Ég skar einnig mest af fitunni frá. Það hefur reyndar svolítið breyst hjá mér á undanförnum árum.

Kjötið sem við erum með er af útselskópum sem eru við það að yfirgefa móðurina og halda til sjávar, en hafa samt enn ekki lifað á neinu öðru en móðurmjólkinni. Fitukápan er því eiginlega frekar sæt og ekkert í líkingu við það sem er af eldri sel sem lifir á fiskinum í sjónum. Af þessum sökum leyfi ég mér að hafa meiri fitu á kjötinu en ég gerði áður án þess að það fyndist nokkuð þráabragð. Eftir stendur eitt allra mýksta kjöt sem hægt er að finna.“

Vandað til við verkunina

Guðmundur segir að kóparnir þyngist mjög hratt af móðurmjólkinni einni saman. Þeir þyngjast úr 10 til 15 kílóum í 50 til 60 kíló á þremur til fjórum vikum.

„Kjötið er því engu líkt og eitt það allra mýksta sem ég fæ í hendurnar til að elda úr. Það skiptir líka gríðarlega miklu máli að fólk finni náttúrulega bragðið af steikinni. Sama á við um fuglakjötið. Það var t.d. ekkert óalgengt þegar súlan var veidd að menn hentu fuglinum í kös og geymdu svo yfir helgi. Þannig var kannski verið að vinna úr fuglinum fjórum dögum eftir veiði. Þá var fuglinn eiginlega orðinn hreinn lýsisviðbjóður. Margir sem lentu í að smakka kjöt af svona fugli fannst þetta hreint ekki gott og það spurðist út. Sama var með selinn. Ef það er hins vegar passað upp á að verka þetta rétt, hvort sem um fugla eða seli er að ræða, strax þegar veitt er, þá er hægt að gera úr þessu flottan mat sem gefa finustu nautalundum ekkert eftir,“ segir Guðmundur.

Hann segir að sér finnist mikilvægast í þessu öllu að við týnum ekki niður kunnáttunni við að nýta selinn.

„Það er ekki nóg að arka niður í einhvern ósinn, skjóta sel og skera úr honum hryggjarstykkið og henda rest. Það er ekkert betra en að fara út á tún, skjóta lamb og skera bara úr því hrygginn. Það á að bera virðingu fyrir bráðinni og nýta allt dýrið. eins og ég reyni að gera með þann sel sem ég nota í þessa veislu. Það er heldur ekki veitt meira af sel en ég þarf fyrir veisluna. Ef eitthvað verður afgangs bjóðum við gestum upp á það á veitingahúsinu hjá okkur.“

Guðmundur segir að í gamla daga hafi hryggjarbeinið úr selnum og rifin verið tekin eftir úrbeiningu og hlutuð sundur. Síðan voru beinin soðin með þegar búin var til kjötsúpa úr lambakjöti. Það gaf súpunni aðeins annan blæ og sérstakur villibráðarkeimur fékkst af selabeinunum.

„Það er grátlegt hvað við notum lítið af slíku, eins og beinin úr hreindýrunum sem hér eru veidd á haustin. Ég skil ekki af hverju menn nýta þetta ekki, t.d. til að gera kraft í sósur.“

Guðmundur segir reyndar mikinn mun á íslenskum og grænlenskum hreindýrum. Kjötið af íslensku dýrunum sé mun bragðmeira en þeim grænlensku.

Gestir Laugaáss alltaf jafn undrandi yfir bragðgæðunum selkjötsins

Þarna blandar Ragnar Guðmundsson, faðir Guðmundar, sér í umræðuna, en hann heldur utan um matseldina á veitingastaðnum Laugaási að Laugarásvegi 1 í Reykjavík. Hann segist líka hafa þekkt selkjötsát úr sinni barnæsku. Nú matreiðir hann selkjöt fyrir gesti staðarins sem alltaf verða jafn undrandi yfir bragðgæðunum.

„Það skiptir öllu máli hvernig farið er með selinn strax eftir að hann er veiddur. Þá skipti ekki máli hvort um landsel eða útsel sé að ræða. Það var þannig hér áður fyrr að menn flettu fitunni af og síðan var kjötið hoggið eins og lambskrokkur. Það var stundum brytjað niður í smásteik og sumt soðið og síðan saltað eða saltað



Það er af ýmsu að taka á matseðli Sela villibráðarveislunnar 2017.

beint í tunnu. Við verðum líka með þannig saltað kjöt á beini í selaveislunni.

Þegar maður kom í sveitina á vorin fékk maður oft saltað selkjöt sem var þá frá árinu áður. Maður borðaði það, en það var allt annað bragð en er af selskjötssteikunum sem við verðum með í veislunni. Ég steikti selkjöt fyrir einn minna gesta núna í hádeginu og hann sagðist aldrei hafa fengið eins gott kjöt. Ef ég ætti að líkja þessu við eitthvað þá er þetta mitt á milli svartfugls og hreindýrs," segir Ragnar. Eldaði hann síðan smá steikarbita fyrir blaðamann til að leyfa honum að prófa. Það verður að segjast að þeir feðgar voru engu að ljúga um bragðgæðin og fínleika kjötsins. Þetta var engu líkt.

Súrsaðir selshreifar og Vestfirðingur með selspiki

Það er þó fleira en nýtt og reykt og saltað selkjöt, súrsaðir selshreifar útselskópasulta, sjófugl, hreindýr og heiðagæs, sem boðið verður upp á í veislunni. Þar verður líka boðið upp á siginn fisk, eldaðan að hætti matreiðslumeistara, útselskópaspik og það sem þeir kalla Vestfirðing. Það er siginn fiskur sem borðaður er með söltuðu selspiki. Einnig verður boðið upp á grillaðar langreyðar-pipar-turnbautasteikur. Auk þess verður sætbasilkrydduð lambasteik á borðum ef fólki skyldi ekki lítast á öll hin herlegheitin.

Guðmundur segir að sela villibráðaveislan verði sífellt vinsælli og menn hafi farið þess á leit að halda slíkar veislur oftar. Hann segist ekki vilja það því þetta eigi að vera einstakur viðburður.

Vandað til verka og mikið haft fyrir hlutunum

„Ég er að hafa miklu meira fyrir þessari einu veislu en öllum öðrum veislum sem ég er að sjá um. Ég er oft með margar veislur á viku, en það er engin veisla eins erfið og þessi. Ástæðan er sú að ef maður ætlar að gera þetta vel þá þarf að leggja mikla vinnu í verkun og eldamennsku. Þetta á allt að vera eins og best getur orðið, alveg sama hvort það er selkjöt eða siginn fiskur."

Gleðilegt hvað vinsældir selaveislunnar vaxa

„Mér finnst mjög gleðilegt hvað þetta hefur vaxið í vinsældum í gegnum árin. Margir eru að koma til okkar í fyrsta skiptið í svona sela villibráðarveislu og verða mjög undrandi á hversu gott þetta er. Við höfum alltaf verið með lambasteik með þessu til öryggis ef einhver skyldi guggna á hinu, en það fer bara ekkert af því vegna þess hversu fólki líkar hitt vel. Þar hefur reykti selurinn kannski sérstaklega vakið athygli. Hann kemur frá Stað á Reykhólum. Ábúendur þar eru algjörir snillingar í að kofareykja kjöt með gamla laginu. Þetta er engu líkt, nema kannski helst flottasta hangikjöti sem hægt er að fá."

Allt nýtt af selnum sem hægt er

„Við leggjum líka áherslu á að nýta allan selinn. Við fláum hann og skinnið er unnið áfram. Spikið söltum við og nýtum allt kjötið af selnum. Leggina söltum við og nýtum annað í steikur og söltum sumt af því líka. Hluti af kjötinu er svo reykt. Selshreifana svíðum við og gerum úr þeim útselskópasultu sem sett er í súr. Þetta er mjög líkt lambasviðasultu en maður finnur örlítinn mun í eftirbragðinu. Ef eitthvað er þá hefur verið svolítið erfitt að fá góðan súr til að verka þetta í."

Ég geri þetta eins vel og ég tel frekast unnt og reyni um leið að skapa hér stemningu eins og var á sveitaböllunum í gamla daga. Ég man eftir þeirri stemningu úti á landi og reyni að endurskapa hana. Það er borðað, sungið og farið með gamanmál auk þess sem það er leynigestur. Þá verður Tryggvi Gunnarsson úr Flatey veislustjóri og svo endar þetta með dansi," segir Guðmundur Kr. Ragnarsson.

Eldar líka ofan í kvikmyndagerðarfólk

Guðmundur kann þó ýmislegt fleira fyrir sér en að elda góðan mat. Í tengslum við sitt fag hefur hann tekið að sér að þjónusta hópa kvikmyndagerðarfólks og frægra leikara, sem hingað koma, með mat á tökustað. Til þess hefur hann sjálfur hannað fullkomið eldhús á hjólum í flutningabíl og aftanívagni.

Þetta æki er hreinasta snilld og hefur Guðmundur úthugsað hvert einasta smáatriði, jafnvel hvernig hægt er að fella tröppurnar til að komast upp í vagninn undir bílinn að notkun lokinni. Það er oft mikið að gera í kringum kvikmyndabransann og var Guðmundur kominn upp á Langjökul í einn slíkan leiðangur daginn eftir viðtalið. */HKr.*




Eldhúsbílakostur Guðmundar er ekki af verri endanum.

Arentsstál leitar að starfsmönnum
á verkstæði í bæði inni- og útivinnu.
arents stál
Um er að ræða framtíðarstarf og er vinnutími frá 8.00–16.15.
Hæfniskröfur:
- Viðkomandi þarf að hafa sveinspróf/menntun eða mikla reynslu af störfum tengdum járn- og rennismíði.
- Stundvísi.
- Sjálfstæð vinnubrögð, framtakssemi og jákvæðni.
- Góða þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum.
- Lyftararéttindi eða önnur vinnuvélaréttindi eru kostur.

Upplýsingar eru gefnar í síma **587 5650** eða **arentsstal@arentsstal.is**.
Magnús og Gauti

Startarar og Alternatorar
í flestar gerðir véla og tækja

Vélavit
Sala - Þjónusta
S: 5272600 - www.velavit.is

LIÐLÉTTINGAR GETA SKAPAÐ HÆTTU
Liðléttingar hafa náð mikilli útbreiðslu meðal bænda undanfarin ár.
Tækin eru þægileg til notkunar en geta skapað hættu. Liðléttingar eru oft á tíðum notaðir í miklum þrengslum, við gjafir, þrif og ýmis smáverkefni. Sérstakrar aðgæslu er þörf þar sem börn eru í úti-húsum, þrengsli og fátt um undankomuleiðir.
Kynntu þér leiðbeiningaefni um öryggi og vinnuvernd í landbúnaði á **bondi.is**


Búum vel
ÖRYGGI • HEILSA • UMHVERFI
ER ÞITT BÚ ÖRUGGUR OG GÓÐUR VINNUSTAÐUR?

FASTEIGNASALA NORÐURLANDS
662 4704 GUÐMUNDUR BJÖRNSSON löggiltur fasteigna- og skipasali fastnord.is gummi@fastnord.is
• FASTEIGNASALA NORÐURLANDS • Sala - verðmat - þjónusta •

TÆKNI & VÍSINDI

Fyrirtækið Heilsuprótein tekið til starfa á Sauðárkróki:

Mysu breytt í próteinduft og etanól

– Tímamót í umhverfismálum og nýsköpun innan mjólkuriðnaðarins hér á landi – eldsneyti og áfengi nú hluti af afurðum bænda

Fyrirtækið Heilsuprótein ehf. hefur tekið til starfa á Sauðárkróki, en ný verksmiðja þess var formlega nýverið tekin í notkun að viðstöddu fjölmenni. Eigendur félagsins eru Mjólkursamsalan og Kaupfélag Skagfirðinga. Hjá Heilsupróteini verða framleiddar verðmætar afurðir úr mysu sem áður var fargað.

Starfsemi er nú hafin í fyrri áfanga verksmiðjunnar, þar sem um er að ræða framleiðslu á próteindufti úr mysu, en hún fellur til við ostagerð á Vestur-, Norður- og Austurlandi. Framleiðslan markar tímamót í umhverfismálum og nýsköpun innan mjólkuriðnaðarins á Íslandi og á sama tíma er verið að auka verðmætasköpun með framleiðslu á vörum úr hráefni sem áður fór til spillis. Mysunni, alls um 54 þúsund lítrum, hefur fram til þessa verið hleypt beint í sjóinn.



EFLA verkfræðistofa vann að smíði og uppsetningu nýju verksmiðjunnar í samstarfi við forsvarsmenn Heilsupróteins. Framleiðsluferlið er hefðbundið, en helstu einingar verksmiðjunnar eru gerilsneyðing, UF sía, 400 lítra dæla og láréttur þurrkari, sem knúinn er með heitu vatni, gufu og rafmagni. Orkugjafinn, heitt vatn og gufa, er hannaður hjá Eflu í samstarfi við bandarísk fyrirtæki. Þá hafa starfsmenn Eflu einnig hannað gufu- og vatnslagnir, spennustöð, móttöku fyrir mysuþykkni auk allrar kerfishönnunar og forritunar. Efla mun einnig sjá um CE-merkingu búnaðarins.





Þórólfur Gíslason, kaupfélagsstjóri KS, Ari Edwald, forstjóri MS og Sigurjón Rúnar Rafnsson aðstoðarkaupfélagsstjóri við opnun nýrrar verksmiðju Heilsupróteins, sem er í eigu Mjólkursamsölunnar og KS.

Alkóhól framleitt í seinni áfanga

Í síðari áfanga verksmiðjunnar, sem áætlað er að komist í gagnið innan tveggja ára, eða á árinu 2019, verður framleitt ethanól úr mjólkursykri ostamysunnar og einnig úr mysu sem fellur til við skyrgerð. Áætlanir gera ráð fyrir að hægt verði að framleiða um 1,5 milljón lítra af etanóli á ári, en framleiðslan nýtist m.a. sem eldsneyti og eða vínandi. Eftir að þeim áfanga verður náð mun einungis hreint vatn renna til sjávar úr ostasamlögum á norðan- og austanverðu landinu.

300 tonn af þurrkuðu próteini á ári

Gert er ráð fyrir að unnt verði að framleiða um 300 tonn af þurrkuðu próteini á ári. Mysupróteinduft er í ríkum mæli notað í heilsu- og íþróttavörur og einnig í matvælaframleiðslu, en markaður fyrir vörur af því tagi er gríðarstór. Um 60 milljón lítrar af mjólk eru árlega nýttir til ostagerðar, 10% magnsins verður ostur, en 90% er mysa. Stór hluti af henni var ekki nýttur, en nú verður breyting þar á, þegar framleitt verður annars vegar próteinduft úr afgangsmysunni og hins vegar og síðar alkóhól.

Hugmynd verður að veruleika

Magnús Jónsson, samlagsstjóri hjá KS, segir að málið eigi sér langan aðdraganda, lengi hafi verið leitað lausna varðandi mysuna og hvernig mætti nýta hana.

„Við höfum velt vöngum yfir þessu um árabil, þetta hefur verið langt ferli, það er því ákaflega gleðilegt að sjá þegar hugmynd verður loks að veruleika. Þetta er stór áfangi fyrir okkur og gleðilegur," segir hann.

Rekstur Heilsupróteins er í húsnæði undir sama þaki og mjólkursamlag KS og eru stöðugildin til að byrja með tvö. Magnús segir að unnið sé af kappi að vöruþróun og möguleikarnir séu margvíslegir.

„Við erum að keyra þetta í gang og óhætt að segja að starfsemin fari vel af stað," segir hann. Starfsemin muni aukast þegar framleiðsla fer á fullt og muni það kalla á fjölgun starfsmanna.

Magnús segir að mikill ávinningur sé af starfseminni þegar horft sé til umhverfisþáttarins og gleðilegt að nú hafi tekist að koma á laggirnar verksmiðju sem sé fjárhagslega hagkvæm, skapi verðmæti úr vöru sem áður var fargað.

Nýta hráefni til fulls

Ari Edwald, forstjóri Mjólkursamsölunnar og stjórnarformaður Heilsupróteins, sagði við opnun verksmiðjunnar að samstarfið við KS hefði opnað margar dyr, „og við teljum að hér muni skapast mikil verðmæti með miklum möguleikum á ýmiss konar framleiðsluvörum og útflutningi. Með þessu framtaki viljum við einnig leggja okkar á vogarskálarnar í umhverfismálum í okkar framleiðslu og á sama tíma að nýta hráefni til fulls."



Hjónin Sigrún J. Þórisdóttir og Einar K. Guðfinnsson, fyrrverandi þingmaður Norðvesturkjördæmis og forseti Alþingis, ásamt Bjarna Benediktssyni, fráfarandi forsætisráðherra.





Veglegar veitingar voru í boði fyrir gestina og að sjálfsögðu voru ostar þar í hávegum hafðir.



Karlakórinn Heimir í Skagafirði steig að sjálfsögðu á svið í tilefni dagsins.



Steinunn Þórhallsdóttir, ritari hjá Mjólkursamsölunni, Erla Traustadóttir á Berustöðum, Egill Sigurðsson, bóndi á Berustöðum og formaður stjórnar MS, ásamt Þórólfi Gíslasyni, kaupfélagsstjóra KS.

Sótt fram með nýsköpun og þróun

Bjarni Benediktsson, fráfarandi forsætisráðherra, flutti ávarp við opnun verksmiðjunnar og sagði aukin verðmæti afurða lykil að framtíð landbúnaðarins.

Miklar breytingar hefðu orðið í íslenskum landbúnaði á stuttum tíma, gríðarleg framleiðniaukning orðið og miklar framfarir. Þannig hefði kúabúskapur tekið stakkaskiptum, mikið væri um nýbyggingar fjósa sem væri merki um þrótt atvinnugreinarinnar. Framkvæmdir og fjárfesting í nýjum húsum og búnaði, sem og fjárfesting í vinnslu Heilsupróteins, væri sá grunnur sem menn vildu sjá undir íslenskan landbúnað.

„Að hann sé á hverjum tíma í fremstu röð. Að hann skipi í öndvegi velferð dýra og manna. Að hann geti sótt fram með nýsköpun og þróun." */MÞÞ*



PÁLMHOLT Í REYKJADAL
- TIL SÖLU -

Til sölu er jörðin Pálmholt í Reykjadal. Mjög áhugaverður kostur sem bíður upp á ýmsa möguleika bæði í hefðbundnum búskap auk ferðaþjónustu. Mikill húsakostur og stutt í margar náttúruperlur og afþreyingu á svæðinu.

Pálmholt er um 8 km norðan við Laugar, einungis 32 km til Mývatns, 48 km til Akureyrar eftir að Vaðlaheiðargöng verða tekin í notkun og 32 km til Húsavíkur.

Hægt er að fá grunnteikningar af 60 kúa róbótafjósi. Jörðin selst án bústofns og tækja. Eigninni fylgir hlutdeild í veiðiréttindum í Reykjadalsá og Vestmannsvatni. Mikil gæsaveiði.

Allar nánari upplýsingar veitir Björn á fasteignasölunni Byggð í síma 897-7832.

Tilboð óskast

FASTEIGNASALAN BYGGÐ

AGRI TECHNICA
THE WORLD'S NO. DLG

Ert þú á leiðinni á Agritechnica?

Sölumaður okkar, ***Einar Oddsson***, verður á staðnum dagana 12. 13. og 14. nóvember. Hægt verður að ná sambandi við hann í síma ***892-9558*** eða á tölvupósti *einaro@thor.is*

Vanti þig einhverja aðstoð eða kynningu á vörum í vöruúrvali okkar ekki þá hika við að hafa samband.

Þór hf er með umboð fyrir eftirfarandi sýnendur á sýningunni:

	Höll	Standur
Deutz Fahr	4	28
KUBOTA	7	A36
KRAMER	6	C40
AMAZONE	9	H19
STOLL	6	B27
MAMMUT	27	C54
GRIMME	25	F13
JOSKIN	4	C11
SCHULTE	12	B13

ÞÓR HF

REYKJAVÍK: Krókháls 16 Sími 568-1500 | AKUREYRI: Lónsbakka Sími 568-1555 | Vefsíða: www.thor.is

Vinnufatnaður og skór

praxis
...Þegar þú vilt þægindi





Úrval af vinnufatnaði fyrir eldhús og veitingastaði

Bómullarbolir, svuntur og mikið af fatnaði sem þolir 95° þvott og þarf ekki að strauja


Bonito ehf. • Friendtex • Praxis
Faxafen 10 • 108 Reykjavík • sími 568 2870 • www.friendtex.is • www.praxis.is
Opið mánudaga og miðvikudaga kl. 11-17 og fimmtudaga kl. 16-18

Bændablaðið
Smáauglýsingar 56-30-300

HESTAR

í máli og myndum eftir *Pétur Behrens*





Tilvalin jóla- eða tækifærisgjöf fyrir fagurkera, listunnendur og hestamenn.

Einstakt listaverk sem fangar nærmt auga og höfðar til þeirra sem hafa góðan smekk fyrir myndlist og rituðu máli.

Texti á íslensku, ensku og þýsku.


Fæst í öllum helstu bókaverslunum.

Einnig hægt að panta á netinu hjá
www.bokstafur.is

Bókstafur

Vogue
FYRIR HEIMILIÐ

bíður uppá alhliða lausn fyrir hótelherbergið eða gistiheimilið.



Síðumúla 30 - Reykjavík
Sími 533 3500

Hofsbót 4 - Akureyri
Sími 462 3504

Á FAGLEGUM NÓTUM

Móta þarf langtímastefnu í landbúnaði:

Taki mið af hagsmunum neytenda, lýðheilsu, kolefnisfótspori og byggðaþróun í landinu

Stjórnvöld ásamt bændum þurfa að móta sér nýja langtímastefnu sem tekur mið af hagsmunum neytenda, lýðheilsu, kolefnisfótspori og byggðaþróun í landinu.

Íslenskur landbúnaður er agnarsmár í samanburði við evrópskan og skilyrði til framleiðslu mun lakari út frá hnattrænni stöðu. Það er því mjög bagalegt að samningsaðilar við nýgerða búvörusamninga hafi ekki haft tollverndina sem hluta samningsins þar sem hún er okkur mikils virði.

Vissulega er Ísland aðili að alþjóðlegum stofnunum eins og t.d. Alþjóðaviðskiptastofnuninni (WTO) og verður að fylgja þeim samningum sem við erum þar aðili að. Síðustu 10 ár hafa íslensk stjórnvöld hins vegar haft frumkvæði að því að gera samninga við ESB um tollalækkanir (40% árið 2007) og samkomulag um gagnkvæma tollkvóta bæði árin 2007 og 2015 (sá síðari með gildistöku vorið 2018).

Það er eðlilegt að gerð sé hagræðingarkrafa á innlenda framleiðslu sem og samkeppni með hófstilltum innflutningi landbúnaðarvara. Samkeppni er af hinu góða að ákveðnum skilyrðum uppfylltum. Að því sögðu verður að gera alvarlegar athugasemdir við vinnubrögð stjórnvalda undanfarin misseri varðandi tollamálin.

Það verður ekki bæði sleppt og haldið

Á sama tíma og stjórnvöld stuðla að auknum innflutningi landbúnaðarvara er verið að gera auknar kröfur um bættan aðbúnað í íslenskri svínarækt umfram það sem kollegar okkar þurfa að uppfylla í Evrópu.

Eftir að íslensk svínarækt verður búin að innleiða þessar breytingar stöndum við jafnfætis Norðmönnum í þessum efnum sem eru öðrum þjóðum til fyrirmyndar. Á sama tíma og við fögnum auknum kröfum og viljum hafa aðbúnað okkar dýra eins og best verður á kosið gengur hins vegar ekki að hróflað sé við tollverndinni. Samkeppnin verður ekki réttlát.

Taflan efst á síðunni sýnir nokkur dæmi um mismun (og er ekki tæmandi) í kröfum á milli Íslands og ESB þegar kemur að svínarækt.

Það hlýtur að teljast eðlilegt að

Dæmi um mismun milli Íslands og ESB í kröfum um svínarækt

	Ísland	ESB lönd sem flytja inn kjöt til Íslands
Halaklippingar	bannaðar*	leyfðar
Geldingar framkvæmdar af	dýralækni	bónda
Gotstíur	gyltur lausar*	gyltur í básum
Gólfefni eldisgrísa	velferðargólf*	heilristar
Notkun sýklalyfja	x1	Danmörk x 8, Spánn x 58
Aðgangur að erfðaefni	ein kynbótastöð í Noregi	öll Evrópa

**undanþága á meðan bændur breyta búum sínum*



Ingvi Stefánsson.

Kjötframleiðsla eftir kjöttegundum - í þúsundum tonna 2015

Heimild: Eurostat	EU-28	Íslandi	Ísland, hlutfall af EU-28
Nautakjöt	7.590,4	3,5	0,05%
Svínakjöt	22.957,8	6,9	0,03%
Lambakjöt	725,0	10,1	1,39%
Alifuglakjöt	13.720,0	8,4	0,06%
Alls	*44.993,2*	*28,9*	***0,06%***
EU 28 mannfjöldi	*510.000.000*		
Íslendingar	*330.000*		
Íbúafjöldi á Íslandi samanborið við EU-28	*0,06%*		

það séu gerðar sömu kröfur varðandi aðbúnað, sýklalyfjanotkun og fleira þegar kemur að innfluttu kjöti. Íslenskir svínabændur upplifa sig í sjálfheldu þar sem kröfur um aðbúnað eru auknar á sama tíma og opnað er fyrir aukinn innflutning á kjöti sem uppfyllir ekki sömu kröfur. Það verður ekki bæði sleppt og haldið.

Skortur á fyrirsjáanleika

Í sumar var undirritaður boðaður á fund í landbúnaðarráðuneytinu þar sem kynntar voru hugmyndir ráðherra um breytt fyrirkomulag við útboð á tollkvótum.

Í stuttu máli má segja að til hafi staðið að hætta með núverandi útboðsfyrirkomulag og afhenda tollkvóta með lágmarks kostnaði til innflytjenda í þeirri von að ágóðanum yrði skilað beint til neytenda. Þetta er neytendavæn hugsun, en engin tilraun er gerð til að meta hvort og hvaða áhrif þetta hafi á innlenda framleiðslu. Ekki frekar en þegar tollasamningarnir við ESB hafa verið gerðir. Á sama tíma eru svo rekin tvö aðskilin mál fyrir dómstólum þar sem reynir á hvort bann Íslands við innflutningi á hráu kjöti haldi.

Við sem störfum í landbúnaði vitum hvað allir framleiðsluferlar eru langir og því er mikilvægt að meiri stöðugleiki sé í tollverndinni af hálfu stjórnvalda heldur en verið hefur.

Taka verður tillit til mismunandi stærðar markaða

Meðfylgjandi tafla sýnir vel hversu agnarsmár íslenskur kjötmarkaður er í samanburði við lönd ESB. Hér má sjá að hvort sem horft er til íbúafjölda eða kjötframleiðslu, þá er Ísland einungis 0,06% af EU-28 löndunum. Er þá sanngjarnt að semja tonn á móti tonni í tollasamningum?

Það verður að endurskilgreina stærð kjötmarkaðarins

Nýverið fjallaði Viðskiptaráð um breytingar sem eru að verða á íslenskum smásölumarkaði og sagði m.a að „Koma alþjóðlegra fyrirtækja á borð við Costco og H&M til landsins og stóraukin verslun Íslendinga á vörum og þjónustu yfir netið bera þess merki að samkeppnisyfirvöld hér á landi þurfi að aðlaga nálgun sína að breyttu umhverfi og tækni. Íslensk fyrirtæki, sem eru agnarsmá í alþjóðlegum samanburði, eru í beinni samkeppni við fyrirtæki sem eru margfalt stærri ...“ Svipaða nálgun má finna í umsögn Félags atvinnurekenda frá því í maí á þessu ári þar sem ríkið taldi sig geta sparað háar fjárhæðir með því að bjóða sameiginlega út lyfjakaup með öðrum Norðurlandaþjóðum. Í umsögn FA við því segir m.a. „Taki íslenska ríkið þátt í útboðum á erlendum mörkuðum eru ýmis atriði sem þarf að líta til. Velta þarf upp ýmsum spurningum, m.a. hvort íslensk fyrirtæki yrðu með þessu í raun útilokuð frá lyfjaútboðum á vegum íslenska ríkisins. Sú staða gæti auðveldlega komið upp enda eru íslensk fyrirtæki alla jafnan smærri en erlend fyrirtæki.“ Við svínabændur höfum skilning á þessum sjónarmiðum VÍ og FA en viljum þó vekja athygli á að fyrirtæki einsog Costco og H&M starfa þó eftir sömu lögum og reglum og önnur fyrirtæki í landinu. Það sama gildir ekki um kollega okkar erlendis. Nú er svo komið að innflutt svínakjöt er orðið um 30% af öllu kjöti seldu innanlands (innflutt kjöt umreiknað yfir í kjötskrokka tímabilið jan.–júní 2017). Gleymum því ekki að að einungis um 10% af landbúnaðarframleiðslu heimsins er seld frá einu ríki til annars.

Þrátt fyrir þessa gagnrýni er líka ýmislegt jákvætt að gerast í okkar umhverfi. Með auknum fjölda ferðamanna upplifa svínabændur sífellt aukna eftirspurn sem við viljum gjarnan sinna. Íslensk landbúnaðarframleiðsla er með yfirburði hvað varðar gott heilbrigðisástand bústofna, heilnæmi afurða, framleiðslu í nærumhverfi (takmörkuð kolefnisspor) ásamt lágri tíðni matarsýkinga. Gagnrýni okkar má ekki skilja sem svo að við leggjumst gegn öllum breytingum á tollaumhverfinu heldur köllum við eftir skýrri stefnu og vandvirkum vinnubrögðum. Það er forsenda þess að svínarækt og íslenskur landbúnaður í heild sinni geti haldið áfram að dafna og vaxa neytendum til hagsbóta.


Ingvi Stefánsson, formaður Svínaræktarfélags Íslands

Vegna mistaka vantaði seinni hlutann af þessari grein í síðasta blaði og er hún því endurbirt hér í heild sinni. Beðist er velvirðingar á þessu. /HKr.

Munum í argaþrasi daganna að kíkja eftir hvert öðru

„Fjárhagsáhyggjur eru slæmar áhyggjur og kvíði er djöfulleg tilfinning,“ segir Þórhildur Þorsteinsdóttir, bóndi í Brekku, í færslu í hópnum „Sauðfjárbændur“ á Facebook. Þar hefur í kjölfarið myndast umræða um sálrænar hliðar þeirra erfiðleika sem nú blasa við sauðfjárbændum.

„Bændur eru vanir því að láta móður náttúru ekki beygja sig en fjárhagsáhyggjur eru annars eðlis, að geta ekki staðið við skuldbindingar sínar er líðan sem enginn vill þurfa að glíma við og hjá hraustasta fólki getur tekið virkilega á. Munum í argaþrasi daganna að kíkja eftir hvert öðru, klapp á bakið getur gert kraftaverk. Þunglyndi er dauðans alvara!“ segir Þórhildur.



Meðalbúið að tapa 1,5 milljónum króna

Hún segir að nú þegar sauðfjárbændur sjái fram á gífurlega afurðaverðslækkun og tekjumissi sé staðan mjög alvarleg. „Miðað við þær verðskrár sem hafa komið fram þá má reikna með að meðalbúið sé að tapa 1,5 milljónum króna. Þær krónur eru ekki bara sóttar í hinn vasann. Sumir bændur geta tekið að sér aukavinnu en sá möguleiki er ekki fyrir hendi alls staðar. Sumt er meira tabú en annað. Eitt af því sem er ennþá svolítið tabú er umræðan um þunglyndi og kvíða, en þá umræðu má ekki forðast. Það er mikilvægt að ræða þessi mál. Með umræðu og fræðslu má koma í veg fyrir skilningsleysi og fordóma.“

Tölum saman – það stendur enginn einn

Bjarni Guðmundsson, fyrrverandi prófessor á Hvanneyri, tekur undir með Þórhildi og segir að brýnt sé að horfa á fleira en hinn fjárhagslega þátt, nógu alvarlegur sem hann sé. Bjarni bendir á að sinna þurfi hinni félagslegu hlið og þar hafi samtök bænda hlutverki að gegna. „ … réttir og réttarstemning, hrútasýningar, hrútadagar o.fl. verður allt til léttis, en alvarlegri hliðum þarf fagfólk að sinna – áður en of seint verður. Fátt er þó betra en að tala saman, helst augliti til auglitis,“ segir Bjarni.

Matthildur Hjálmarsdóttir bóndi segir að samstaðan sé mikilvæg þegar erfiðleikar steðji að og fólk verði að hlúa að sjálfu sér og nágrönnum sínum.

Ástþór Örn Árnason bóndi hvetur bændur til dáða í athugasemd undir pistli Þórhildar. „Klöppum á bak hvert annars og munum að við erum öll í þessari stöðu saman, það stendur enginn einn.“

Mikilvægt að leita aðstoðar og þiggja hjálp

Bændablaðið hefur í gegnum tíðina fjallað nokkrum sinnum um þunglyndi og kvíða á meðal bænda. Í 15. tölublaði árið 2008 var m.a. rætt við norskan sauðfjárbónda sem glímdi við þunglyndi. Hann þakkaði nágrönnum sínum fyrir að koma sér til hjálpar og á réttan kjöl. Í sama blaði var vitnað í rannsókn sem Vinnueftirlitið gerði á heilsufari bænda. Þar kom m.a. fram að algengi geðraskana hjá bændum væri svipað og annarra stétta en ákveðin merki væru um að bændur leituðu síður meðferðar.

Í bæklingnum „Öryggi og vinnuvernd í landbúnaði“, sem dreift var á öll lögbýli á síðasta ári, er vikið að kvíða og vanlíðan á blaðsíðu 26. Þar segir m.a. að ýmsar leiðir séu færar fyrir fólk sem finnur fyrir geðröskunum.

„Möguleikarnir að læknast af þunglyndi eru góðir og meðferð, svo sem lyfja- og samtalsmeðferð, styttir sjúkdómstímabil og getur dregið úr einkennum,“ segir í bæklingnum.

Á vefnum doktor.is er að finna efni um þunglyndi og kvíða og möguleg viðbrögð.

TRYGG
Nøsted Kjetting as


SNJÓKEÐJUR



Vertu viðbúinn vetrinum
LÉTTAR – STERKAR – TRAUSTAR

Hafðu samband og kynntu þér
vöruúrvalið og þjónustuna

ÍSFELL
Ísfell ehf, Óseyrarbraut 28
220 Hafnarfjörður, Sími 5200 500
www.isfell.is, isfell@isfell.is



Til sölu sinkhúðaðar grindur/handrið

Eigum til töluvert magn á lager.

Upplýsingar í síma **587 5650**
eða **arentsstal@arentsstal.is**

Magnús og Gauti

arents stál
Krókhálsi 5f, Járnhálsmegin • 587 5650
arentsstal.is • arentsstal@arentsstal.is

Vegna aukinnar eftirspurnar óskum við eftir bújörðum á söluskrá

Vinsamlega hafið samband við Björgvin Guðjónsson, búfræðing og löggiltan fasteignasala í síma **510-3500** og **615-1020**
eða á netfangið **bjorgvin@eignatorg.is**

Eignatorg
Skipholt 50b, 105 Reykjavík

Bændablaðið Smáauglýsingar 56-30-300
Næsta blað kemur út 16. nóvember

#farasparabara

Taxi eða traktor?

Það er mikilvægt að eiga fyrir góðu hlutunum í lífinu.
Skráðu þig í reglubundinn sparnað strax í dag.

íslandsbanki.is/farasparabara

440 4000
@islandsbanki
íslandsbanki.is


Bylting í hreinlæti!

Auðveldari og betri þrif,
sparar tíma og léttir lífið



i-mop revolutionary cleaning
WORLDWIDE PATENTED TECHNOLOGY

Hafðu samband og pantaðu kynningu fyrir þitt fyrirtæki
Sími 480-0040 sala@buska.is www.i-teamglobal.com
Buska



ÓDÝR
Gleraugu með
glampa- og rispuvörn

Verð 19.900 kr
Sérsmíðum samdægurs í styrk +/- 5.0 með cyl. til 2,0.

Hamrahlíð 17
Hús Blindrafélagsins
Sími • 552-2002

OPTIC REYKJAVÍK
SJÓNTÆKJAVERSLUN

Gamli traktorinn



Newman – „fútúrískir" framtíðartraktorar

Í lok seinni heimsstyrjaldarinnar hófst mikið uppbyggingarskeið og þörf skapaðist fyrir landbúnaðartæki af öllum stærðum og gerðum til matvælaframleiðslu og fjöldi fyrirtækja sá hag sinn í framleiðslu þeirra.



Newmans og synir var stofnað árið 1923 til að framleiða lamir og lokur fyrir glugga og hurðir. Um miðjan fjórða áratug síðustu aldar urðu eigendaskipti á fyrirtækinu og nýir eigendur juku við framleiðsluna og hófu framleiðslu á 25 hestafla rafmagnsmótorum. Aftur urðu eigendaskipti 1944 og við framleiðsluna bættist framleiðsla á pumpum, keðjum, kúlulegum, járnsteypumótum, rofum og plógblöðum.



Fyrsti Newman-inn

Eftir lok seinni heimsstyrjaldarinnar sá fyrirtækið tækifæri í framleiðslu á dráttarvélum í yfirgefinni vopnaverksmiðju í heimasveit sinni, Grantham í Lincoln-skíri á Englandi. Árið 1948 setti það fyrsta traktorinn undir heitinu Newman á markað. Fyrsta týpan sem kallaðist C hafði þótt einfaldur að allri gerð og eins strokka. Traktorinn var þriggja hjóla, eitt að framan en tvö að aftan, og hægt var stilla hjólabilið að aftan fyrir misbreiðar plógraðir. Slíkt þótti nýlunda á þeim tíma, þrátt fyrir að slíkt þekktist hjá bæði Ferguson og Fordson. Þrátt fyrir að C-týpan hafi reynst ágætlega var framleiðslu hennar fljótlega hætt.



Reksturinn heldur áfram

Þrátt fyrir að framleiðsla Newman dráttarvéla hafi ekki verið fjárhagslega hagkvæm gekk annar rekstur fyrirtækisins vel. Fyrirtækið hélt áfram framleiðslu á rafmagnsmótorum sem seldust vel víða um heim og ekki síst í Bandaríkjunum þar sem markaðurinn er gríðarstór. Um tíma störfuðu um 1.500 manns hjá Newman eingöngu við að setja saman rafmagnsmótora og rafmagnspumpur.



Newman AN3

Í kjölfar týpu C setti Newman á markað dráttarvél, árið 1949, sem kallaðist AN3. Sá traktor var 11 hestöfl, fjögurra strokka, þrír gírar áfram og einn aftur á bak. AN3 týpan var lítil og létt dráttarvél sem þótti mjög nýtiskuleg í útliti.

Hún var á þremur gúmmíhjólum og allar línur ávalar og mjúkar og var einkennislitur þeirra appelsínugulur.

Newman AN3 þóttu afbragðs góðar dráttarvélar til síns brúks, léttar í stýri og meðfærilegar, en verðið óheyrilega hátt. Árið 1949 var vélin verðlögð á 240 pund en Fordson E27N, sem var þrisvar sinnum aflmeiri á 226 pund. Valið vafðist því sjaldan fyrir mönnum og Newman varð undir í samkeppninni vegna verðsins en ekki gæðanna.

Framleiðslu Newman dráttarvéla var því hætt snemma á sjötta áratug síðustu aldar.

Fútúrískur safngripur

Newman dráttarvélar eru fáséðar í dag og seljast fyrir hátt verð til safnara enda einstaklega fallegir traktorar og fútúrískir í hönnun í anda vísindaskáldsagna fimmta og sjötta áratugar síðustu aldar. */VH*

UTAN ÚR HEIMI



Gísli í góðra vina hópi, þriðji frá hægri, í bænum Montecatini Terme í Toskana á Ítalíu.

Gísli Matthías var fulltrúi Íslands á Slow Food Chef's Alliance viðburði:

Matreiðslumenn sameinast gegn yfirvofandi loftslagsbreytingum

– Hugsjónastarf um sjálfbærni og varðveislu líffjölbreytni

Slow Food Chefs' Alliance er verkefni innan alþjóðlegu Slow Food-hreyfingarinnar sem felst í grunninn í því að verja líffræðilega fjölbreytni með sterku tengslaneti sem telur hátt í níu hundruð matreiðslumenn. Á dögunum komu saman um tvö hundruð manns úr þessum hópi í bænum Montecatini Terme í Toskana-héraði á Ítalíu til að leggja á ráðin um það hvernig þeir geta lagt hönd á plóg til að vinna gegn loftslagsbreytingunum. Gísli Matthías Auðunsson, eigandi Slippsins í Vestmannaeyjum og Skál á Hlemmi Mathöll, var í þessum hópi.

„Chef's Alliance er í raun og veru hugsjónasamtök innan Slow Food þar sem kokkar mynda afl saman í að vinna að einhverju sem tengist mat og matarmenningu að einhverju leyti. Það getur verið allt frá að grafa upp gamlar uppskriftir, styrkja smáframleiðendur sem eru að gera öðruvísi hluti, tækla matarsóun og stuðla að notkun á hráefni sem kannski selst ekki," segir Gísli um verkefnið.



Gísli notaði ítalskt lamb og gerði úr því tartar, með hvannarmajónesi, leturhumri og brenndu smjöri. Myndir / Úr einkasafni

Hvannarmajónes með ítölsku lambi

„Fyrsta kvöldið á Ítalíu var ég þátttakandi í að elda kvöldverð þar sem við elduðum fyrir 180 Chef's Alliance-kokka frá Ítalíu. Ég notaði ítalskt lamb og gerði tartar úr því og bar fram með hráefni sem ég kom með frá Íslandi; hvannarmajónes, þurrkaðan leturhumar og brennt smjör. Ítalirnir voru svakalega ánægðir með þennan rétt og notkunina á ítölsku lambi. Þetta eru bragðtegundir sem eru líklega allt öðruvísi en þeir eru vanir," segir Gísli um þátttöku sína.

Í tilkynningu frá Slow Food-hreyfingunni eftir viðburðinn segir að matvælaframleiðsla sé ein af helstu orsökum loftslagsbreytinganna, þar sem rekja megi um 21 prósent af losun gróðurhúsalofttegunda af manna völdum til hennar. Um iðnvæðingu í matvælaframleiðsluferlinu sé að ræða sem feli í sér aukna notkun efna og véla, vatns og ekki síst val á dýrum og fræjum svo að þau geti gefið sem mest af sér. Þessi þróun sé stærsta ógnin við líffjölbreytni heimsins. Slow Food-hreyfingin stendur gegn þessu ferli og styður við þá bændur sem framleiða á sjálfbæran hátt og samkvæmt aldagömlum aðferðum, svo þær gleymist ekki.

Gildi Slow Food að leiðarljósi

Að sögn Gísla var áhugavert fyrir hann að hlusta á hvernig Chef's Alliance þróast í öðrum löndum. „Hreyfingin er einna sterkust í Hollandi en hún er þó rosalega mismunandi milli landa – sem þarf alls ekki að vera slæmur hlutur.

Ég fékk það á tilfinninguna að það sé ekki allt klippt og skorið varðandi þetta verkefni og að þeir aðilar sem eru innan samtakanna geta í raun og veru þróað það eftir sínum aðstæðum – en auðvitað með gildi Slow Food að leiðarljósi. Ég sá að kokkar geta haft mikil áhrif á að vernda vörur úr Presidia [litlir hópar smáframleiðenda sem vinna að varðveislu á gæðamatvöru sem er í útrýmingarhættu] með samheldni að leiðarljósi eins og gert er í Ítalíu. Ég sá einnig að í Skotlandi er mjög víðtækt hverjir „fá" að vera partur af Chef's Alliance-hreyfingunni og ekki bara kokkar á veitingastöðum."

/smh

HAUSTTILBOÐ

10% haustafsláttur af öllum

GARÐHÚSUM

og Sky15-3 og Sky15-44 gestahúsum af verðunum á heimasíðunni okkar

www.volundarhus.is



44 mm bjálki / Tvöföld nótun

GARÐHÚS 14,5 m²

50% afsláttur af flutningi á GARÐHÚSUM og GESTAHÚSUM á allar þjónustustöðvar Flytjanda.

GESTAHÚS og GARÐHÚS *sérhönnuð fyrir íslenskar aðstæður*

Sjá fleiri GESTAHÚS og GARÐHÚS á tilboði á heimasíðunni volundarhus.is

Nánari upplýsingar á heimasíðu okkar volundarhus.is og í síma 864-2400.



GARÐHÚS 4,4m²



GARÐHÚS 4,7m²



GARÐHÚS 9,9 m² án gólfs



GARÐHÚS 9,7m²

www.volundarhus.is

volundarhús.is
Vel valið fyrir húsið þitt

volundarhus.is · Sími 864-2400

Staðgreiðslu VISA Lán

Nútíma **músa**varnir

HÁTÍÐNIFÆLUR



Sölustaðir

Bústólpi
Fóðurblandan
Kaupfélag Borgfirðinga
Kaupfélag Vestur-Húnvetninga
Verslunin Eyri
Vélaval

STREYMI heildverslun

Streymi heildverslun ehf.
Goðanesi 4
603 Akureyri

S 588 2544
N streymi@streymi.is
V www.streymi.is

Hitablásarar

INDUSTRIAL GRADE



Rafmagnshitablásari 2Kw 1 fasa
6.890



Rafmagnshitablásari 3Kw 1 fasa
8.890



Rafmagnshita-blásari 5Kw 3 fasa
12.830



Rafmagnshita-blásari 2Kw
1.990



Fjöltengibox IP44
H07RN F3G1,5
1,5 m snúra
1.990



15 metra rafmagnssnúra
2.390



Kapalkefli 10m
H05vv-F3G1,5mm
2.690

Meiri gæði Lægra verð MÚRBÚÐIN

Kletthálsi Reykjavík
Reykjanesbæ

MÚRBÚÐIN
Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is

limtrevirnet.is



Við framleiðum landbúnaðarbyggingar

Með því að nota límtré í burðargrindur landbúnaðarbygginga eins og fjósa, hesthúsa, reiðhalla, fjárhúsa og fleiri gerða, og klæða grindurnar með steinullareiningum fást mjög hlýleg og falleg hús sem eru fljótuppsett, endingargóð og illtendranleg. Ekki skemmir fyrir að þessi hús eru hagkvæm í viðhaldi og rekstri.

Ráðgjöf til viðskiptavina
Starfsmenn okkar búa yfir áratuga reynslu við hönnun og framleiðslu húsanna.



Fjós



Fjarhús



Hesthús

LímtréVirnet

Aðalnúmer: **412 5300** | Söludeild: **412 5350**

Aðalskrifstofa - Borgarbraut 74 - 310 Borgarnes
Söluskrifstofa - Vesturvör 29 - 200 Kópavogur
Netfang - sala@limtrevirnet.is

IS HURÐIR BÍLSKÚRSHURÐIR | IÐNAÐARHURÐIR

www.ishurdir.is


- ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA, SMÍÐI OG SAMSETNING
- ALLAR HURÐIR SMÍÐAÐAR SAMKVÆMT MÁLI
- MARGAR ÚTFÆRSLUR OG LITAMÖGULEIKAR
- ÁRATUGA REYNSLA STARFSMANNA Í HURÐUM
- HÁGÆÐA HRÁEFNI
- ÞOLA VEL ÍSLENSKT VEÐURFAR
- STUTTUR AFGREIÐSLUTÍMI

ÝMSAR GERÐIR & ÚTFÆRSLUR

YFIR 20 ÁRA REYNSLA Í HURÐUM Á ÍSLANDI

ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA

STÍLHREINAR FYRIR BÍLSKÚRINN **BÍLSKÚRSHURÐIR**



ÖFLUGAR FYRIR IÐNAÐINN **IÐNAÐARHURÐIR**



FÁÐU HEIMSÓKN
SÖLURÁÐGJAFI OKKAR KEMUR Á STAÐINN, VEITIR FAGLEGA RÁÐGJÖF OG GERIR ÞÉR VERÐTILBOÐ.
VINSAMLEGAST ÓSKIÐ EFTIR HEIMSÓKN Í SÍMA 865-1237 EÐA Á logi@ishurdir.is

IS HURÐIR
Sími 564 0013 | www.ishurdir.is

HAFÐU SAMBAND
- IS Hurðir ehf.
- Reykjalundi, 270 Mosfellsbæ
- Sími: 564 0013
- logi@ishurdir.is / 865 1237
- www.ishurdir.is

HELSTU NYTJAPLÖNTUR HEIMSINS



Svartar og hvítar sumartrufflur finnast víða í Evrópu og eru stærstar allra truffla. Báðar gerðir hafa svarta eða brúna húð sem er upphleypt með hvössum vörtum.

Jarðkeppur – demanturinn í eldhúsinu

Vilmundur Hansen
vilmundur@bondi.is



Þefskyn gylta er gott og eiga þær auðvelt með að finna lyktina af trufflusveppum neðanjarðar. Á innfelldu myndinni hér til hliðar er trufflusalt, sem þykir m.a. tilvalið út á poppkorn.

Trufflur, eða jarðkeppir, eru sveppir sem vaxa neðanjarðar og líkjast helst skorpnaðri kartöflumóður að hausti. Lyktin af þeim er blanda af nýunnum jarðvegi í haustrigningu, iðandi ánamöðkum og minningunni um svita löngu liðins ástarlífs. Sælkeratrufflur seljast fyrir gríðarlega hátt verð.

Trufflur verða seint flokkaðar sem ein af helstu nytjajurtum heims, til þess er uppskeran af þeim of lítil og svo hitt að þær eru ekki plöntur heldur sveppir.

Nánast ómögulegt er að gera sér grein fyrir því hver heildaruppskera í heiminum af jarðkeppum er þar sem talsverðu magni er safnað af þeim í náttúrunni.

Áætlað framleiðslumagn í ræktun er á bilinu 7,5 til 8 milljón tonn á ári. Kínverjar eru allra þjóða stórtækastir í ræktun truffla og framleiða rúmlega 5,1 milljón tonn á ári. Á Ítalíu er framleiðslan tæp 800 þúsund tonn en í Bandaríkjunum tæp 390 þúsund tonn. Í Hollandi eru ræktuð tæp 310 þúsund tonn og í Póllandi um 220 þúsund. Á Spáni er framleiðsla áætluð 146 þúsund tonn, í Frakklandi 116 þúsund tonn, í Íran tæp 90 þúsund, í Kanada rúm 82 þúsund og á Bretlandseyjum rúm 73 þúsund tonn á ári. Auk þess sem Ástralir hafa sótt mikið í sig veðrið undanfarið þegar kemur að ræktun truffla og miklar líkur á að þeir verði komnir í hóp stærstu framleiðenda þeirra eftir nokkur ár.



Þar sem svartamarkaðsbrask og verslun með sveppi, sem líkjast trufflum eða tegundum truffla sem ekki þykja merkilegar er mikill, verður að taka ofangreindum tölum með fyrirvara.

Samkvæmt upplýsingum Hagstofu Íslands voru flutt inn 828 kíló af nýjum „tröfflum“ frá Kína árið 2016.

Tölur um innflutning fyrstu átta mánuði 2017 benda til trufflugóðæris á Íslandi þar sem innflutningurinn er talsvert meiri en allt árið 2016, eða 1141 kíló. Þar af koma 721 kíló frá Bretlandseyjum, 324 kíló frá Kína, 60 kíló frá Suður-Kóreu og 36 kíló frá Bandaríkjunum. Auk þess sem flutt er inn trufflusalt, truffluolía, trufflumauk, trufflusúkkulaði og annað trufflu hitt og þetta.

Nafnaspeki

Orðið truffe á frönsku er dregið af latneska orðinu tuber sem þýðir forðarót. Heiti sveppsins á mörgum evrópskum tungumálum er lánsorð úr frönsku. Tartuf á króatísku, trufa á rúmönsku, á ítölsku er það tartufo og trufa á spænsku, truffe á þýsku er trüffel, tryffel á sænsku en trøffel í norsku og dönsku. Á íslensku kallast trufflur jarðkeppir.

Þýska heitið kartoffel, eða kartafla, er dregið af ítalska heitinu tartufo og er þar vísað til útlitslegra líkindi tegundanna.

Enska heitið truffles er einnig notað sem slangur um fólk sem ekki stígur í vitið, eða besservissera sem sjaldan hafa rétt fyrir sér. Hér leynast því úrvals nýyrði fyrir okkur Íslendinga sem getum hér eftir sagt að viðkomandi sé alger truffla og að sjálfsögðu í niðrandi merkingu.



Hágæða trufflur seljast fyrir svimandi hátt verð og greiddi spilavítiseigandi í Kína 330 þúsund Bandaríkjadali, tæpar 35 milljónir íslenskar, fyrir 1,3 kíló af hvítri trufflu frá Tuskan-héraði á Ítalíu.

Sveppir sem vaxa neðanjarðar

Truffla, eða jarðkeppur, er samheiti 80 til 90 tegunda sveppa

og fer tegundunum, sem tilheyra ættkvíslinni Tuber fjölgandi. Flestar tegundirnar eru ætar, margar eru hluti af daglegri fæðu fólks þar sem þær vaxa villtar og nokkrar eru gríðarlega eftirsóttar sem sælkeramatur vegna lyktarinnar og bragðsins.

Jarðkeppir mynda harða kúlulaga sveppi sem eru misstórir og vaxa fimm til fjörutíu sentímetra undir yfirborðinu eftir tegundum. Sveppirnir lifa samlífi og skiptast á næringarefnum með nokkrum trjátegundum. Þar á meðal beyki, birki, heslivið, furu, ösp og sérstaklega eik. Þar sem sveppirnir vaxa neðanjarðar dreifast gró þeirra í náttúrunni einungis með dýrum sem grafa þá upp til að éta þá.

Yfirleitt er jarðkeppum skipt í sumar- og vetrartrufflur eftir vaxtartíma og aftur í svartar og hvítar trufflur.

Eftirsóttasti jarðkeppurinn er hvítur og ítalskur að uppruna, T. magnatum. Algengasta trufflan á markaði, svartkeppur T. melanosporum, er svört og kennd við Périgord-hérað í Frakklandi, þrátt fyrir að hún vaxi og sé ræktuð víða í norðanverðri Evrópu og sunnanverðri Skandinavíu.

Gæði trufflusveppa er mjög breytileg hvað varðar lit, áferð, lykt og bragð eftir uppruna þeirra og vaxtarstað.

Ítalskir trufflusveppir, hvort sem þeir eru svartir eða hvítir, eru sagðir ilma mest. Þeir geta orðið á við appelsínu að stærð og áferð þeirra er hrukkótt. Hvítu trufflurnar eru oft þunnt skornar út á eldaðan mat en þær svörtu eldaðar með matnum.

Svartar og hvítar sumartrufflur finnast víða í Evrópu og eru stærstar allra truffla. Báðar gerðir hafa svarta eða brúna húð sem er upphleypt með hvössum vörtum. Lyktin minnir á heslihnetur, fjölbreyttar og eftirsóttar trufflur.

Asískar trufflur eru harðar viðkomu, með gráa húð og svartar að innan og milt og töfrandi bragð.

Trufflur frá Ástralíu eru þéttar í sér og með svarta og hvíta marmaraáferð að innan. Ilmsterkar og bragðmiklar.

Amerískar eða Oregon-trufflur vaxa í samlífi við þöll og eru hnúðóttar að lögun. Þær anga af kryddi og smjöri og eru mjög eftirsóttar.

Tæpar 27.000 krónur fyrir grammið

Hágæða trufflur seljast fyrir svimandi háar upphæðir og greiddi spilavítiseigandi í Kína 330 þúsund Bandaríkjadali, tæpar 35 milljónir íslenskar, fyrir 1,3 kíló af hvítum trufflum frá Tuskan-héraði á Ítalíu.

Stærsta truffla sem fundist hefur til þessa fannst í Umrian-héraði á Ítalíu og vó 1,89 kíló og seldist á uppboði fyrir litlar 7,7 milljónir króna. Kaupandinn var himinlifandi eftir uppboðið þar sem verðið fyrir þessa risatrufflu var fremur lágt þar sem truffla sem var talsvert léttari seldist fyrir 52 milljónir króna fyrir nokkrum árum.

Poppkorn með trufflusalti

Trufflur hafa notið mikilla vinsælda allt frá tímum Grikkja og Rómverja og um tíma gekk yfir þá eins konar truffluæði og fólk á þeim tíma líkt og núna tilbúið að greiða hátt verð fyrir góðar trufflur.

Í alþýðulækningum voru trufflur sagðar góðar við þvagsýrugigt, hálsbólgu og uppköstum. Um tíma voru trufflur sagðar risörvandi og notuðu Napóleon Bónaparte, Marquis de Sade og samtímamenn þeirra þær í staðinn fyrir Viagra.

Ólyginn segir að bandaríski spjallþáttastjórnandinn Oprah Winfrey sé svo hrifin af trufflum að hún ferðist með trufflusalt hvert sem hún fer og eigi til að hafa með sér sína eigin trufflu þegar hún fer á veitingahús. Leikkonan Catherine Zeta-Jones þvær á sér hárið með trufflusjampói. Fræga og fallega fólkið, eins og John Travolta, Cindy Crawford, Richard Gere og Mariah Carey eru einnig öll sögð mikil trufflufrík.

Í frönsk-kanadísku vísinda-skáldsagnakvikmyndinni Truffe frá 2008 gengur plottið út á að vegna hlýnunar jarðar taki trufflusveppir að vaxa í kjallara hrörlegrar íbúðabyggingar í Montreal. Fljótlega fara fjármálamenn og útsendarar þeirra, sem eru húðklædd vélmenni, að sýna trufflunum áhuga og vilja ná þeim á sitt vald en íbúarnir streitast á móti. Áhugaverð mynd sem gaman væri að horfa á og salta poppkornið með trufflusalti.

Saga jarðkeppa

Truffla er fyrst minnst í súmversku myndletri frá því um 2000 fyrir Krist þar sem þeir segja frá matvenjum Amorita sem voru erkióvinir Súmera. Næst minnist Grikkinn Theophrastus á þær á fjórðu öld fyrir Krist í riti sínu Historia Plantarum en sá ágæti maður er oft kallaður faðir grasafræðinnar. Til er saga um mann sem keypti sér þegnrétt á Aþenu fyrir trufflumáltíð.

Lengi var því trúað að jarðkeppir yxu upp þar sem eldingu sló niður í jörðina. Rómverski lögspekingurinn og rithöfundurinn Cicero, sem lést skömmu fyrir Kristsburð, kallaði jarðkeppi börn jarðarinnar, en gríski grasafræðingurinn Dioscorides, sem var uppi á svipuðum tíma, taldi trufflur vera forðarætur.

Lítið fer fyrir trufflum í ritum frá miðöldum en vitað er að einstaka aðalsmaður átti gyltu til að þefa upp trufflusveppi. Vinsældir jarðkeppa jukust aftur í Evrópu á endurreisnartímanum og á sautjándu öld tóku Frakkar þá fram yfir austurlensk krydd og trufflur urðu söluvara á dýrum matarmörkuðum. Vinsæll réttur frá þessum árum er trufflufylltur kalkúnn.

Truffluþefarar

Þefskyn gylta er gott og eiga þær auðvelt með að finna lyktina af trufflusveppum neðanjarðar. Ástæða þessa er sögð vera sú að lyktin af sveppum er svipuð og af kynkirtlum galta. Áður fyrr voru gyltur þjálfaðar til að þefa upp trufflusveppi og alltaf þótti alþýðunni jafn hlægilegt að sjá aðalsmann með svín í bandi að leita að trufflum.

Sá siður að nota gyltur til að þefa upp trufflusveppi er sagður ná aftur til Rómverja.

Í dag hafa hundar nánast alfarið tekið við hlutverki svínanna og góðir truffluhundar eru eftirsóttir. Dæmi er um að vatnakrabbar fari á land og grafi upp jarðkeppi og éti þá.

Ræktun

Trufflurnar þrífast best í rökum, en ekki blautum, og kalkríkum jarðvegi en miklir þurrkar draga úr vexti þeirra. Í náttúrunni finnast þær því oft í frjósömum og skógivöxnum suðurhlíðum.

Frakkar hófu fyrstir að rækta trufflur skömmu eftir aldamótin 1800 með því að flytja rekufylli af jarðvegi og ungplöntur af eik sem uxu við móðurtré sem lifði í sambýli við sveppinn. Árið 1847 plantaði aðalmaðurinn Auguste Rousseau út eikum á sjö hektara svæði í þeim tilgangi að undir þeim yxu trufflur og fyrir framtakið fékk hann sérstaka viðurkenningu á Heimssýningunni í París 1855. Árið 1890 voru trufflur ræktaðar á 75 þúsund hekturum í Frakklandi.

Trufflurækt hnignaði á tímum heimsstyrjaldarinnar fyrri, auk þess sem verkmenning í tengslum við hana glataðist með fórnarlömbum stríðsins. Eftir lok seinni heimsstyrjaldarinnar var mikið af ræktunarlandi trufflutrjánna tekið undir annars konar ræktun.

Truffluglæpir

Líkt og alls staðar þar sem miklir hagsmunir eru í húfi er mikið um falsaðar trufflur í boði, eða sveppi sem líkjast trufflum en eru það ekki. Sendingu af trufflum er stolið og sveppirnir seldir á svörtum markaði og talsvert er um að trufflusveppir í ræktun séu grafnir upp að næturlagi séu sveppalendurnar ekki vaktaðar. Einnig er þekkt að truffluhundum sé stolið frá eiganda sínum og seldir öðrum fyrir hátt verð.

Trufflan á undanhaldi

Aukinn lofthiti undanfarinna áratuga hefur komið illa niður á náttúrulegum og ræktuðum trufflum víða um heim. Uppskera á svartkepp, T. melanosporum, í Périgord-héraði í Frakklandi, hefur nánast hrunið. Samkvæmt skrám var árleg uppskera þessa svarta demants um 1.000 tonn á ári fyrir hundrað árum, á sjötta áratug síðustu aldar var uppskeran komin niður í tvö til þrjú hundruð tonn á ári en í dag er hún ekki nema 25 tonn. Svipaða sögu er segja frá Aragon- og Umbria-héruðum á Spáni og Ítalíu þar sem uppskeran hefur einnig dregist mikið saman.

Ástæðan fyrir þessu er sögð vera þurrari og hlýrri sumur sem hafa slæm áhrif á trén sem sveppurinn lifir í sambýli við. Ef fram fer sem horfir með hlýnun jarðar er ljóst að framtíð trufflunnar liggur norðar í Evrópu. Hver veit nema að trufflur eigi eftir að vaxa á Íslandi.

Trufflugóðæri á Íslandi

Eins og sést á innflutningstölum eru Íslendingar að komast upp á lagið með að borða trufflur og greinilegt trufflugóðæri í landinu. Slíkt er samt ekki alveg nýtt af nálinni því árið 1925 auglýsti verslunin Liverpool ýmiss konar góðgæti til sölu í Morgunblaðinu. Þar á meðal var grænmeti í dósum, „Þetta franska góða og ódýra“, vaxbaunir, ólífur, asíur og trufflur.



Kínverjar eru allra þjóða stórtækastir í ræktun truffla og framleiða rúmlega 5,1 milljón tonn á ári.

Trufflur með marmaraáferð.



Hvítur, ítalskur trufflusveppur, *Tuber magnatum*.



Konan angar eins og jarðkeppur með truffle noir-húðkreminu.



Tölur um innflutning fyrstu átta mánuði 2017 benda til trufflugóðæris á Íslandi þar sem innflutningurinn er talsvert meiri en allt árið 2016.

AUÐLINDIR & UMHVERFISMÁL

Sameinuðu þjóðirnar – Global Land Outlook:

Þýðing lands og nýtingarréttur

Vilmundur Hansen
vilmundur@bondi.is



Sýn á land getur snúist um eignarhald og réttinn til að nýta það og er um leið hluti af hag- og félagslegum samskiptum og deilum um réttindi.

Land og rétturinn til landnytja er ólíkur milli menningarsvæða. Íbúum iðnríkja er tamt að líta á eignarrétt á landi sem sjálfsagðan og þar með líka réttinn til að nýta landið. Í þróunarríkjunum er þessu víða ólíkt farið og hugmyndin um eignarhald óljósara og nýtingin á landi hluti af flóknum samfélagslegum hefðum og reglum.

Skýrsla Sameinuðu þjóðanna, Global Land Outlook, fjallar á fjölbreytilegan hátt um notkun landgæða í heiminum og mögulega notkun þeirra í framtíðinni. Í síðasta tölublaði Bændablaðsins var sagt frá lykilatriðum skýrslunnar, svo sem fjölgun mannkyns, fólksflutningum, loftslagsbreytingum, líffræðilegum fjölbreytileika, þéttbýlismyndun, átökum um fæðu og orku- og vatnsbúskap.

Að þessu sinni verður gluggað í þann hluta skýrslunnar sem fjallar um þýðingu lands og landnýtingar í heiminum.

Sýn á landið

Í inngangi að kafla skýrslunnar segir að sýn fólks á land sé ekki bara viðbragð við því sem ber fyrir augu því sýnin er einnig tengd menningu og hugmyndum um eignarhald. Fólk sem tengist landi með því að yrkja það og hafa lífsviðurværi sitt af landinu sér og upplifir land á annan hátt en þeir sem eiga hlutabréf í landi og hafa ekki beina aðkomu að nýtingu þess. Land hefur einnig aðra þýðingu fyrir fólk sem er efnað og ekki beinlínis háð landi sér til viðurværis en þeir sem fátækari eru og lifa af því sem landið gefur. Sýn á land getur líka snúist um eignarhald og réttinn til að nytja það og er um leið hluti af hag- og félagslegum samskiptum og jafnvel deilum um réttindi.

Allir þessir þættir hafa áhrif á afstöðu okkar til landnýtingar og stjórnunar á henni. Þrátt fyrir það er skynsamlegast að nýta land á sjálfbæran hátt mannkyninu til heilla.

Aðgangur að ræktarlandi til matvælaframleiðslu og vatnsöflunar, stöðugleiki í atvinnu og aðgengi að lífnauðsynjum er nauðsynlegt til að efla seiglu gegn loftslagsbreytingum og breytingum til hins verra í veðurfari og tryggja félagslegan og pólitískan stöðugleika samfélaga.

Land sem gjöful eign

Hvort sem land er í einkaeigu eða almenningur í eigu opinberra aðila eru nýtingarmöguleikar þess hinir sömu hvað varðar afurðir og þjónustu. Möguleikar landsins til að draga úr áhrifum loftslagsbreytinga á heimsvísu og viðhaldi hringrásar vatns og matvælaframleiðslu í heimalandinu og heima í héraði er það sama hvert sem eignarhaldið er.

Vistkerfi, hvort sem þau eru náttúruleg eða stjórnað af mönnum, styrkja lífsviðurværi samfélaga og veita þeim tækifæri á að vaxa og dafna. Líta verður til þess að þrátt fyrir að land sé gjöfult er það takmörkuð auðlind sé það ekki nýtt skynsamlega.

Til að tryggja sjálfbæra nýtingu lands er ekki nóg að ákvarða hvert eignarhald og nýtingarréttur þess er.



Til að tryggja sjálfbæra nýtingu lands er ekki nóg að ákvarða hvert eignarhald og nýtingarréttur þess er.

Dæmin sýna að stjórn landnýtingar leiðir iðulega til hnignunar landgæða og í framhaldinu standa landeigendur frammi fyrir auknum takmörkunum á nýtingu landsins og verndun vistkerfisins.

Auka þarf skilninginn á möguleikum lands og nýtingu þess fyrir menn og aðrar lífverur. Bændur og ráðsmenn lands þurfa nú og í framtíðinni að líta á sig sem gæslumenn landsins sem bera ábyrgð á sjálfbærri og skynsamlegri nýtingu þess.

Til að hlúa að og vernda þá gjöfulu eign sem land er verður að viðurkenna réttindi, umbun og ábyrgð landnýtingar sem stuðla að sjálfbærri nýtingu þess. Bændur og ráðsmenn lands þurfa hvata til að tryggja áframhaldandi framboð á þeim gæðum sem landið hefur að bjóða. Þessi gæði geta legið utan við hefðbundinn markað og falist í varðveislu líffræðilegs fjölbreytileika, verndun vatnsbóla, flóðavörnum og aukinn bindingu kolefnis.

Til að tryggja hvata til verndunar lands verður samfélagið að umbuna eigendum landsins og auka þannig líkurnar á verndun vistkerfisins. Þróa þarf umræðuvettvang um vistkerfaþjónustu landeigenda og leysa þau ágreiningsefni sem kunna að koma upp í tengslum við þjónustuna. Langtíma matvælaöryggi og hagvöxtur í flestum löndum heims er háð sjálfbærri stjórnun á landi.

Land og landgæði hafa frá upphafi tengst þróun mannkynsins á margan hátt og er efnahagsleg þróun einungis einn af þessu þáttum. Land er einstök, dýrmæt og ótilfæranleg og takmörkuð auðlind. Land er undirstaða lífsviðurværis manna og eykur lífsgæði samfélaga og metið út frá gæðum þess bæði ofanjarðar og neðan.

Eignarhald á landi hefur mikil samfélagsleg áhrif, sérstaklega í fátækum samfélögum þar sem lífsgæði einstaklinga mótast af aðgengi þeirra að landi og nytjum á því. Land og eignarhald á landi er á þann hátt orsök flókinna táknrænna-, félags- og efnahagslegra samskipta og tengt ójöfnuði í samfélögum. Land er einnig miðlægur þáttur í flóknum og fjölbreytilegum félagslegum samskiptum eins og framleiðslu og neyslu.

Marglaga og fjölbreytileg einkenni lands

Árangursríkir samningar um sjálfbæra nýtingu, stjórnun og skipulagningu á auðlindum lands krefst samþættingar og þátttöku allra hagsmunaaðila sem tengjast eignarhaldi og nýtingu landsins. Viðfangsefnin og sjónarmið hagsmunaaðila eru ólík en til að vel takist til þarf að sýna sveigjanleika og vilja til að breyta forgangsröðinni til að ná sáttum.

Meðal þeirra sem geta átt rétt á þátttöku í ákvarðanatöku um landnýtingu eru stjórnvöld, vísindasamfélagið, bændur, hirðingjar og landeigendur, innfæddir, trúarsamtök og íbúar nágrannabyggða, náttúruverndarsinnar og náttúruverndarsamtök, fyrirtæki tengd landbúnaði og landnýtingu, skipulagsfulltrúar, listamenn, heimspekingar og fulltrúar ferðamála.

Hagsmunaaðilar hafa fjölbreyttar og ólíkar skoðanir á því hvernig nýta skal land og nota ólík hugtök til að tjá hugmyndir sínar um landið og notkun á því. Með því að nálgast viðfangsefnið á heildstæðan hátt er mögulegt að meta allar skoðanir. Þannig má stuðla að auknum skilningi ólíkra hagsmunaaðila, greina og auka líkur á samlegðaráhrifum og viðeigandi lausn og samkomulagi í átt að sjálfbærri nýtingu landsins.

Land í einkaeigu

Land í einkaeigu er tiltölulega nýtt fyrirbæri í mannkynssögunni en þrátt fyrir það ríkjandi fyrirkomulag á mörgum menningarsvæðum. Víða hefur hið opinbera yfirráð yfir stórum svæðum en annars staðar hefur verðmætt og gjöfult land verið selt til einstaklinga eða fyrirtækja.

Uppkaup og nýting ríkisins og einkaaðila á landi getur haft gríðarleg áhrif á líf fólks sem lengi hefur búið á og haft lífsviðurværi sitt af landinu án þess að hafa lagalegt tilkall til þess.

Aðgengi og gildi lands hefur alltaf verið mikils metið. Pólitískt og lagalegt umhverfi sem hvetur til að land sé í einkaeigu hefur mikil áhrif á hugmyndir og samskipti almennings við landið. Á það sérstaklega við í þéttbýli og þar sem land hefur mikið efnahagslegt gildi. Stór landsvæði hafa skipt um eigendur í viðskiptum sem eru ólík formlega og í lagalegu tilliti.

Í sumum þróunarríkjum hefur undanfarna áratugi tekist að samræma reglur um eignarhald á landi og arðsemi nytja af því. Í sögulegu samhengi hefur mikið af dreifbýli í heiminum verið í eigu stjórnvalda en verið eins konar almenningur og nýtt af frumbyggjum eða öðrum íbúum landsins. Þetta breyttist á tímabili og víða misstu frumbyggjar réttindi sín til að nýta landið. Undanfarin ár hefur í sumum löndum orðið breyting þar á í þá átt að afhenda frumbyggjum landið aftur til varðveislu.

Íbúar iðnríkja gera ráð fyrir að eignarhald á landi sé skýrt, kortlagt og byggt á sterkum lagalegum stoðum. Víða í þróunarlöndunum



Land er takmörkuð auðlind sem verður að nýta skynsamlega.

er raunin önnur og eigna- og nýtingarréttur einstaklinga á landi ekki alltaf viðurkenndur og aðgengi að náttúruauðlindum deilt meðal margra án þess að nokkur einn eigi landið. Í Vestur-Afríku eru dæmi um að ólíkir neytendur, karlar, konur, bændur, hirðingjar og kirkjur, hafi sama rétt og aðgang að ólíkum landgæðum eins og beitarlandi fyrir búfé eða skógarnytjum. Einnig getur rétturinn til nytjanna verið mismunandi eftir árstímum.

Lögbundin landnýting er oft og tíðum ekki nógu sveigjanleg til að takast á við flókið kerfi landnýtingar. Á hinn bóginn, þar sem landréttindi eru ekki formlega staðfest eða lúta stjórnvöldum, er oft auðvelt að beita þrýstingi til að komast yfir landið og auðlindir þess, samfélaginu og umhverfinu til vansa.

Í mörgum þróunarríkjum skorti fullnægjandi lög eða ekki hefur tekist að koma í framkvæmd reglugerðum sem skilgreina heimildir til landnotkunar eða eignarhalds á landi og auðlindum þess. Slíkt getur leitt til sjálftöku einstaklinga eða fyrirtækja á landi með skelfilegum afleiðingum fyrir þá sem nytja landið fyrir. Einnig kemur fyrir að land er eignað einstaklingum eða fyrirtækjum án þess að leitað hafi verið samþykkis samfélaga sem á því búa og nytja eða að samfélögin hafi fengið bætur fyrir landtökuna. Fjölmargir þættir geta valdið því að fólk yfirgefi dreifbýlið, til dæmis átök eða landhremming, og flytji í þéttbýli. Möguleikar til sjálfbærrar landnýtingar geta því takmarkast af lýðfræðilegum orsökum og áhrifum samtímans á frumbyggjasamfélög.

Land í almannaþágu

Land gegnir mikilvægu hlutverki þegar kemur að bindingu kolefnis úr andrúmslofti, hringrás lífrænna efna og vatns og annarra vistfræðilegra þátta sem gagnast samfélögum sem heild. Sé stjórn landnýtingar slæm



Bætt landnýting stuðlar að aukinni velferð allra jarðarbúa.

missir landið getuna til að viðhalda vistkerfinu. Land er mósaík margra vistkerfa sem samfélag manna er hluti af. Ekki er nógu oft litið til hlutverks landsins í almannaþágu við ákvörðun um landnýtingu og áætlanagerð.

Gæslumenn lands geta aukið við eða dregið úr neikvæðum áhrifum landnýtingar og þannig skilað betra landi samfélaginu til heilla. Einfaldar ákvarðanir eins og að fella tré eða plægja gróið land losar kolefni út í andrúmsloftið og hefur þannig neikvæð áhrif á loftslagsbreytingar.

Í Nígeríu hafa vatnasvæði áa marglaga nýtingu sem tengjast ólíkum hagsmunaaðilum. Samfélög sem veiða fisk nýta landið yfir regntímann til fiskjar en bændur planta út nytjajurtum á þurrari tímum ársins. Að lokinni uppskeru nytjajurtanna nýta hirðingjar landið til beitar fyrir búfé. Í tilfelli sem þessu er erfitt að ákvarða hverjum landið tilheyrir. Réttindi til nýtingar skarast og nauðsynlegt að forðast misskilning fari af stað umræða um hefðbundið eignarhald á landi. Í mörgum tilfellum tilheyrir land og rétturinn til að nýta það samfélaginu sem samanstendur af ólíkum hópum með ólíkar þarfir til landnýtingar. Skilgreining á landrétti þarf því að greina og taka tillit til ólíkra félagslegra þátta þegar kemur að samningum um landnýtingu.

Tengslin við landið

Spurningar um eignarhald, réttindi og ábyrgð á landi eru krefjandi og flóknar og því erfitt að orða þær á einfaldan hátt. Svörin tengjast lögum og rétti til landsins og samfélagslegum venjum og hefðum um landnýtingu. Í huga margra tengist hugmyndin um land reisn, menningu og sjálfsmynd og eignarhald á landi hugmyndinni um frelsi, sjálfsmynd og öryggi. Óhindraður aðgangur að landi getur tengst sjálfsmynd fólks og vissunni um samfellu milli kynslóða. Í huga margra er nýtingarréttur á landi grundvallar mannréttindi.

Fjöldi fólks nýtur góðs af því að yrkja og nýta landið og öðlast með því andlega og menningarlega sjálfsmynd. Að vera í beinni snertingu við landið getur leitt til betri líkamlegrar og andlegrar heilsu og styrkingar á sjálfsmynd fólks. Í samfélögum þar sem tengslin við landið eru mikil er sjálfbær nýting oft hluti af hefðinni.

Undanfarin ár hefur hugmyndinni um tilvistarrétt allra lífvera vaxið ásmegin. Hugmyndin felur í sér að allar lífverur hafi rétt til lífs í sínu náttúrulega vistkerfi. Rannsóknir sýna að hugmyndin á auknu fylgi að fagna í ólíkum samfélögum manna um allan heim og að flestum þyki sjálfsagt að koma í veg fyrir útrýmingu tegunda sé þess nokkur kostur. Gríðarlegur stuðningur fólks til að bjarga tegundum sem eru táknmyndir fyrir dýr í útrýmingarhættu, eins og tígrisdýr og pandabirnir, sem fæst fólk mun sjá í sínu náttúrulega umhverfi, sýnir að viðhald tegundanna tengist ekki eingöngu nýtingarsjónarmiðum.

Viðhorf að þessu tagi eru ríkjandi hugmyndir helstu heimspekinga og trúarbragða heimsins, sem á sama tíma krefjast ábyrgðar stjórnvalda þegar kemur að verndun lífríkisins. Leiðtogar allra helstu trúarbragða heims hafa gefið út yfirlýsingu þar sem þeir viðurkenna siðferðislega skyldu manna til að vernda það sem og meta það út frá forsendum þess. Aðrir telja að land hafi virði á eigin forsendum og að þær forsendur glatist þegar einungis er litið til þess að hámarka þann efnahagslega arð sem landið geti veitt.

Niðurstaða

Viðurkenna þarf sjónarmið ólíkra hagsmunaaðila og tryggja þátttöku þeirra í ákvarðanatöku um landnýtingu, skipulag og stjórnun þess. Hvort sem land er í eigu stjórnvalda, fyrirtækja, samfélaga eða einstaklinga eru allir háðir landi hvað varða heilsu og vellíðan. Mannkynið hefur ekki efni á að líta framhjá þessari staðreynd.



Uppblástur eru víða vandamál og oft afleiðing rangrar landnýtingar.









AF SAUÐFJÁRTBÆNDUM Á SNÆFELLSNESI

Héraðssýning lambhrúta á Snæfellsnesi haustið 2017

Héraðssýningar á sauðfé eiga sér hvergi lengri sögu hér á landi en á Snæfellsnesi. Þessari menningarhefð viðhéldu þeir haustið 2017 með líklega glæsilegustu sýningu nokkru sinni.

Eins og áður þurfti að tvískipta sýningunni vegna skiptingu svæðisins á tvö sauðfjárveikivarnahólf. Fyrri hluti sýningarinnar var að kvöldi 14. október að Haukatungu syðri II í glæsilegum fjárhúsum þeirra Ásbjarnar og Helgu og síðan var sýningunni lokið í fjárhúsum Bárðar og Dóru að Hömrum í Grundarfirði þar sem einnig er glæsileg sýningaraðstaða sem félagsmenn höfðu að auki skreytt sérstaklega. Þar lauk sýningunni og verðlaunaveitingar til eigenda efstu gripanna fór þar fram. Dómarar sýningarinnar voru Jón Viðar og Lárus Birgisson.

Meiri þátttaka en um árabil

Þátttaka í sýningunni var meiri en verið hefur um árabil eða samtals 85 hrútar sýndir. Af þeim voru 34 á sýningunni í Haukatungu en 51 að Hömrum. Aukningin var hlutfallslega meiri austan girðingar og voru það einkum kollóttu hrútarnir þar sem voru fleiri en áður hefur verið. Hrútunum var síðan skipað í hina þrjá hefðbundnu sýningarflokka slíkra sýninga.



Hér er skjaldhafinn 2017 og besti lambhrútur Snæfellinga og er frá Bárði Rafnssyni og Dóru Aðalsteinsdóttur og svo er Óttar Sveinbjörnsson, sem á stóran þátt í ræktuninni bak við þennan hrút. Á myndinni eru Óttar Sveinbjörnsson og Bárður og Dóra. Myndir / Herdís Leifsdóttir.



Lamb 18 hjá Dóru og Bárði á Hömrum.

Kollóttu, hvítu hrútarnir voru nú orðnir alger minnihlutahópur með 19 einstaklinga en þess má minnast að frá 1954–1974 voru kollóttir hrútar ávallt í meirihluta á héraðssýningum á Snæfellsnesi, þannig að breytingar að þessu leyti eru ákaflega miklar á svæðinu.

Mislitu eða dökku hrútunum fjölgar með hverri sýningu og gæði þeirra aukast m.a. vegna stóraukins fjölda slíkra ættfeðra á sæðingastöðvunum síðasta áratuginn. Einnig eru margir snjallir að framleiða slíka einstaklinga út úr sterkustu línum hvíta fjárins. Líklega hafa fáir náð eins langt í þeim efnum og Snæfellingar. Þessi hrútahópur taldi á sýningunni 29 einstaklinga. Flestir voru eins og áður hvítu, hyrndu hrútarnir eða samtals 37.

Eitt sem hefur orðið einkenni í þróun þessara sýninga á síðustu árum er hve aukinn hluti toppgripanna þar birtast sem úrvals kynbótahrútar heima í héraði á næstu einum til fjórum árum eftir sýningu og allmargir þeirra feta að lokum alveg á sæðingarstöðvarnar. Eðlilega er því áhugavert fyrir áhugafólk um sauðfjárrækt að fylgjast með þessum sýningum eins og margt þeirra gerir.

Síðasta almenna atriðið varðandi þessa sýningu áður en farið verður að gera grein fyrir nokkrum toppeinstaklingum varðar ætterni lambanna. Lengi hafa synir sæðingahrúta einkennt slíkar sýningar. Það átti ekki við hér þar sem aðeins 23 hrútanna áttu slíkt upphaf eða talsvert innan við þriðjungur hrútanna. Enginn einstakur sonarhópur var mjög stór. Hlutfallslega voru þannig hrútar flestir hjá þeim kollóttu. Þessi staða endurspeglar á vissan hátt hve ræktunarstarfið innan svæðisins er orðið þrælöflugt. Í flestum öðrum héruðum skreyta synir stöðvarhrúta yfirleitt toppsætin.

Lamb 135 á Bláfeldi skipaði efsta sæti mislitu hrútanna

Hrútarnir sem báru annan lit en hvítan voru gríðarlega sterkur hópur. Lamb 135 á Bláfeldi skipaði efsta sætið. Þessi hrútur sem er svartur, hyrndur er vænn og ákaflega vel gerður, vel bollangur með frábæra vöðvafyllingu, þykkt bak og mikil mala- og lærahold.

Lamb þetta sækir föðurætt að öllu í gömlu ræktunina í Mávahlíð en í henni hefur á síðasta áratug verið að finna fádæma mikið af vel gerðu dökku fé sem sprottið er úr gömlu ræktuninni á hvíta fénu sem á tíunda áratugnum var ein sú allra öflugasta í landinu. Móðirin er aðfengin frá Bergi í Grundarfirði, móðurfaðirinn Grábotni 06-833.

Í öðru sæti í þessum flokki var lamb 187 sem Guðmundur Ólafsson, Vallholti 24 í Ólafsvík átti. Hér var mættur annar svartur, hyrndur topphrútur. Þessi var nokkru vænni en sá sem stóð efstur og einnig gríðarlega fallegt lamb með feikimikla holdfyllingu, þó að aðeins skorti á að hún væri jafn þétt og hjá topphrútnum. Hann er hins vegar talsvert skyldur þeim efsta vegna þess að hann sækir í Mávahlíðarræktun og ræktun fjáreigenda í þéttbýlisstöðunum á norðanverðu Nesinu að því undanskyldu að Myrkvi 10-905 er móðurfaðir hans.

Þriðja sætið skipaði síðan lamb 105 á Bláfeldi. Þessi hrútur var svartbotnóttur og hyrndur. Hann fylgdi nánast sömu uppskrift að ætt og toppurinn, föðurætt sótt í Mávahlíð en móðurætt að Bergi. Athygli vekur að mæður allra þessara topphrúta voru bráðungar ær.

Lamb 527 á Hjarðarfelli efst kollóttu hrútanna

Hjá hvítu, kollóttu hrútunum var í efsta sætinu lamb 527 á Hjarðarfelli. Þetta var ákaflega föngulegt lamb, hreinhvítt, bollangt með mikla ull, bakvöðvi ákaflega þykkur og vöðvafylling öll mjög góð. Hann er tilkominn við sæðingar og faðir hans Brúsi 12-970 og móðir hans undan Sprota 12-936 og áfram í móðurætt sá þekkti Magni á Hjarðarfelli, sem mótar kollótt fé á þessu svæði nú meira en nokkur annar hrútur, og einnig Neisti 06-822.

Í öðru sæti kom hrútur 7026 í Haukatungu syðri II. Þessi hrútur var gríðarlega bollangur og vænn með fádæma breiðar, sporöskjulaga malir með mikilli holdfyllingu og góð lærahold. Þessi hrútur var líka tilkominn með sæðingum undan Magna 13-944 en móðurfaðir hans var hrútur frá Heydalsá og sé móðurleggur lengra kannaður fara að falla inn hyrndir úrvalshrútar.

Þriðja sæti skipaði lamb 12 á Hraunhálsi en þetta var feikilega vel gert lamb, jafnvaxið með góða bollengd og vel holdfyllt minnst samt á baki þar sem bakvöðvaþykkt mældist ekki nema 28 mm en bakátak mjög gott. Einnig þessi hrútur var úr sæðingum undan Hnalli 12-934 en móðurætt að mest skipuð úrvalshrútum úr þessari miklu ræktunarhjörð frá síðasta áratug. Hjörðin af kollóttu fé á Hraunhálsi hefur um árabili framleitt ótrúlega mikið af kostagripum miðað við hve lítil hún er og áreiðanlega ástæða til að horfa til hennar á næstu árum fyrir val stöðvarhrúta.

Lamb 18 í efsta sæti hyrndu hrútanna

Hyrndu hrútarnir voru flestir og í heildina frábær hópur að allri gerð. Þar skipaði sér í efsta sætið lamb 18 hjá Dóru og Bárði á Hömrum. Þetta er frábær gripur að allri gerð. Hann er klettþungur miðað við stærð, bolmikill með svellþykkt og hart bak og frábær lærahold. Smávegis gulur litur er á haus og fótum. Um ættir hans er það að segja að faðir hans er Partur 12-400 sem fæddur er Óttari Sveinbjörnssyni á Hellissandi og móðurætt lambsins rekur sig einnig í þá hjörð. Óttar hefur um áratuga skeið verið fremstur í ræktunarstarfi meðal tómstundabænda á norðanverðu Nesinu sem eru allmargir en ótrúlegt hlutfall þeirra dugandi ræktunarmenn.

Marga frábæra gripi hefur verið að sjá hjá Óttari á undanförnum áratugum og oft hafa þeir verið til skoðunar vegna stöðvanna. Smæð hjarðanna gerir hins vegar alltaf erfitt að meta gripi þar nógu unga fyrir stöðvarnar. Sá er grunur minn út frá því sem ég sá og heyrði á sýningunni að Partur sé hrútur sem ætti að vera kominn ofar í ræktunarpíramída landsins. Að lokum ber að taka fram að oft á tíðum var erfitt að skilja að ræktun Óttars og í Mávahlíð, sú stórkostlega ræktun er grunnurinn að þessu öllu.

Annað sætið í flokknum var lamb 13 á Snorrastöðum. Þetta var líklega



Verðlaunahafar í mislitu hrútunum. Í fyrsta sæti Arnar Ásbjörnsson og Elísabet Bjarnardóttir Bláfeldi. Í öðru sæti var Guðmundur Ólafsson Ólafsvík (til vinstri á myndinni) og í þriðja sæti eru einnig Arnar og Elísabet Bláfeldi.



Uppröðun og skoðun á mislitu hrútunum vestan girðingar á Hömrum.



Vinningshafar í kollóttu hrútunum talið frá hægri: Besti hrúturinn er frá Hjarðarfelli frá Guðbjarti Gunnarssyni, í öðru sæti Ásbjörn Pálsson, Syðri Haukatungu og í þriðja sæti Guðlaug Sigurðardóttir Hraunhálsi.



Besti kollótti hrúturinn frá Hjarðafelli.



Vinningshafar í hvítu hyrndu hrútunum. Besti hrúturinn er frá Bárði Rafnssyni (fyrir miðju) og Dóru Aðalsteinsdóttur Hömrum. Í öðru sæti var hrútur frá Snorrastöðum en Ásbjörn Pálsson er á myndinni og tók við verðlaunum fyrir hann. Í þriðja sæti var svo hrútur frá Kristjáni Þór Sigurvinssyni á Fáskrúðarbakka.



Margir litir og margir hrútar í mislitu hrútunum austan girðingar Syðri Haukatungu.



Mynd af gimbrunum sem voru í happdrættisvinning. Þær voru frá Bárði á Hömrum og Guðlaugu í Hraunhálsi. Þær hlutu þeir Hallur Pálsson á Naustum og Guðjón Jóhannesson frá Syðri Knarrartungu.

glæsilegasta lamb sýningarinnar á velli en glæsileikinn var einnig í gerð. Hann er mjög bollangur mjög vel gerður með frábæra vöðvafyllingu á baki og í lærum. Faðir hans er frá Dalmynni þangað sem stutt er að leita toppa eldri sýninga ef áfram er rakið. Móðurfaðir er Garri 11-908 en síðan skammt að leita hrúta frá Ásbirni í Haukatungu á móðurhliðina.

Í þriðja sæti kom síðan lamb 252 á Fáskrúðarbakka. Þetta lamb var gríðarlega vel gert og jafnvel skapað þannig að það nálgaðist mikið hugmyndir okkur um úrvals kjötsöfnunarfé. Föðurfaðir þess er Þorsti 11-910.

Í lok sýningar afhenti Lárus þeim Dóru og Bárði á Hömrum hinn glæsilega farandgrip, verðlaunaskjöldinn frá 1954 til varðveislu næsta árið fyrir lamb 18 sem þegar hefur verið fjallað um.

Rétt er enn og aftur að vekja athygli á því hve stór hluti toppanna áttu að mæðrum mjög ungar ær. Það er aðeins enn ein staðfesting þess hve sterk fjárrækt er stunduð á svæðinu. Yngri gripirnir ryðja þeim eldri úr sæti.

Í ljósi þeirrar stöðu sem nú er í framleiðslumálum sauðfjárræktarinnar þá hélt ég að sýningar sem þessar gætu lent í öldukasti í haust. Sú hefur sem betur fer ekki orðið raunin heldur þvert á móti. Ég tel mig skynja að bændum er orðið það ljóst að forystu í sínum málum sækja þeir ekki lengur til stjórnenda BÍ eða undirstofnana þess. Þeir verða meira og meira að treysta á eigin getu og styrk til að koma sínum málum áfram. Einn hlutur þess er að sýna vel það sem líklega hefur verið best gert í þessu starfi á undafönum áratugum. Þannig sýnir stéttin bæði sjálfri sér og öðrum sinn innri styrk. Á því er meiri þörf nú en nokkru sinni áður.

Þessi sýning er líklega sú glæsilegasta sem nokkru sinni hefur verið haldin á Snæfellsnesi. Aðsókn að sýningunum var meiri en nokkru sinni. Ég lýk því þessum skrifum með að óska Snæfellingum til hamingju með frábæra sýningu sem sýndi glæsilegan árangur kröftugs ræktunarstarfs síðustu áratuga.

/Jón Viðar Jónmundsson.



Það var mikið fjör hjá krökkunum að róla í fiskikari í hlöðunni á Hömrum.



UTAN ÚR HEIMI



Landbúnaður sem stundaður er víða um heim er að breyta frjósömu ræktunarlandi í eyðiland.

Varað við nauðræktun:

Breskt ræktunarland breytist í eyðiland

– Líkt við það að jarðvegurinn fái taugaáfall

Michael Gove, ráðherra umhverfis- og landbúnaðarmála á Bretlandi, varar við því að hluti af ræktarlandi í landinu geti breyst í eyðiland ef ekki verði dregið úr nauðræktun og notkun tilbúins áburðar og eiturefna í landbúnaði.

Mælingar benda til að um 84% af frjóum yfirborðsjarðvegi hafi tapast frá 1850 til dagsins í dag. Eyðingin mun vera um einn til þrír sentímetrar á ári. Gove segir að á næstu 30 til 40 árum muni Bretar tapa enn meira af frjósömum jarðvegi verði ekkert að gert og stór hluti ræktarlands breytast í eyðilendur. Gove segir einnig að sá landbúnaður sem stundaður er á Bretlandseyjum og víða um heim sé að eyðileggja landið með nauðræktun og of mikilli notkun á tilbúnum áburði og eiturefnum.

Í máli hans kom fram að hann teldi að landbúnaður í Bandaríkjunum væri fremstur í flokki þegar kæmi að þessari eyðileggingarræktun.



Hann sagði einnig að þjóðir gætu staðið af sér byltingar og styrjaldir og meira að segja að segja sig úr Evrópusambandinu en að engin þjóð gæti lifað af ef hún tapaði jarðveginum. Cove segir að til skamms tíma sé hægt að vinna jarðveginn með stórum tækjum, dæla í hann efnum sem auka muni uppskeruna. Til lengdar mun slíkt aftur á móti leiða til hruns jarðvegsins og minnkandi uppskeru. */VH*



Kannabisræktun Systranna í dalnum.

Kannabisframleiðsla í Kaliforníu umfram eftirspurn

Á síðasta ári er áætlað að í Kaliforníuríki í Bandaríkjunum hafi verið framleidd ríflega sex milljón kíló af hampi. Framleiðslan er fimm sinnum meiri en áætluð notkun í ríkinu, sem er um milljón kíló á ári. Ræktun og neysla kannabis er lögleg í Kaliforníu.

Reyndar er svo komið að vegna geysilegrar offramleiðslu á kannabis í Kaliforníu hefur orðið verðfall á afurðinni.

Í kjölfar mikillar framleiðslu umfram eftirspurn hafa yfirvöld velt fyrir sér spurningunni um hvað verði um það magn sem ekki er nýtt innan ríkis. Að sögn þeirra sem láta sig málið varða er einungis um eitt svar að ræða og það er að umframframleiðsla sé seld til annarra ríkja og í mörgum tilvikum til ríkja þar sem hampur er enn ólöglegur.

Stjórnvöld í Kaliforníu segja verða að gera allt til að koma í veg fyrir að mikið magn af kannabis sé framleitt í ríkinu og selt ólöglega annars staðar.

Þrátt fyrir að ræktun og neysla á kannabis sé leyfileg í Kaliforníu og mörgum öðrum ríkjum í Bandaríkjunum er hvoru tveggja



Umframframleiðsla á kannabis veldur verðfalli í Kaliforníu. Framleiðslan er fimm sinnum meiri en áætluð notkun í ríkinu.

enn ólöglegt samkvæmt alríkislögum Bandaríkjanna.

Ein lausnin til að koma í veg fyrir ólöglegan útflutning á kannabis frá ríkinu, samkvæmt stofnun sem kallast California Bureau of Cannabis Control, er að gefa út ræktunarleyfi sem jafnframt fælu í sér bann á að selja uppskeruna utan ríkisins.

Meðal þeirra sem hafa gert það gott með ræktun kannabis og framleiðslu afurða úr plöntunni er hópur nunna sem kalla sig Sisters of the Valley, eða systurnar í dalnum, sem segjast rækta kannabis eftir alda gömlum ræktunaraðferðum. */VH*

Á FAGLEGUM NÓTUM



James Ranking segir frá búi sínu og hinir íslensku gestir fylgjast áhugasamir með. Myndir / SS

Skotlandsferð Samtaka ungra bænda *– fyrri hluti*

Dagana 20. til 23. október sl. stóðu Samtök ungra bænda á Íslandi fyrir helgarferð til Skotlands og var tilgangur ferðarinnar að kynnast þarlendum landbúnaði sem og að njóta lítils hluta þess sem Skotland hefur upp á að bjóða.

Alls voru 32 ungir bændur með í för og komu þeir víðs vegar að af landinu og frá ýmsum greinum íslensks landbúnaðar. Hér á eftir fer fyrri hluti samantektar um þessa ferð sem var einkar fróðleg, fræðandi og umfram allt lærdómsrík.

Lanark-uppboðsmarkaðurinn

Ferðin hófst með því að ekið var frá flugvellinum í Glasgow og til uppboðsmarkaðarins í Lanark en þar eru árlega boðnar upp þúsundir af bæði nautgripum og sauðfé. Þennan dag var uppboð á lambhrútum af Blackface sauðfjárkyninu en þetta kyn er afar vinsælt í Stóra-Bretlandi og seljast lambhrútarnir á afar eftirtektarverðu verði, amk. fyrir okkur Íslendinga. Það var sérstaklega áhugavert að fylgjast með uppboðinu en bæði voru hrútarnir þvegnir og stroknir fyrir sýningu, sprautaðir með hárgljáa til að gera útlitið enn betra auk þess sem hornin voru vax- og olíuborin svo glæsileikinn yrði sem mestur.

Lambhrútur seldur á 8 milljónir!

Þennan dag voru 155 lambhrútar boðnir til sölu og var meðalverð hvers þeirra hvorki meira né minna en 643 þúsund krónur og var það hækkun um rúmlega 10% frá sambærilegu uppboði í fyrra á sama sauðfjárkyni! Sá sem fór á hæsta verðið var lambhrútur frá hinu þekkta skoska ræktunarbúi Auldhoseburn en þar býr bóndi að nafni Hugh Blackwood blönduðu búi með sauðfé og holdanaut. Lambhrúturinn frá Hugh seldist á 58 þúsund pund en upphæðin samsvarar 8 milljónum íslenskra króna – já og það fyrir einn lambhrút! En mun fleiri lambhrútar seldust á háu verði en sá næst dýrasti fór á 55 þúsund pund og sá þriðji dýrasti á 45 þúsund pund.

Sum sauðfjárbúanna, sem eru fyrst og fremst í ræktun kynbótagripa og ekki með aðaláherslu á kjötframleiðslu, seldu þarna marga lambhrúta og þennan dag seldu nokkur þeirra fyrir vel á annan tug milljóna króna. Skýringin á þessum gríðarlega háu upphæðum felst í því hvernig sauðfjárrækt er stunduð víða í Stóra-Bretlandi. Sum bú eru í afurðaframleiðslu en önnur fyrst og fremst í framleiðslu kynbótagripa og þau bú, sem kaupa þessa dýru lambhrúta, eru fyrst og fremst að kaupa afurða kynbótagripi sem notaðir verða til þess að framleiða næstu kynslóðar kynbótagripa sem fara svo í almenna sölu og notkun. Þó þessir gripir fari etv. ekki á jafn háa upphæð og hér að framan greinir þá er algengt verð 10–15 falt sláturverð lamba og þar með fæst hið háa kaupverð lambhrúts endurgreitt með afkomendum hans. Þessir ofurdýru lambhrútar eru reyndar einnig notaðir í sæðissölu og eru stráin frá þeim seld háu verði.

Eftir þessa afar fróðlegu heimsókn var haldið til Edinborgar þar sem íslenski ungbændahópurinn setti mark sitt á götumynd borgarinnar fram á kvöld er haldið var á hótel í Glasgow.

Einstakur bændamarkaður

Annar dagur ferðarinnar hófst með heimsókn á markað með landbúnaðarvörur við Edinborg. Það er löng hefð fyrir bændamörkuðum í Skotlandi, en þessi markaður í Edinborg er sá eini í landinu sem er haldinn vikulega og söluaðilarnir eru oftast 30–40 hverju sinni. Flestir aðrir markaði eru haldnir á tveggja vikna fresti og sumir einungis mánaðarlega. Rekstrarform þessara skosku markaða er nokkuð mismunandi, en flestir eru reknir í samvinnu bændanna sem að mörkuðunum koma.

Edinborgarmarkaðurinn miðar við að þeir sem selja vörurnar komi úr næsta nágrenni markaðarins enda lögð áhersla á að vörum á þessa markaði sé ekki ekið um langan veg að sölustað. Meginregla fyrir þátttöku á þessum mörkuðum í Skotlandi er að söluaðilarnir séu sjálfir frumframleiðendur eða vinni vörur sínar úr hráefni sem kemur úr nánasta umhverfi og þá mega söluaðilar á markaðinum ekki selja vörur í umboði fyrir aðra.

Af mörgum áhugaverðum sölubásum á markaðinum vöktu tveir þeirra sérstaka athygli greinarhöfundar. Annar þeirra var með sölu á villibráð og hinn með sölu á ostum úr sauðamjólk.

Fasanasala

Einn sölubásinn var með villibráð í sölu og seldi bæði kanínu- og fuglakjöt. Allt kjöt sem var þarna til sölu var tilkomið með nokkuð óvenjulegum hætti en um var að ræða kjöt af veiddum dýrum sem veiðimenn höfðu notað sem greiðslu fyrir afnot af landi bænda. Veiðimennirnir fengu með öðrum orðum að veiða fugla og kanínur á landi bændanna gegnt því að afhenta bændunum hluta af feng sínum sem svo fer til vinnslu og pökkunar og síðar sölu á bændamörkuðum.

Með margar gerðir af ostum

Sauðfjárbúið Errington var með margar mismunandi gerðir af ostum en á búinu eru um 450 ær á hverjum tima. Ærnar eru af hinu þekkta afurðakyni Lacaune og eru þær mjólkaðar tvisvar á dag. Mjaltabúnaðurinn er frá



Bændamarkaðurinn í Edinborg er afar vinsæll meðal heimamanna enda fást þar allar helstu matvörur sem framleiddar eru í Skotlandi.

sænska fyrirtækinu DeLaval og er hægt að mjólka 28 ær samtímis í mjaltabásnum. Öll mjólkin frá ánum fer í ostagerð á búinu en búið kaupir einnig mjólk frá kúabúi í nágrenninu til þess að bjóða upp á fjölbreyttara úrval af ostum.

Frá þessum skemmtilega markaði var svo haldið í hinn heimsfræga og glæsilega Stirling kastala sem er einn af sögufrægustu stöðum Skotlands.

Formaður skoskra kúabænda

Fyrsta bændaheimsókn ferðarinnar var til félagsbús sem kúabóndinn James Ranking var í forsvari fyrir. Að búinu stendur James ásamt bróður sínum og fjölskyldum þeirra en búið, sem heitir Badenheath, er einungis spölkorn frá stórborginni Glasgow. James er jafnframt formaður félags skoskra kúabænda og situr fyrir þeirra hönd í skosku bændasamtökunum, en stjórn skosku bændasamtakanna skipa allir formenn búgreinafélaga landsins.

Þeir bræður eru með 130 kýr af Airshire kyni sem mjólka um 7 þúsund lítra á ári og eru þær mjólkaðar í hefðbundnum mjaltabás þar sem einn mjaltamaður mjólkar kýrnar í bás sem tekur 24 kýr. Búið er svo með rétt rúmlega 100 hektara sem eingöngu eru nýttir til grasframleiðslu og þá bæði til beitar og sláttar.

Kindurnar hreinsa eftir kýrnar

Líkt og á mörgum skoskum kúabúum byggir mjólkurframleiðslan fyrst og fremst á beit og gróffóðurgjöf og fá kýrnar t.d. ekki kjarnfóður. Beitartíminn er frá byrjun apríl og fram í lok október og á þessu tímabili fá kýrnar ekkert fóður annað en



Hver lambhrútur var boðinn upp fyrir sig og auk ótal bjóðenda voru einnig margir áhorfendur á pöllunum að fylgjast með þessum einstöku kynbótagripum.



Á sauðfjárbúinu Errington fer öll mjólk til ostagerðar og reyna bændurnir að selja megnið af framleiðslu sinni á bændamörkuðum.



Á bændamarkaðinum var m.a. boðið upp á fasana sem veiðimenn hafa skilað sem greiðslu til bænda fyrir veiðar á landi bændanna.

beitina. Til þess að nýta beitina sem best er búið einnig með 50 kindur sem hafa í raun það hlutverk að vera „ruddasláttuvélar“ þ.e. þær eru settar á spildurnar á eftir kúnum og sjá þá um að hreinsa beitarstykkin upp eftir kýrnar enda ærnar síður kresnar á beitina en kýrnar.

Vel rekið bú

Aðspurður um framleiðslukostnað og rekstur búsins sagði James að búið stæði sig vel og að núllpunktur búsins væru 27 pens eða rétt rúmlega 37 krónur á hvert kíló mjólkur. Væri afurðastöðvaverðið hærra en þetta væri búið rekið með hagnaði eftir að tekið hefur verið tillit til alls rekstrarkostnaðar, launa og afskrifta. Í fyrra og framan af þessu ári hafi hins vegar búið ekki fengið þessa upphæð og var því rekið með tapi. Nú sé þó afurðastöðvaverðið hærra og skilar það því hagnaði en vegna óvissu um framtíðina vildu þeir bræður tryggja sig betur gegn verðsveiflum. Þeir ákváðu því að skipta um afurðastöð og munu frá áramótum byrja að leggja inn hjá einkarekinni afurðastöð sem er með 100 innleggjendur og 100 milljónir lítra innvigtun á ári. Þessi stöð er að sögn James afar vel rekin og geti lofað hærra afurðastöðvaverði en samvinnufélagið First milk sem þeir leggja inn hjá í dag.

Í eigin sæðissölu!

Notkun þarfanauta er ekki algeng nú til dags og notar stór hluti kúabænda orðið sæðingar á bæði kýr og kvígur en á þessu búi sér þarfanaut um verkið. Naut þetta var keypt að búinu frá Englandi fyrir 9 árum og er það enn í notkun enda hefur það gefið af sér góða gripi. Nautið, sem er undan einni afurðamestu kú Stóra-Bretlands, hefur mikið gildi fyrir búið og Airshire kúakynið og vegna kynbótagildis þess kemur öðru hverju verktaki á búið og tekur sæði úr nautinu sem þeir bræður selja svo innan Stóra-Bretlands. Að bændur láti taka sæði heima á búum sínum og koma í sölu er afar framandi fyrir okkur hér á Íslandi en að sögn James er þetta víst nokkuð útbreidd aðferð í Stóra-Bretlandi.

Eftir þessa afar fróðlegu heimsókn var svo haldið til Glasgow enda hafði víst tekið sig upp sterk innkaupaþörf hjá sumum í hópnum og lauk þar með öðrum degi þessarar Skotlandsferðar Samtaka ungra bænda.

Í næsta Bændablaði verður fjallað um lokadag ferðarinnar en þá var farið í heimsókn til kúabónda sem var valinn „Ungur bóndi Skotlands 2016“ auk þess sem bæði var farið í heimsókn á holdakúabú og sauðfjárbú.

Snorri Sigurðsson

RML Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins

Skeiðgenið – vissa eða spá?

Pétur Halldórsson
Hrossaræktarsvið RML
petur@rml.is



Þekkingarfyrirtækið Matís býður upp á arfgerðargreiningu hrossa m.t.t. skeiðgensins, þ.e. hvort hestur ber arfgerðina AA, CA eða CC, í DMRT3 erfðavísinum. Staðfest er af rannsóknum að traust tengsl eru milli mismunandi arfgerða og ganghæfileika íslenskra hrossa. Þannig hafa aðeins AA-hross raunverulega getu til að skeiða auk þess sem svo virðist sem AA-hrossum sé tölt eðlislægara en öðrum.

Hross sem sýnd eru í kynbótadómi sem klárhross (sýnd skeiðlaus) eru blanda af AA-, CA- og CC-hrossum, meirihlutinn þó CA-hross. CA-arfgerð hefur jákvæð áhrif á grunngangtegundirnar fet, brokk og stökk; gefur meira svif og taktöryggi á brokki og stökki samanborið við AA-hross.

Tíðni CC-hrossa er afar lítil og minnkandi í íslenska hrossastofninum, enda sýnir það sig að hestum með þessa arfgerð virðist ekki eðlislægt að tölta, þ.e. eru oft gangtregir og þar af leiðandi seinunnari og síður verðandi söluvara en AA og CA-hross.

Umtalsvert öryggi

Með umtalsverðu öryggi má gera ráð fyrir því að hross sem hlýtur einkunnina 7,0 eða hærra fyrir skeið í kynbótadómi sé AA hross, arfhreint skeiðgenshross. Erfiðara er að fást við spádóma um hross sem dæmd eru án skeiðs eða atlögu að skeiðeinkunn; einkunnin 5-6,5 fyrir eiginleikann. Er það val eigenda og knapa að stilla hestinum upp sem klárhesti þó hann búi e.t.v. yfir skeiðgetu að einhverju marki?

WorldFengur, upprunaættbók íslenska hestsins, birtir sérstök og lýsandi tákn fyrir staðfesta skeiðgensarfgerð (arfgerðargreining hefur farið fram) eða áætlaðar líkur á skeiðgensarfgerð. Líkurnar miðast þá við kynbótadóma á hrossinu sjálfu og skyldum hrossum eða fyrirliggjandi greiningar foreldra og skyldra hrossa. Staðfestar greiningar eru með dökkbláum bakgrunni en ef aðeins er um líkur/spá að ræða er bak-grunnurinn ljós. Eins er í mörgum tilfellum ekki unnt að spá fyrir um arfgerðina, þá birtist einfaldlega spurningarmerki (?). Af fyrirliggjandi gögnum má ráða að spádómur WorldFengs um skeiðgensarfgerð er réttur í u.þ.b. níu af tíu tilfellum.

Arfgerðargreining er sterkasta úrræðið

Dagljóst er að vissan, arfgerðargreining hests með tilliti til skeiðgens, er sterkasta úrræðið, en henni fylgir umtals-verður kostnaður. Enn fremur er skýrt að mest er að vinna með greiningum á hrossum sem sýnd eru skeiðlaus. Athyglin og orkan ætti hvað helst að beinast að stóðhestum og ræktunarhryssum.

Staðfest vissa um skeiðgensarfgerð stóðhests gefur áhugasömum ræktendum og hryssueigendum miklar viðbótar-upplýsingar um hvers er að vænta með tiltekinni pörun. Arfgerðargreining stóðhests er m.ö.o. aukin og bætt þjónusta við þann hóp sem mögulega hyggst nota hestinn – eða hefur þegar gert það. Möguleikarnir og tíðni arfgerða við mismunandi pörun er eftirfarandi:

- AA + AA-foreldrar: Öll afkvæmi AA.
- AA + CA-foreldrar: 50% líkur á AA-afkvæmi / 50% líkur á CA-afkvæmi.
- CA + CA-foreldrar: 25% líkur á AA-afkvæmi / 50% líkur á CA-afkvæmi / 25% líkur á CC-afkv.
- CA + CC-foreldrar: 50% líkur á CA-afkvæmi / 50% líkur á CC-afkvæmi.
- CC + CC-foreldrar: Öll afkvæmi CC.

Matís hefur annast hefðbundnar arfgerðargreiningar, til staðfestingar á ætterni hrossa, allt frá árinu 2006. Nú býður Matís einnig greiningu á skeiðgensarfgerð í samstarfi við rétthafa arfgerðarprófsins, fyrirtækið Capilet genetics í Svíþjóð.

Verð fyrir skeiðgensgreiningu er mjög háð fjölda sýna sem prófuð eru í einu en á núverandi gengi má reikna með kostnaði sem nemur liðlega 40.000,- kr per sýni fyrir greiningu á 2-20 sýnum. Ef aðeins er um að ræða eitt stakt sýni er kostnaður umtalsvert hærri. Matís veitir nánari upp-lýsingar um verð fyrir þjónustuna.

Starfsmenn RML eru boðnir og búnir í sýnatökur til skeiðgens-greininga auk hefðbundinna ætternis-arfgerðargreininga hrossa. Nánar um skeiðgen og DNA-sýnatökur m.a. hér:

- *http://onlinelibrary.wiley.com/doi/10.1111/jbg.12112/epdf*
- *http://www.capiletgenetics.com/en/*
- *https://www.rml.is/is/radgjof/hrossaraekt/dna-synatokur*

Geitfjárræktarfélag Íslands

„GOAT HEALTH AND DISEASES“

Fyrirlestur í Landbúnaðarháskóla Íslands, Hvanneyri

Kalle Hammarberg er sænskur dýralæknir sem hefur sérhæft sig í heilsufari geita og er vel þekktur í Svíþjóð fyrir starf sitt. Hann hefur gefið út rit um sjúkdóma og heilsufar geita sem og sauðfjár, ætlað til kennslu í dýralækningum. Af því riti hefur verið gefin út sérútgáfa ætluð geitabændum. Einnig hefur hann verið meðhöfundur annarra bóka um geitur og sauðfé.

Kalle mun halda fyrirlestur sem hann kallar **„Goat Health and Diseases“** og verður fyrirlesturinn á ensku. Fyrirlestrinum beinir hann sérstaklega til dýralækna og geitabænda og eru menn í þessum stéttum hvattir til að mæta enda er þetta einstakur við-burður á Íslandi.

Kalle Hammarberg vill gjarnan vita áður en hann kemur hvaða sjúkdómar og sníkjudýr angra helst geitur á Íslandi. Ef menn vilja senda fyrirspurnir til Kalle fyrir 3. nóvember er velkomið að senda þær á netfangið: **kalle.hammarberg@tele2.se** og hann mun svara þeim á fyrirlestrinum.

Fyrirlesturinn verður haldinn í kennslustofunni Borg í Land-búnaðarháskólanum á Hvanneyri föstudaginn 3. nóvember kl. 13–17 og er öllum opinn.

Þátttökugjald er 2000 kr. fyrir félagsmenn GFFÍ en 4000 kr. fyrir utanfélagsmenn og greiðist á staðnum með peningum. Einnig er hægt að leggja inn á reikning félagsins fyrir fundinn: Kt. 4503121850, Rknr. 0305-26-005566.

Kaffiveitingar innifaldar.

Á staðnum verður til sölu rit Kalle Hammarbergs ætlað bænd-um, ***Getter, hälsovård och sjukdomar***, á 3500 kr. Ritið fyrir dýralækna verður einnig til sölu á 4000 kr.

Vinsamlega tilkynnið þátttöku á netfangið **geit@geit.is** eða í síma formannsins Sifjar Matthíasdóttur **898 1124** fyrir 1. nóvember.

Geitfjárræktarfélag Íslands



Hópur bygginga- og bútækniráðunauta af öllum Norðurlöndunum í vettvangsferð á Nordisk Byggträff ráðstefnunni í Finnlandi.

Ráðstefnan Nordisk Byggträff var að þessu sinni haldin í Finnlandi:

Bygginga- og bútækniráðunautar af öllum Norðurlöndunum báru saman bækur sínar



Sigtryggur Veigar Herbertsson
ráðunautur í bútækni og aðbúnaði
sigtryggur@rml.is

Nordisk Byggträff nefnist ráðstefna þar sem hlutlausir bygginga- og bútækniráðunautar af öllum Norðurlöndunum (aðallega frá fyrirtækjum í eigu bænda) koma árlega saman til skrafs og ráðagerða, bera saman bækur sínar og efla samskipti sín á milli. Þau lönd sem eiga aðild að þessum félagsskap eru Ísland, Danmörk, Svíþjóð, Noregur, Færeyjar og Finnland. Fyrir ári var ráðstefnan haldin á Íslandi og nú var röðin komin að Finnlandi að taka við stafnum af okkur.

Ráðstefnan fór fram dagana 6.–8. september á vesturströnd Finnlands, nánar tiltekið í sveitunum í kringum Vaasa.

Dagskrá miðvikudagsins hófst á kynningu frá hverju landi. Þróunin virðist vera svipuð á Norðurlöndunum, búum fer fækkandi en þau stækka og sjálfvirkni við gjafir og mjaltir eykst. Því næst heimsóttum við Börje Ivars AB sem er tómataframleiðandi með 42.000 m2 undir gleri. Á því búi og öðrum þar í grenndinni eru um 60% af tómataframleiðslu Finna. Nýlega hafði verið fjárfest í spæni- og móbrennara sem leysti af hólmi svartolíubrennara til að halda húsunum heitum og var bóndinn stoltur af hversu umhverfisvæn upphitunin væri.

Ungir bændur í nautaeldi

Næst stoppuðum við hjá Eurobull, sem er bú þar sem tveir ungir bændur stunda saman nautaeldi. Báðir keyra þeir nokkra km að búinu, hvor úr sinni áttinni, þannig að sjálfvirkni við gjafir var komið upp.

Gefið er heilfóður úr mismunandi gróffóðri, kartöflum og kjarnfóðri og til þess notaður tveggja snigla blandari og gjafabönd frá Pellon. Þessir bændur kaupa alla sína kálfa, en alls voru um 800 naut í húsinu, þau yngstu 5 mánaða en þau elstu komin í sláturstærð, 17-19 mánaða.

Steinbitar eru í öllum gólfum, en 2/3 hlutar þeirra gúmmíklæddir. Þetta er aðeins fyrri hluti byggingarinnar því reisa á aðra, sem verður spegilmynd þessarar, hinum megin við fóðurrýmið. Þessi framkvæmd kostaði um 200-250 milljónir og þar af kostaði fóðurstöðin 25 milljónir (ísl. kr.).

Eftir þessa heimsókn skoðuðum við fjós með 2 mjaltaþjónum, hvorum sínu megin við fóðurgang sem gefið var í með Lely Vector. Fóðurgeymslan þar sem krabbinn velur fóðrið er létt bygging í talsverðri fjarlægð þar sem fóðrinu var komið fyrir í stæðum. Aftan við báða mjaltaþjónana var velferðarsvæðið. Borið var undir kýrnar með sjálfkeyrandi vagni á braut í loftinu og var mór notaður undir þær.

Í veislu í Koskenkorva

Að lokum var endað í smáþorpinu Koskenkorva þar sem borinn var fram dýrindismatur, mismikið marineraður í vodka. Fengum við kynningu á starfseminni og sögu vodka í Finnlandi, ásamt leiðsögn um hin heimsþekktu gufuböð í þorpinu.

Á fimmtudeginum voru fróðlegir fyrirlestrar, meðal annars um sand í básum, byggingar fyrir gripi sem liggja við opið og einnig var töluvert rætt um nauðsyn hlutlausrar ráðgjafar. Systursamtök RML í Noregi, NLR halda mjög vel utan um bóndann frá hugmynd að fjósi og voru nefnd dæmi um sparnað upp á tugi milljóna (ísl. kr.) við framkvæmdir með útboðum og vönduðum vinnubrögðum í allri skipulagningu.

Skoðuðu fjós með 600 mjólkandi kúm

Þennan dag voru skoðuð tvö fjós, í því fyrra voru fjórir mjaltaþjónar, velferðardeildir og burðarsvæði. Kanalkerfi var undir fjósinu með rafmagnsdælu sem dælir nokkrum sinnum á dag, bændurnir voru mjög ánægðir með það og settu það einnig í gamalt fjós sem hýsir gripi í uppeldi. Þar var gefið heilfóður og kom verktaki á hverjum degi og gaf með dráttarvélarknúnum heilfóðurblandara. Bóndinn sem rak búið þar sem hitt fjósið var, hafði áður verið verktaki við gjafir. Hann hafði langað að fara út í kúabúskap og útvegað sér landskika og byggt sér fjós. Niðurstaðan varð fjós fyrir 600 mjólkandi kýr sem mjólkaðar eru með hringekjumjaltaþjóni, meðalnyt er um 11.000 lítrar og er mjólkað á vöktum, alls 19 tíma á dag.

Sjö starfsmenn eru á búinu og vildi bóndinn meina að hann þyrfti að hafa tvöfalt fleiri starfsmenn ef ekki væri fyrir hringekjumjaltaþjóninn. Þær kýr sem gengu illa í hringekjuna höfðu sinn eigin mjaltaþjón í 60 kúa rými í byggingunni. Annars var kúnum skipt í fimm hópa þar sem þrír hópanna eru mjólkaðir þrisvar á dag.

Fjöldi mjalta var í kringum 1400-1500. Sérstakt útivistarsvæði var fyrir kýrnar sem var drenað og fullt af grófum spæni, bóndinn var mjög ánægður með það fyrirkomulag og sagðist ekki vilja missa þessa aðstöðu þrátt fyrir að það kostaði nokkuð að halda svæðinu við.

Nýbornar kýr og kýr í nyt hafðar með kálfunum

Annað sem vakti áhuga var að kálfarnir höfðu enga fóstru, nýbornar kýr og/eða kýr í hárri nyt voru hafðar hjá kálfunum og getur hver kýr annað þrem kálfum. Kýrnar voru 2-4 daga í kálfastíunni og þá var skipt um og aðrar teknar úr hjörðinni. Þetta taldi bóndinn lykil að því að kálfarnir yxu vel frá fyrsta degi. Til gróffóðuröflunar voru 400 hektarar, slegnir þrisvar. Enduðum við svo góðan dag í whiskey- og ginsmökkun.

Verksmiðja sem framleiðir gjafabúnað og innréttingar

Á föstudeginum var farið í heimsókn í Pellon-verksmiðjurnar sem selja gjafabúnað, innréttingar og loftræstibúnað í Finnlandi, Svíþjóð, Danmörku, Þýskalandi og einnig í Austur-Evrópu. Í verksmiðjunum var til sýnis SAC-mjaltaþjónn en Pellon og SAC starfa saman í Finnlandi.

Sköpuðust nokkrar umræður um framtíð Byggträff en síðan var Byggträff-stafurinn afhentur sænsku fulltrúunum sem munu taka á móti öðrum norrænum bútækniráðunautum haustið 2019.

Svona ráðstefnur eru nauðsynlegar til þess að viðhalda þekkingu innanlands og eins til að styrkja samvinnu á milli ráðgjafarfyrirtækja í eigu bænda á Norðurlöndunum.



MAST Matvælastofnun ...frá heilbrigði til hollustu

Haustskýrsluskil árið 2017



Matvælastofnun vekur athygli á að opnað hefur fyrir skráningar haustskýrslna í Bústofni (www.bustofn.is). Í samræmi við lög um búfjárhald nr. 38/2016, skulu umráðamenn búfjár skila inn haustskýrslu fyrir 20. nóvember ár hvert.

Líkt og áður birtast upplýsingar úr hjarðbókum búfjáreigenda. Unnið er að því að tengja saman upplýsingar í WorldFeng og Bústofn svo hægt verði að klára haustskýrsluskil í WorldFeng. Mun sú nýbreytni verða auglýst þegar opnað verður fyrr þennan möguleika.

Í tengslum við framkvæmd nýrra búvörulaga sem tóku gildi sl. áramót er vakin sérstök athygli á að fullnægjandi haustskýrsluskil er nú eitt af skilyrðum greiðslna í sauðfjárrækt, geitfjárrækt, nautgriparækt og svínarækt. Allir búfjáreigendur geta með auðveldum hætti gengið frá haustskýrslu í Bústofni. Aðgangur að Bústofni fæst með rafrænum skilríkjum eða kennitölu og Íslykli. Þeir sem ekki hafa tök á því að skila sjálfir í Bústofn stendur til boða þjónusta Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins, fyrir þá þjónustu er innheimt samkvæmt gjaldskrá RML.

Norska leiðin og samstarf milli RML og AVH



Sigtryggur Veigar Herbertsson
ráðunautur í bútækni og aðbúnaði
sigtryggur@rml.is

Undanfarin misseri hafa verið miklar framkvæmdir hjá bændum sem miða að því að auka dýravelferð. Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins hefur komið að því að ráðgefa og aðstoða bændur í nýbyggingum og breytingum á mismikinn hátt frá stofnun fyrirtækisins árið 2013.

Sú ráðgjöf hefur falist í rekstrarráðgjöf, kostnaðar-útreikningum, innra skipulagi húsnæðis og möguleikum varðandi breytingar á gömlum húsum. Frá því að RML var stofnað 2013 hefur bútækniráðgjöf til bænda verið takmörkunum háð varðandi skil á teikningum til yfirvalda.




Runólfur Sigursveinsson og Anton Örn Brynjarsson handsala samstarfssamning AVH og RML.

Samstarf við arkitekta- og verkfræðistofuna AVH ehf

RML hefur verið að leita að heppilegum samstarfsaðila varðandi það að koma ráðgjöfinni í þann farveg að hægt sé að bjóða bændum þjónustu frá hugmynd að fullbyggðu gripahúsi. RML hefur hingað til vantað samstarf við teiknistofu með skrifstofur nálægt viðskiptavinum sunnan og norðan heiða.

Náðst hafa samningar við AVH sem er fyrirtæki sem getur skilað öllum tilskildum teikningum til yfirvalda. Ætlunin er að teikningarnar verði unnar í grunninn af RML en kláraðar af AVH í fullu samráði við bútækniráðgjafa RML, varðandi aðbúnað og vinnuumhverfi, sem ætti að minnka hönnunarkostnað.



Mynd 1 Skema fyrir hugmynd að útihúsi.

AVH ehf er alhliða teiknistofa sem sér um arkitekta-, burðarþols- og lagnateikningar og hönnun fyrir allar stærðir af mannvirkjum. AVH ehf. hefur sérhæft og reynslumikið starfsfólk með áratuga langa reynslu í öllu sem við kemur mannvirkjagerð. AVH ehf. hefur hannað fjölmargar byggingar síðastliðin 40 ár. Fyrirtækið var formlega stofnað árið 1974 og hét þá Teiknistofa Hauks Haraldssonar sf., en var breytt í AVH arkitektúr – verkfræði – hönnun árið 2003. Hverjum bónda verður að sjálfsögðu áfram frjálst að velja aðrar leiðir varðandi fullvinnslu sinna teikninga kjósi hann svo.

Norska leiðin

Einnig hefur náðst samkomulag við Norsk Landbruksrådgivning (NLR sem er í eigu norskra bænda, á svipaðan hátt og RML er í eigu íslenskra bænda) um að þeir komi að mótun og aðstoði RML við að útfæra ráðgjöf til bænda í byggingarhugleiðingum að norskri fyrirmynd.

Hjá NLR er mikið lagt upp úr því að grunnvinnan sé góð áður en farið er í framkvæmdir, og með útboðum og hlutlausri ráðgjöf nái sölumennskan (söluráðgjöf) ekki völdum í ákvarðanatöku og vali á byggingarhlutum og búnaði.

Í dag, með samvinnu við AVH, erum við hjá RML með flesta þá þætti sem þurfa að vera til staðar til að hægt sé að fylgja verkefnum alla leið og með því að nýta okkur reynslu Norðmanna getur RML fylgt bónda betur í gegnum ferlið frá hugmynd að gripahúsi og í leiðinni stuðlað að öflugri samkeppni á markaðnum.

NLR mun senda sérfræðing í húsnæði fyrir nautauppeldi og holdakýr til Íslands í lok nóvember eða byrjun og er ætlunin að ferðast með hann um landið eins og áhugi er til.

Samvinna RML og Norsk Landbruksrådgivning

NLR mun senda sérfræðing í húsnæði fyrir nautauppeldi og holdakýr til Íslands 27.–30. nóvember og er ætlunin að ferðast með hann um landið eins og áhugi er til. Eru áhugasamir sem vilja koma á fræðslufund með honum vinsamlegast beðnir um að senda tölvupóst á sigtryggur@rml.is, engin binding felst í því að hafa samband.

MIMM
Mjólk í mörgum myndum

Áttu hugmynd þar sem mjólk kemur við sögu?

Hér er tækifæri til að fá stuðning.

Auðhumla og Matís ætla að vinna saman að því að styðja og styrkja frumkvöðla til að þróa og koma nýjum hugmyndum byggðum á mjólk á framfæri.
Opið er fyrir allskonar hugmyndir og eina skilyrðið er að mjólkin gegni lykilhlutverki.
Kostur er ef hugmyndin stuðlar að jákvæðum umhverfisáhrifum og aukinni sjálfbærni.

Styrkir eru að hámarki 3 milljónir. Stuðningurinn felst í sérfræðiráðgjöf t.d. við að koma vöru á markað, aðstoð við uppsetningu vinnsluferla, vöruþróun, umbúðahönnun, matvælaöryggi og mælingar (t.d. geymsluþols-, næringargildis-, efnamælingar- og/eða lífvirknimælingar).
Einnig kemur til greina að standa fyrir námskeiðum fyrir smáframleiðendur mjólkurafurða eða afla nýrrar þekkingar á annan hátt.

Það verður ekki greitt fyrir eigin vinnu umsækjanda, hráefni eða tækjakaup.
Gert er ráð fyrir að verkefnin hefjist í mars 2018 og séu til eins árs.

Umsóknafrestur er til 15. Janúar 2018.

Frekari upplýsingar á *www.mimm.is* og
www.facebook.com/mjolk.i.morgum.myndum

AUÐHUMLA matís

Styrkir til rannsókna- og þróunarverkefna 2018 (A-flokkur)

Framleiðnisjóður landbúnaðarins er leiðandi stuðningsaðili við þróunar- og nýsköpunarstarf landbúnaðarins og kallar eftir umsóknum um styrki til verkefna á sviði hagnýtra rannsókna, þróunar og þekkingarsköpunar.

Forgangs njóta þau verkefni sem fela í sér verulega nýbreytni og sem líkleg eru til að leiða af sér þekkingu, tækni eða aðrar afurðir sem hægt er að hagnýta í náinni framtíð í íslenskum landbúnaði.

Styrkir til atvinnuuppbyggingar á lögbýlum á vegum einstakra bænda (B-flokkur) sem og námsstyrkir verða auglýstir síðar í haust.

Umsóknum skal skilað á sérstöku umsóknareyðublaði sem er að finna á heimasíðu sjóðsins, ***www.fl.is.*** Umsóknareyðublöð sjóðsins hafa nýlega verið uppfærð og ekki verður tekið við umsóknum á eldri eyðublöðum. **Mikilvægt er að vanda til gerðar umsókna og gera grein fyrir öllum efnisatriðum sem farið er fram á í umsóknarforminu.**

Umsóknarfrestur er til 17. nóvember (póststimpill gildir).

Umsóknum skal skilað til Framleiðnisjóðs landbúnaðarins, Hvanneyrargötu 3, 311 Borgarnes.

Nánari upplýsingar eru veittar á skrifstofu *Framleiðnisjóðs landbúnaðarins*, Hvanneyri. **Sími 430-4300 / netfang fl@fl.is.**

Styrkir þessir eru auglýstir með fyrirvara um fjárheimildir Alþingis til sjóðsins fyrir árið 2018.

Framleiðnisjóður landbúnaðarins
Hvanneyri – 311 Borgarnes
Sími 430-4300

VÉLABÁSINN

Suzuki Swift 4X4, ódýr smábíll

Hjörtur L. Jónsson
liklegur@internet.is



Margir kjósa að hafa bílinn fjórhjóladrifinn, en vilja ekki endilega stóra jeppa eða jepplinga. Ekki er úrvalið mikið af fjórhjóladrifnum litlum bílum sem eru sparneytnir á eldsneyti.

Suzuki hefur verið með litla og sparneytna fjórhjóladrifna bíla um nokkurt skeið. Nýlega kom á markaðinn með nýju og breyttu útliti Suzuki Swift sem er með 90 hestafla sparneytna vél og ók ég honum tæpa 100 km fyrir skemmstu.

Þægilegur í akstri, en mætti vera með kraftmeiri vél

Að keyra bílinn er þægilegt, fótapláss gott, sæti þægileg og stjórntæki öll staðsett þannig að ekki þarf að hreyfa hendur mikið til að nálgast þau.

Uppgefin meðaleyðsla er 4,9 lítrar á hundraðið í blönduðum akstri og mér til furðu þá var mín eyðsla í lok prufuakstursins ekki nema 5,2 lítrar á hundraðið samkvæmt upplýsingum frá aksturstölvunni. Eitthvað sem ég átti ekki von á þar sem ég var ekkert að reyna að spara eldsneyti.

Hin 90 hestafla vél virðist henta bílnum vel, en fyrir vindasamt land með mörgum brekkum mætti vélin vera aðeins kraftmeiri samanber Suzuki SX4 bílinn sem ég prófaði í nóvember 2011. Sá bíll var með yfir 110 hestafla vél og eftirminnilega skemmtilegur í akstri.

Miðað við að hafa prófað Suzuki Swift með þessari 90 hestafla vél, myndi ég velja Swift sem er með næstu vél fyrir ofan sem er 112 hestöfl. Svo er það Swift Sport bíllinn sem er með 136 hestöfl sem er örugglega enn skemmtilegri – en mér er annt um ökuskírteinið mitt.

Stöðugur á malarvegi og lítið steinahljóð upp undir bíl

Á meðan prufuakstrinum stóð var sólin lágt á lofti og var aðeins að trufla útsýni úr bílnum, dæmigert „sólskyggnaveður“, en eini galli bílsins í þessum prufuakstri fannst mér vera að sólskyggnin eru of lítil og hefði ég viljað hafa haft derhúfu til að hjálpa við aksturinn. Tel reyndar gott ráð fyrir eigendur svona bíla að hafa alltaf derhúfu í bílnum til taks ef þeir lenda í svona akstursaðstæðum.

Að keyra svona lítinn bíl í innanbæjarakstri er afar þægilegt, bíllinn lipur og þægilegur við þröngar aðstæður. Á malarvegi naut fjórhjóladrifið sín vel og er bíllinn hreint eins og límdur við veginn, lítið malarvegahljóð upp undir bílinn og fjöðrunin góð.

Gott verð fyrir duglegan bíl

Þegar komið er inn í sýningarsalinn hjá Suzuki Bílar í Skeifunni eru flestir bílar í sýningarsalnum sýndir án varadekks, en það er vinnuregla hjá Suzuki að allir seldir bílar fara frá þeim með varadekki.

Góðir punktar:

Speglar góðir, sæti, fótapláss, farangursrými og fl., en aðeins get ég sett út á tvennt. Það þarf alltaf að kveikja ljósin til að fá afturljósin á bílinn svo að maður sé löglegur í akstri og að loknum akstri þarf að muna að slökkva. Sólskyggni full lítil.

Gott verð:

Suzuki Swift er fáanlegur með þrem bensínvélum (90, 112 og 136 hestafla) og verðið er frá 2.080.000 og upp í 2.880.000, en bíllinn sem prófaður var kostar 2.550.000.



Suzuki Swift. 4X4. Myndir / HLJ



Þrátt fyrir að bíllinn sé lítill er farangursrýmið glettilega stórt.



Finnst alltaf broslegt þegar smábílar eru með bakkmyndavélar, en kemur sér vel fyrir flesta.



Ókostur að þurfa alltaf að muna að kveikja og slökkva ljósin.



Sólskyggnin full lítil.



Uppgefin eyðsla er 4,9, er ánægður að hafa náð 5,2 í blönduðum akstri og aldrei keyrt bílinn áður.

Helstu mál og upplýsingar

Þyngd	960 kg
Hæð	1.520 mm
Breidd	1.735 mm
Lengd	3.840 mm

ÖRYGGI – HEILSA – UMHVERFI

„Er það satt sem þeir segja um landann?“ – Ótrúlegt, en er þetta satt?


Hjörtur L. Jónsson
liklegur@internet.is



Við Íslendingar getum verið stoltir af okkar íþróttamönnum sem eru þjóðinni til sóma og fyrirmyndar í ótrúlega mörgum greinum íþrótta og alltaf skríða bæði fótboltalandsliðin ofar og ofar á lista bestu þjóða í knattspyrnu. Keppnisfólk stefnir almennt hátt að markmiðum sínum og leggur mikið á sig til að ná árangri.

Jú, við erum þannig samhent þjóð að við berjumst grimmilega til að ná því að vera best í nánast öllu sem við tökum okkur fyrir hendur.

Fyrir nokkru heyrði ég í einhverjum fjölmiðlinum að Íslendingar væru orðnir feitastir og þyngstir allra Evrópuþjóða. Ekki alveg það sem fólk vill státa mikið af ef þetta er satt. Hef ekki séð „fitulistann“ enda væntanlega ekki sá vinsældalisti sem þjóð vill trjóna á toppnum.



Kemur ekki á óvart

Þegar farið er út að versla eru óhollu vörurnar mest áberandi fyrir augum okkar, sama hvort það er í sjoppu, bensínstöð eða stórmarkaði. Fyrir vikið detta óþægilega oft nammipakkar og gos í innkaupakörfuna í stórmarkaðnum, gos og súkkulaði þegar borgað er á bensínstöðinni og fl.

Oft þegar vel er gert og verðlaunað er fyrir er boðið upp á sætindi í formi gosdrykkja og súkkulaði. Þegar svona er í boði eru þeir sem eru veikir af fíkn í sætindi í meiri hættu en aðrir þar sem auka súkkulaðibiti eða gosflaska dettur óvart upp í munn og niður í of stóran belg. Ekki ósvipað og hjá virkum alkóhólista sem fær sér alltaf tvo til fimm fordrykki þar sem veislan er lögð upp með því hugarfari að hver og einn fái sér einn lystaukandi drykk fyrir matinn.

Að laga vandann er bara spurning um vilja og keppnisskap

Endalaust má finna af greinum í fjölmiðlum um hollari lífshætti og vefsíðum sem gefa góð ráð til að léttast. Sem dæmi þá halda flestir íslenskir fjölmiðlar úti bloggi á síðum sínum sem heilsuráðgjöf og hollusta. Allt of margir eru ekkert að hugsa um hvað þeir setja ofan í sig fyrr en skaðinn er „skeður“ og erfitt er að snúa til heilsusamlegri lífsstíls nema með mikilli fyrirhöfn og sjálfsaga. Það eina sem þarf er vilji og staðfesta hvers og eins til að grenna sig og snúa til betri lífshátta.

Það eru ekki margir sem vita það að sé persóna komin visst mörg % yfir kjörþyngd fást ekki frítímatryggingar né aðrar tryggingar á viðkomandi nema borgað sé í hlutfalli við áhættu hvers og eins. Reglulega er ég að taka af mér 2–6 kg sem koma reglulega aftur í „sykursukkferðum“ í búðina, en af fenginni reynslu þá reyni ég að halda mig sem mest frá gosdrykkjum og í stað nammis er ég að kaupa þurrkaða ávexti og nota sem „viðbit og nammi“. Svo í lokin þá erum við öll sammála um að íslenska vatnið er BEST.

DEKKJASALA AKUREYRAR
Úrval hjólbarða á betra verði
Fólksbíla-, traktora-, vinnuvéla-, vagna-, jeppa,- og vörubíladekk í úrvali.
Vinnu- og dráttarvéladekk
20%
afsláttur af öllum dekkjum
Double Star vörbíladekk
Double Star Jeppadekk 35x12,5x15
Ármann sími 896 8462 og Tryggvi 896 4124
MOTUL Smurþjónusta
Hjólbarðaþjónusta - Smurþjónusta - Þrif á bílum - vönduð handverkfæri og fl.
(Jason ehf.) Njarðarnesi 1 sími 460 4350

HATTAT
Vallarbraut
Súðarvogi 6
Reykjavík
Vallarbraut kynnir nýjar dráttavélar!!
Hattat A110 perkins 102 hö
Glæsileg vél á góðu verði:
4.490.000 án vsk.
Hattat B3050 perkins 50 hö
Lipur og skemmtileg vél.
Verð: 2.980.000 án vsk.
Fleirri stærðir í boði !!!!!!!!
www.vallarbraut.is vallarbraut@vallarbraut.is s-8411200 & 8417300

KROSSGÁTA Bændablaðsins



MYND: RONNIE ROBERTSON (CC BY-SA 2.0)

	72	HÁMA	KRYDD-BLANDA	STÆKKA	Í RÖÐ	BLAÐUR		ÚTVORTIS	SÁLDRA	SKRÁ	MJAKA
	VOPN										
	GJALDA						TIF / UMFRAM				
	RÓL				TREGA / TÓN-TEGUND						
	ÍÞRÓTTA-FÉLAG / ÓFORSJÁLNI					MÖR / HRÓP					LJÓÐUR
		PRAKKARI	LEYFI / SPRIKL				ÁLAG / SAKEYRIR		EINKAR / FÚSKA			
LEIKA						DRABB / NOKKRIR					STRIT	ÓNÁÐA
STÚTUR					FJALL / ÞJÁNINGA				VIÐBÓT / TUNGUMÁL			
KLAFI			SKIKI / FÖST STÆRÐ					KROPPUR / INNIHALD				
BEIN				MERKI / GRUFLA					SKARA / SPILLA				TALA
		SEYTLAR / REISA					ODDI / LÓN			HALLANDI / KAFMÆÐI		
AF-HENDING						MJAKA					ÓLÆTI / BLEKKING	
SKRIFA						HRÆÐAST / ÁTT						TVEIR EINS
FJÚK					NAUMUR				LITA			
VARA VIÐ							KRYDD					

HÖFUNDUR BH • KROSSGATUR.GATUR.NET

Lausn á krossgátu í síðasta blaði




71	KLUNNI	MINNI	ÁVÖXTUR	TVEIR EINS	FIMUR		ERGJA	PLANTA	SPERGILL	GORT
VERKFÆRI	K	L	A	U	F	H	A	M	A	R
LÆNA	L	Æ	K	U	R	DRYKKUR / VÆGI	M	Y	S	A
SEYTLA	A	G	A	KVEÐJA / LYKT	Á	V	A	R	P	U
FISKUR / YFIRHÖFN	U	R	R	A	R	I	ÓSIGUR / BRESTA	T	A	P
	Á	NABBI	ÓGREIDD-UR / HLJÓTA	Ú	F	I	N	N	JURT / ÓÐ	G	R	A	S	RÖST
MIÐJA	N	A	F	L	I	BERJA	PASSI / HLUTA	G	Æ	T	I	HLJÓÐ-FÆRI	ÓSLÉTTUR	I
MANNVÍG	D	R	Á	P	NAUMUR / VÍSA LEIÐ	S	P	A	R	FLAUMUR / DULSTIRNI	F	L	Ó	Ð
BARÐAGI	A	T	KK NAFN / FÚS	A	L	L	A	N	DRÍFA / GORM	K	N	Ý	J	A
HÁTTUR	L	A	G	ILLÆRI / GERST	Ó	Á	R	ANSA / MJÓG	S	V	A	R	A	LÍTIÐ
	Æ	BÓK-STAFUR / ÞRÁ	J	O	Ð	GLATA	T	A	P	A	ÞRÓTTUR / SÁL	A	F	L
STEIN-TEGUND	K	V	A	R	S	ÍÐA / ANDMÆLI	A	F	Í	S	A	KOMAST / MISKUNN	N	Á
ÁTT	N	O	R	Ð	A	N	ELDSTÆÐI / TVEIR EINS	A	R	I	N	N	SAMTÖK	G
SPYR	I	N	N	I	MÆLI-EINING	E	K	R	A	HÆLA	D	Á	S	T
TRÉ	R	A	U	Ð	E	I	K	TEYMA	L	E	I	Ð	A	

HÖFUNDUR BH • KROSSGATUR.GATUR.NET

Bændablaðið
Smáauglýsingar 56-30-300

Líf og lyst

Bærinn okkar





Fljótsbakki

Þórarinn tekur við búinu af ömmu sinni, Sólveigu Þórarinsdóttur, og afa sínum, Guðmundi Jóhannssyni, 1. júní 2009.

Voru þá 18 kýr, 12 geldneyti og 70 ær. Geldneytahús var byggt 2012 fyrir 110 gripi, básum fjölgað í fjósinu og fjárhús byggð 2016 fyrir 300 ær (eru reyndar enn á byggingarstigi).

Býli: Fljótsbakki.

Staðsett í sveit: Eiðaþinghá á Fljótsdalshéraði.


Ábúendur: Þórarinn Páll Andrésson og Indíana Ósk Magnúsdóttir.

Fjölskyldustærð (og gæludýra): Þórarinn og Indíana eiga samanlagt 7 börn, Jónas Helgi 12 ára, Kristbjörn Logi 11 ára, Anna Guðlaug 8 ára, Sólveig Björg 7 ára, Sólrún Líf 5 ára, Andríana Margrét 4 ára og sá yngsti er fæddur 5. október síðastliðinn. Hundurinn Brúnó og heil ósköp af fjósköttum.

Stærð jarðar? Um 410 ha, þar af 74 ha ræktaðir og um 64 ha af túnum nýttir á öðrum jörðum.

Gerð bús? Blandað bú.

Fjöldi búfjár og tegundir? 24 mjólkurkýr, 130 geldneyti, sauðfé um 250, 5 (flóð) hestar, 1 hani og 24 hænur.



Hvernig gengur hefðbundinn vinnudagur fyrir sig á bænum? Farið í fjós milli 6 og 7, svo koma krakkaskaranum af stað í skólann og fleygja í ærnar. Þórarinn vinnur mikið utan heimilis við alls konar störf, rúllun, skítakstur og afleysingar fyrir bændur svo eitthvað sé nefnt. Indíana vinnur í Landstólpa á Egilsstöðum. Farið í kvöldfjós milli 6 og 8 og kíkt í fjárhúsin (fer eftir því hvenær bóndinn er heima).

Skemmtilegustu/leiðinlegustu bústörfin? Það er ekki til leiðinlegt starf í sveitinni.

Hvernig sjáið þið búskapinn fyrir ykkur á jörðinni eftir fimm ár? Vonandi verður risið nýtt fjós, 2–3 sinnum fleiri kýr og fénu fjölgað.

Hvaða skoðun hafið þið á félagsmálum bænda? Teljum að það megi gera talsvert betur í þeim málum.

Hvernig mun íslenskum landbúnaði vegna í framtíðinni? Vel, ef Viðreisn kemur ekki nálægt landbúnaðarráðuneytinu.

Hvar teljið þið að helstu tækifærin séu í útflutningi íslenskra búvara? Tækifærin eru í lambakjöti og skyri, ef menn halda rétt á spilunum.

Hvað er alltaf til í ísskápnum? Ísskáparnir eru alltaf sneisafullir, enda margir munnar sem þarf að metta.

Hver er vinsælasti maturinn á heimilinu? Reykt kindabjúgu og reykt folaldakjöt.

Eftirminnilegasta atvikið við bústörfin? Þegar vatnsleiðslan í loftinu í nautahúsinu sprakk á nýársdag og 10–15 sentimetrar af vatni var á fóðurganginum sem gefið var vel á kvöldið áður.

20 stiga frost úti og gripirnir rennandi blautir sem þar stóðu næstir.



Matarkrókurinn – Bjarni Gunnar Kristinsson matreiðslumeistari

Graskersbrauð með rósmarínsalti og flatbrauð með osti

Góð leið til að nýta graskerskjöt úr graskeri, sem til dæmis hefur verið notað til skreytinga fyrir hrekkjavökuveislu, er að baka graskersbrauð með rósmarínsalti.



Graskerbrauð með rósmarínsalti

- 1 bolli (220 g) af hveiti
- ½ bolli púðursykur
- ½ bolli sykur
- ¾ tsk lyftiduft
- 1 ½ tsk brúnkökukrydd eða blanda af negul, kanil, engifer og smá múskati
- ½ tsk salt
- 2 stór egg
- 2 msk hlynsíróp
- 1 bolli niðursoðið graskersmauk eða bakað mjúkt grasker
- ⅓ bolli jurtaolía
- ½ bolli ristaðar pekan- eða kasjúhnetur

Fyrir rósmarínsalt:

- 1 tsk flögusalt
- 1/4 tsk saxað, ferskt rósmarín

Aðferð

Hitið ofninn í 180 gráður. Smyrjið form. Í stórri skál skaltu þeyta saman hveiti, púðursykri, sykri, lyftidufti, brúnkökukryddi og salti.

Blandið saman eggjum, hlynsírópi, graskeri og olíu í miðlungsstórri skál. Blandið því svo saman við hveitiblönduna.

Hrærið vel með spaða, skrapaðu hliðina og botninn á skálinni til að tryggja að öll innihaldsefnin séu blönduð saman. Hrærið í hnetum og hellið í smurt form. Blandið saman salti og söxuðu rósmaríni, nuddið saltið með fingurgómunum til að losa olíurnar í rósmarínunu.

Stráið um 1/2 teskeið af rósmarínsalti yfir. Bakið í 40 til 45 mínútur þar til hnífur, sem er stungið í miðju brauðsins, kemur út hrein og með engar leifar af blautu deigi á sér. Kælið alveg áður en það er tekið af pönnu – og borðað.



Kjúklingasalat með bökuðu graskeri

- 300 g eldaður kjúklingur
- 200 g grasker, flysjað og eldað í ofni þar til það er mjúkt, um 30 mín.
- 3 msk majónes
- 3 msk sýrður rjómi
- 1 tsk dijon sinnep
- 1 tsk hvítvínsedik
- 1/2 tsk sykur
- salt og pipar eftir smekk

Aðferð

Skerið bakað graskerið í 3–4 cm löng stykki. Eða takið kjötið úr með skeið.

Blandið elduðu kjúklingakjöti, sýrðum rjóma, dijon, edik og sykri í skál. Kryddið til með salti og pipar eftir þörfum.

Framreiðið salatið á graskersbrauði eða í bökuðu graskeri og brauðið til hliðar með vel af köldu smjöri.

Flatbrauð með osti og gulrótum

- 500 g af hveiti
- 100 g af fljótandi súrdeigi (eða 25 g þurr geri)
- 10 g salt
- 320 g af vatni við 20 gráður
- 30 g af ólífuolíu + til að strá yfir deigið fyrir bakstur
- 200 g rifnar gulrætur eða það sem verður eftir í safapressuna við safagerð
- 100 g rifinn ostur að eigin vali

Aðferð

Hrærið hveiti, vatni, súrdeigi (eða þurrgeri), og salti í hræri- eða matvinnsluvél.

Blandið í 5 mínútur á hægum hraða, og í 10 mínútur á miklum hraða.

Þegar um þrjár mínútur eru eftir af vinnslutímanum er olíu bætt við. Þegar búið er að vinna deigið saman er rifnum gulrótum bætt við.

Gerið tvo bolta og setjið rakan klút yfir þá. Látið standa og hefast í tvær klukkustundir við stofuhita. Stráið hveiti á borðplötuna. Skiptið deiginu í fjögur stykki (um það bil 300 g hverja kúlu) og fletjið deigið út. Látið hefast í 15 mínútur undir klút, setjið á smjörpappír og stráið rifnum osti yfir og ögn af ólífuolíu.

Forhitið ofninn í 235 gráður og setjið kúlurnar á bökunarplötu. Hellið 50 ml af vatni í botninn á ofninum rétt áður en bakað er. Eldið í fjórar mínútur, lækkið síðan hitastigið í 220 gráður og bakið áfram í níu mínútur.

Takið brauðið úr ofninum og látið það kólna fyrir framreiðslu.


HANNYRÐAHORNIÐ


Húfa og trefill frá DROPS Design

Það er fátt betra þegar fyrsti snjórinn kemur en að vera tilbúin með fallega húfu og trefil í stíl.

Fara út í myrkrið og kuldann á morgnana í dásamlegu setti sem hæfir veðri.

Settið samanstendur af: Húfu og kraga með köðlum og áferðamynstri, prjónað ofan frá og niður. Stærð S – L. Settið er prjónað úr DROPS Puna.





1 umferð slétt og 1 umferð brugðin, endurtakið frá *-*.

MYNSTUR:

Húfa: Sjá mynsturteikningu A.1 til A.3.

Kragi: Sjá mynsturteikningu A.1 og A.2.

ÚRTAKA/ÚTAUKNING (jafnt yfir):

Til þess að reikna út hvernig fjölga eigi jafnt í umferð, teljið fjölda lykkja í umferð (t.d. 48 lykkjur), deilið þessum lykkjufjölda með fjölda útaukninga sem á að gera (t.d. 42) = 1,1. Í þessu dæmi þá er aukið út á eftir ca hverri lykkju með því að slá uppá prjóninn. Í næstu umferð er uppsláttur prjónaður snúinn svo að ekki myndist gat.

ÚRTAKA (jafnt yfir):

Til þess að reikna út hvernig fækka eigi jafnt í umferð, teljið fjölda lykkja í umferð (t.d. 120 lykkjur), deilið þessum lykkjufjölda með fjölda úrtöku sem á að gera (t.d. 18) = 6,6. Í þessu dæmi þá eru prjónaðar til skiptis ca 5. og 6. hver lykkja og 6. og 7. hver lykkja slétt saman.

HÚFA:

Húfan er prjónuð í hring ofan frá og niður á sokkaprjóna/stuttan hringprjón.

BÁÐAR STÆRÐIR:

Fitjið upp 12 lykkjur á hringprjón 4 með Puna. ATH: Skiljið eftir ca 30 cm enda til að draga húfuna saman í lokin!

UMFERÐ 1: Prjónið slétt.

UMFERÐ 2: * 1 lykkja slétt, sláið 1 sinni uppá prjóninn *, prjónið frá *-* hringinn = 24 lykkjur.

UMFERÐ 3: * 1 lykkja slétt, prjónið uppsláttinn snúinn brugðinn, sláið 1 sinni uppá prjóninn *, prjónið frá *-* hringinn = 36 lykkjur.

UMFERÐ 4: * 1 lykkja slétt, 1 lykkja brugðin, prjónið uppsláttinn snúinn brugðinn, sláið 1 sinni uppá prjóninn *, prjónið frá *-* = 48 lykkjur.

UMFERÐ 5: * 1 lykkja slétt, 2 lykkjur brugðnar, prjónið uppsláttinn snúinn brugðinn *, prjónið frá *-*.

UMFERÐ 6: * 1 lykkja slétt, 3 lykkjur brugðnar *, prjónið frá *-*.

UMFERÐ 7-8: Prjónið sléttar lykkjur yfir sléttar lykkjur og brugðnar lykkjur yfir brugðnar lykkjur. Prjónið 4 umferðir GARÐAPRJÓN – sjá útskýringu að ofan. Prjónið 1 umferð slétt þar sem aukið er út um 42 lykkjur jafnt yfir – lesið ÚTAUKNING (jafnt yfir) = 90 lykkjur (í næstu umferð er uppsláttur prjónaður snúinn brugðinn). ATHUGIÐ PRJÓNFESTUNA! Prjónið nú A.1 (= 15 mynstureiningar með 6 lykkjum). Þegar allt A.1 hefur verið prjónað til loka á hæðina eru 120 lykkjur í umferð.

Prjónið 4 umferðir garðaprjón þar sem fækkað er um 18-14 lykkjur jafnt yfir í 1. umferð í garðaprjóni – lesið ÚRTAKA (jafnt yfir) = 102-106 lykkjur. Prjónið 3 umferðir slétt. Prjónið nú A.2a (= 51-53 mynstureiningar með 2 lykkjum) 3-4 sinnum á hæðina. Prjónið nú A.2b yfir hverja mynstureiningu A.2a 1-1 sinnum á hæðina. Prjónið 4 umferðir garðaprjón. Prjónið 1 umferð slétt þar sem aukið er út um 24-26 lykkjur jafnt yfir = 126-132 lykkjur. Prjónið A.3 (= 21-22 mynstureiningar með 6 lykkjum) í kringum umferð. Þegar A.3 hefur verið prjónað til loka á hæðina, prjónið 4 umferðir garðaprjón þar sem fækkað er um 12-12 lykkjur jafnt yfir í 1. umferð í garðaprjóni = 114-120 lykkjur. Prjónið 1 umferð slétt. Skiptið yfir á hringprjón 3,5. Prjónið síðan stroff (1 lykkja slétt, 2 lykkjur brugðnar). Þegar prjónaðar hafa verið 12 umferðir stroff er fellt af með sléttum lykkjum yfir sléttar lykkjur og brugðnum lykkjum yfir brugðnar lykkjur. Klippið frá og festið enda. Húfan mælist ca 27-28 cm. Dragið toppinn saman á húfunni með því að þræða endann upp og niður í lykkjurnar eina og eina, herðið að, festið enda.

KRAGI:

Kraginn er prjónaður í hring, ofan frá og niður.

Fitjið upp 153-162 lykkjur á hringprjón 3,5 með Puna. Prjónið 1 umferð brugðna frá röngu. Snúið stykkinu og prjónið síðan í hring frá réttu þannig: Prjónið stroff (1 lykkja slétt, 2 lykkjur brugðnar) hringinn. Þegar prjónaðar hafa verið 6 umferðir með stroffi er skipt yfir á hringprjón 4. Prjónið 1 umferð slétt þar sem fækkað er um 33-34 lykkjur jafnt yfir – lesið ÚRTAKA (jafnt yfir) = 120-128 lykkjur. Prjónið 4 umferðir GARÐAPRJÓN – sjá útskýringu að ofan. Prjónið 3 sléttar umferðir. ATHUGIÐ PRJÓNFESTUNA! Prjónið nú A.2a (= 60-64 mynstureiningar með 2 lykkjum) alls 9-11 sinnum á hæðina. Prjónið A.2b yfir hverja mynstureiningu A.2a. Prjónið 4 umferðir garðaprjón, JAFNFRAMT í 3. umferð er aukið út um 24-28 lykkjur jafnt yfir – lesið ÚTAUKNING (jafnt yfir) = 144-156 lykkjur. Prjónið nú mynstur A.1 (= 24-26 mynstureiningar með 6 lykkjum). Þegar öll mynstureining A.1 hefur verið prjónuð til loka á hæðina eru 192-208 lykkjur í umferð. Prjónið 4 umferðir garðaprjón. Prjónið 1 umferð slétt og fækkið um 0-1 lykkju jafnt yfir = 192-207 lykkjur. Skiptið yfir á hringprjón 3,5. Prjónið stroff (1 lykkja slétt, 2 lykkjur brugðnar). Þegar prjónaðar hafa verið 4 umferðir með stroffi eru allar 2 lykkjur brugðnar auknar út til 3 lykkjur brugðnar = 256-276 lykkjur. Þegar prjónaðar hafa verið alls 6 umferðir með stroffi er fellt af með sléttum lykkjum yfir sléttar lykkjur og brugðnum lykkjum yfir brugðnar lykkjur. Klippið frá og festið enda. Kraginn mælist ca 24-26 cm á hæðina.

Kveðja, stelpurnar í Gallery Spuna.

DROPS Design: Mynstur 182-8 (hægt að prenta út beint af síðu garnstudio.com)

Í allt settið þarf um 200 g í báðar stærðir DROPS Puna.

HÚFA:

Stærð: S/M - M/L

Höfuðmál: ca 54/56 - 56/58 cm

Efni:

DROPS PUNA frá Garnstudio (tilheyrir garnflokki B).

100 g í báðar stærðir litur 10, bleikfjólublár.

Einnig er hægt að prjóna stykkið með garni frá: "Garnmöguleiki (Garnflokkur B)" – sjá tengil að neðan.

DROPS SOKKAPRJÓNAR OG HRINGPRJÓNAR (40 cm) NR 4 – eða þá stærð sem þarf til að 21 lykkja og 28 umferðir með sléttprjóni verði 10 cm á breidd og 10 cm á hæð.

DROPS HRINGPRJÓNAR (40 cm) NR 3,5 – eða þá stærð sem þarf til að 22 lykkjur og 30 umferðir með sléttprjóni verði 10 cm á breidd og 10 cm á hæð.

KRAGI:

Stærð: S/M - M/L

Mál: Ummál að ofan: 57-61 cm. Ummál að neðan: ca 84-91 cm. Hæð: 24-26 cm.

Efni:

DROPS PUNA frá Garnstudio (tilheyrir garnflokki B)

150 g í báðum stærðum litur 10, bleikfjólublár

Einnig er hægt að prjóna stykkið með garni frá: "Garnmöguleiki (Garnflokkur B)" – sjá tengil að neðan.

DROPS HRINGPRJÓNAR: (60 cm) NR 4 – eða þá stærð sem þarf til að 21 lykkja og 28 umferðir með sléttprjóni verði 10 cm á breidd og 10 cm á hæð. Og (60 cm) NR 3,5 fyrir stroff – eða þá stærð sem þarf til að 22 lykkjur og 30 umferðir með sléttprjóni verði 10 cm á breidd og 10 cm á hæð.

UPPLÝSINGAR FYRIR MYNSTUR:

GARÐAPRJÓN (prjónað í hring):



Létt

3			4		9	2		6
9		8	7				1	3
			6	8		7		5
	1		9	6			5	
7	5			3			4	9
	8			5	7		6	
5		2		7	1			
6	3				2	9		8
8		7	3		6			1

Miðlungs

9	4	1					6	
				6	2	3		
2					1	7		8
	1		7	5		8	3	
		4	8		9	6		
	7	9		1	3		2	
5		8	4					2
		3	1	7				
	6					4	5	3

Þung

				6			8	2
							4	7
		1			4	6		
7		3	5					
9				7				6
					1	4		3
		9	8			5		
2	4							
6	7			9				

Þyngst

	6						9	
	1	7	4		9			3
			6	3				5
			5			8		9
	5						2	
4		6			2			
7				4	6			
2			7		8	6	5	
	4						1	

Sudoku

Galdurinn við Sudoku-þrautirnar er að setja réttar tölur, frá 1–9, í eyðurnar. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar í línu lárétt og lóðrétt og heldur ekki innan hvers reits sem afmarkaður er af sverari línum.

FÓLKIÐ SEM ERFIR LANDIÐ

Barngóð og mikill dýravinur

Dagbjört Nótt er lífsglöð og kát sveitastelpa á Melrakkasléttu.

Henni finnst gaman að leika við vini sína og syngja. Hún er mikill dýravinur og mjög barngóð. Hún er alveg einstaklega náin litlu systur sinni og mjög dugleg að aðstoða með hana.



Nafn: Dagbjört Nótt Jónsdóttir.

Aldur: 13 ára þann 28. desember.

Stjörnumerki: Steingeit.

Búseta: Reistarnesi á Melrakkasléttu.

Skóli: Öxarfjarðarskóli.

Hvað finnst þér skemmtilegast í skólanum? Íþróttir.

Hvert er uppáhaldsdýrið þitt? Köttur, skjaldbaka, mörgæs, gíraffi og lamadýr.

Uppáhaldsmatur: Núðlur.

Uppáhaldshljómsveit: Little Mix og One direction.

Uppáhaldskvikmynd: Hunger games.

Fyrsta minning þín? Þegar ég og besta vinkona mín vorum svona 6 ára og stálumst í nammi heima hjá mér og ákváðum að henda því í ruslið inni hjá litla bróður mínum. Svo að ef mamma eða pabbi myndu finna það myndu þau halda að það hefði verið Bergsteinn (litli bróðir) sem hefði stolist í nammið.

Ætlar þú íþróttir eða spilarðu á hljóðfæri? Ég æfi söng og frjálsar íþróttir.

Hvað ætlar þú að verða þegar þú verður stór? Íþróttakennari eða söngkennari.

Hvað er það klikkaðasta sem þú hefur gert? Klifrað upp á þak á húsi, ég er svo lofthrædd.

Gerðir þú eitthvað skemmtilegt í sumar? Ég fór til Tenerife með mömmu, Jónínu (stóru systur) og Bergsteini og svo fórum við öll fjölskyldan í ferðalag um Vestfirðina.

Næst » Dagbjört Nótt skorar á Ingvar Örn Tryggvason til að svara næst.

LESENDABÁS

Bændur og kaup á raforku

Við erum sauðfjárbændur á bænum Miðdal í Skagafirði og eins og allflestir í okkar geira erum við stöðugt með augun opin hvar sé hægt að hagræða fyrir búið. Það kom okkur því skemmtilega á óvart þegar við fengum spurninguna „má ég bjóða ykkur að fá tilboð í raforkunotkunina ykkar?“ frá Orkusölunni.

Við höfum alla tíð greitt uppsett verð fyrir okkar rafmagnsnotkun. Fyrir einhverju síðan hættum við að fá einn reikning (Rarik) og fórum að fá tvo reikninga (Rarik og Orkusalan). Við gerðum okkur ekki grein fyrir því að reikningurinn sem við fáum frá Orkusölunni sé ekki skyldugreiðsla eins og rafmagnsreikningarnir höfðu alltaf verið, heldur ríki samkeppni í sölu á rafmagni og það sé hægt að velja af hvaða fyrirtæki maður kaupir raforku.

Fyrir kunningsskap ákváðum við að skipta um raforkusala í sumar með okkar ársnotkun upp á um 100.000 kWst. Samkvæmt gjaldskrá Orkusölunnar vorum við að greiða 7,39 kr/kWst, eða um 740.000 kr á ári.


En eftir að búið var að tilkynna söluaðilaskiptin byrjaði ballið – við fengum símtal stuttu seinna frá þjónustufulltrúa hjá Orkusölunni sem vildi endilega fá okkur aftur yfir í viðskipti og var til í að bjóða okkur 15% afslátt af verðskrá OG fyrsta mánuðinn frían. Það væri að skila okkur lækkun til næstu 12 mánaða upp á u.þ.b. 172.000 krónur!

Þá komum við að stóru spurningunni: Af hverju voru þessi kjör ekki í boði fyrr en eftir að hafa skipt um raforkusala? Af hverju er ríkisfyrirtæki að mismuna sínum tryggu viðskiptavinum með þessum hætti og leggja svo á vöruna að það er hægt að bjóða jafngildi 22% afsláttar og bara ef þú ákveður að hætta viðskiptum?

Mér er einnig kunnugt um að fjölmargir aðrir fyrrum viðskiptavinir Orkusölunnar fái sambærileg símtöl og við fengum og hvet alla raforkukaupendur Orkusölunnar að skipta um raforkusala til að fá tilboð um sambærileg kjör og okkur eru boðin.

Nú sem aldrei fyrr verðum við sauðfjárbændur að leita allra leiða til að hagræða í okkar rekstri og er þetta eitt lóð á vogarskálarnar í þeim efnum. Eftir þessi samskipti okkar við orkusala þessa lands fannst okkur ekki annað hægt en að deila reynslunni með ykkur og hvetja alla bændur til að hagræða hjá sér. Því með því að vera meðvituð um þennan möguleika og nýta sér hann, eykur það samkeppnina á þessum markaði og vonandi hvatning til raforkusala til að gera enn betur.

Með baráttukveðjum
Ástþór og Svana
sauðjárbændur í Miðdal í Skagafirði



Skemmtilegt meðan á því stóð

Fyrir nokkrum árum gekk ég í Fjárvís.Vissi ekki á þeim tíma að fleiri en starfandi bændur ættu kost á að færa skýrsluhald þar. En góðir vinir og miklir spekúlantar í ættum sauðfjár, hvöttu mig til að fara með mínar örfáu hobbíkindur þarna inn sem ég og gerði.

Hef ég haft af bæði gagn og gaman. Einnig hafa þeir sem gáfaðri eru en ég í sauðfjárrækt, sagt mér að best væri ef allir fjáreigendur á landinu væru þarna inni, þá yrði nánast ekkert til af ættlausu fé og allar ættfræðifærslur skilvirkari. En nú er skipt um og skítur gefinn. Bændasamtökin hafa greinilega tekið þá ákvörðun að losa sig við okkur sem ekki erum félagsmenn í þeirra samtökum.

Það er að sjálfsögðu þeirra mál en aðferðin sem notuð er finnst mér siðlaus. Ég á 11 kindur. Árgjald Fjárvís,sem innheimt hefur verið að vorlagi frá því að ég gerðist félagsmaður, var árið 2016, 7.150 krónur. Nú í októberbyrjun kemur árgjald 2017 inn í heimabanka. Hjá mér er það 24.580 krónur, eða 2.234 krónur á kind. Nú vil ég taka það skýrt fram að ég hef ekkert á móti einhverjum hækkunum en ríflega þreföld hækkun sem hent er fyrirvaralaust í hausinn á manni þegar árið er að verða búið finnst mér ruddaskapur. Úr því sem komið var hefði kannski verið eðlilegra að framkvæma þennan gjörning um áramót og gefa fólki kost á að hætta þá ef það vildi ekki borga þessa blóðpeninga.

Ekki veit ég hversu margir eru þarna inni á sömu forsendum og ég en miðað við afurðaskýrslur í Fjárvís, sem öllum eru aðgengilegar, virðist mér það vera nokkur fjöldi fólks. En takk fyrir mig. Þetta var skemmtilegt meðan á því stóð. Kýs frekar að kaupa fóðurbæti fyrir þessar krónur, handa mínum prinsessum, árið 2018 en að eyða þeim í árgjald Fjárvís.

Kristín Benediktsdóttir
Kirkjubraut 56
Höfn

Styrkjum íslenskan landbúnað

Hef verið hugsi um íslenskan landbúnað og ritað nokkrar línur til umhugsunar.

Íslenskar landbúnaðarafurðir eru með hreinustu afurðum heims.

Fáir velta fyrir sér upprunalandi innfluttra matvæla og hvernig framleiðslan þar fer fram með tilliti til lyfja, dýravelferðar og annarra sjúkdóma sem Ísland er laust við.

